**KRISTLEIFUR DAÐASON**

*Á happagleraugu sannleikans*

Tíska Heilsa Heimili

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**GOTT Á GRILLIÐ**

*Grillað fyrir grænmetisætur*

Sérblað um grill og grillmat

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. maí 2007 — 140. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Tíu skráðir á Íslandi



Fimmtíu ár eru frá því fyrsti Trabantinn rann af færibandinu í Austur-Þýskalandi.

**TÍMAMÓT 34**

### Svanasöngur Sparrow



Þriðja og síðasta myndin um sjóræningjann Jack Sparrow í Pirates of the Caribbean kemur loks fyrir augu Íslendinga.

**KVIKMYNDIR 42**

### Maðurinn eða flokkurinn?

„Stjórn Bush hefur innleitt pyntingar á stríðsföngum, hún hefur rekið saksóknara og raðað óhæfum flokksmönnum í mikilvæg störf," skrifar Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 28**

### Rúnar kominn heim



Rúnar Kristinsson flaug heim frá Belgíu í gær og mætti svo beint á sína fyrstu æfingu með KR.

**ÍÞRÓTTIR 54**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓKOMA EÐA SLYDDA** - Í dag verður yfirleitt norðlæg átt 5-15 m/s, hvassast norðvestan og vestan til. Snjókoma eða slydda nyrðra en úrkomulítið syðra þegar kemur fram á morguninn. Hiti 0-9 stig, mildast suðaustan til.

**VEÐUR 4**



**AC MILAN EVRÓPUMEISTARI** Hinn brasilíski Kaka, leikmaður ítalska liðsins AC Milan, lyftir hér Evrópumeistarabikarnum á loft eftir að hans menn báru sigurorð af Liverpool í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í gær, 2-1. Filippo Inzaghi, til hægri á myndinni, skoraði bæði mörk Milan-manna en Dirk Kuyt minnkaði muninn fyrir Liverpool skömmu fyrir leikslok. Milan stillti upp elsta byrjunarliði liðs í úrslitaleik frá upphafi Evrópukeppninnar – meðalaldurinn var rétt rúm 31 ár. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Telja sáttmálann loðinn og óljósan

**Stjórnarandstaðan segir stefnuyfirlýsingu nýju ríkisstjórnarinnar óljósa. Nýfrjálshyggju-hægrikratísk stjórn, segir formaður Vinstri grænna. Vænti góðs samstarfs við ríkisstjórnina, segir framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.**

**STJÓRNMÁL** Stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var kynnt í gær. Málefni yngstu og elstu kynslóðanna eru sett í forgang og stöðugleiki í efnahagslífinu sagður eitt brýnasta verkefnið. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna; Framsóknarflokks, Frjálslynda flokksins og Vinstri grænna, eru ekki á eitt sáttir með yfirlýsinguna.

„Það er margt fallega sagt þarna, og örugglega vel meint, en það vekur athygli hvað þetta er almennt orðað," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann kallar stjórnina nýfrjálshyggju-hægrikratíska.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að sumu leyti ágætis stefnumótun í sáttmálanum en orðalagið sé loðið. Hann kveðst mjög ósáttur við kaflann um sjávarútvegsmál en fagnar því ef taka eigi á skattamálum með tilliti til lágtekjufólks.

„Það er ljóst að hér hafa báðir stjórnarflokkarnir lagst á sína hægri hlið," segir Guðni Ágústsson, nýr formaður Framsóknarflokksins. „Ég geri mér ljóst að hér eru miklar breytingar í aðsigi á mörgum sviðum og margt óunnið í bakherbergjum sem gæti orðið átakamál milli flokkanna."

Forsvarsmenn hagsmunasamtaka, sem rætt var við, segjast flestir tiltölulega ánægðir með stefnuyfirlýsinguna.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, væntir góðs samstarfs við ríkisstjórnina og bindur vonir við að hún nái vel saman. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, fagnar því að kallað sé eftir samráði varðandi atvinnulíf.

„Mér líst vel á það sem almennt er skrifað um efnahagsstjórn og atvinnulífið, skattaumhverfið og ríkisreksturinn," segir Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna. - sþs / sjá síðu 4 og 18

Kjarnorkumálastofnunin:

## Íranar hundsa enn kröfur SÞ

**VÍN, AP** Alþjóðakjarnorkumálastofnunin segir í nýrri skýrslu að Íranar hundsi tilmæli Sameinuðu þjóðanna um að láta af auðgun úrans. Þvert á móti vindi kjarnorkuáætlun þeirra óðum fram og Íranar komi í veg fyrir alþjóðlegt eftirlit með tilraununum.

Talsmaður Hvíta hússins tilkynnti fljótlega eftir að skýrslan var kunngerð að nú yrði unnið að „næstu skrefum" í deilunni. Íranar væru með þessu að einangra sig á alþjóðavísu.

Skýrslan eykur líkur á frekari refsiaðgerðum SÞ gegn Íran. - kóþ

Tengdafeðgar á þing:

## Þeir fyrstu í 55 ár

**ALÞINGI Einar Oddur Kristjánsson og tengdasonur hans, Illugi Gunnarsson, eru fyrstu tengdafeðgarnir til að setjast saman á þing í meira en hálfa öld. Að sögn Helga Bernódussonar, skrifstofustjóra Alþingis, gerðist það síðast þegar þeir Ásgeir Ásgeirsson og Gunnar Thoroddsen sátu saman á Alþingi nánast óslitið frá 1934 til 1952. Illugi er í sambúð með dóttur Einars Odds og kveðst hlakka til að fara á þing með tengdaföður sínum. Þeir viðurkenna þó að þrátt fyrir að vera í sama flokki séu þeir ekki alltaf sammála.** - bs / sjá síðu 16.

Guðjón Hafþór Ólafsson:

## Leikstýrir Bowie og Roger Moore

**KVIKMYNDIR** „Ég hef lengi stefnt að því að leikstýra bíómynd. Jú, þetta er mín fyrsta," segir kvikmyndagerðarmaðurinn Guðjón Hafþór Ólafsson. Hann býr sig nú undir að leikstýra ævintýramynd en í henni leika stórstjörnur á borð við Roger Moore og David Bowie.

Myndin heitir Cornelius Fly og fjallar um breskan dreng sem missir foreldra sína. Bowie leikur gráðugan náunga sem vill fá forræði yfir drengnum en Moore leikur dómara í myndinni. - jbg / sjá síðu 58


Veistu hvert þú átt að leita?



Himinn og haf / SÍA

island.is

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu



## SPURNING DAGSINS



*Eiríkur, heldurðu að þú eigir eftir að enda í klefa með Lalla?*

„Nei, ég tel engar líkur á því.“

Öryrkjabandalag Íslands hefur kært auglýsingastofuna Himin og haf fyrir auglýsingar Öryggismiðstöðvarinnar með Lalla Johns í aðalhlutverki. Eiríkur Stefánsson er framkvæmdastjóri Himins og hafs.

Þrjár leiðir til flutnings rafmagns til fyrirhugaðs álvers í Helguvík í athugun:

# Mögulega flutt um sæstreng

**IÐNAÐUR** Til greina kemur að flytja rafmagn til fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík á Suðurnesjum um sæstreng.

Er þá horft til þess að strengurinn lægi annaðhvort frá Fitjum eða Vogum til Helguvíkur.

Aðrir möguleikar sem eru til athugunar eru jarðstrengur milli Keflavíkurflugvallar og byggðar í Reykjanesbæ og línustæði umhverfis Keflavíkurflugvöll.

Landsnet annast skoðun á línuleiðum til álversins og liggur fyrir að lagðar verða tvær línur með að minnsta kosti 700 MVA flutningsgetu að álverinu.

Í frummatsskýrslu álversins segir að ekki sé að fullu ljóst hver endanleg orkuþörf álversins verður né hvaðan orka mun koma. Þó er í skýrslunni gert ráð fyrir að lína komi frá Trölladyngju að tengivirki í Rauðamel á Reykjanesi, önnur muni að líkindum koma úr tengivirki við Hafnarfjörð og fylgja Suðurnesjalínu meðfram Reykjanesbraut og sú þriðja liggi frá Reykjanesvirkjun í tengivirkið í Rauðamel.

Landsnet fjallar nánar um línuleiðirnar samhliða mati á umhverfisáhrifum þeirra. Á fyrirtækið nú í viðræðum við sveitarfélög og orkuframleiðendur um mögulegar línuleiðir. - bþs



**RAFLÍNUR** Þrjár leiðir til flutnings orku til álvers í Helguvík eru í skoðun.

Maður játar tvær líkamsárásir:

# Skallaði einn og kýldi annan

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður játaði sök á tveimur líkamsárásum við þingfestingu ákærunnar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Annars vegar skallaði hann ungan mann í andlitið í október 2005, með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði, skarst á höku og braut framtennur. Sá krefst rúmra 600 þúsund króna í bætur.

Hins vegar sló hann mann á sextugsaldri nokkrum sinnum í andlitið fyrir utan heimili sitt í september í fyrra, með þeim afleiðingum að tennur í manninum brotnuðu og hann hrufladist og marðist í framan. Hann krefst yfir 700 þúsund króna í bætur. - sh

Útlaginn Berezovsky:

# Lugovoi sennilega í lífshættu

**LONDON, AP** Rússneski auðkýfingurinn Boris Berezovsky, sem er í útlegð í London, segir að líf Andreis Lugovois, Rússans sem grunaður er um morðið á Alexander Litvinenko í London í vetur, geti verið í hættu vegna þess hve mikið hann veit um málsatvik.



**BORIS BEREZOVSKY**

Berezovsky fullyrðir að Litvinenko hafi verið myrtur að undirlagi rússneskra stjórnvalda, og vegna þess að Lugovoi viti hvernig í málinu liggur verði hann hugsanlega „drepinn innan tveggja eða þriggja ára“. - gb

Breyting á Fréttablaðinu:

# Nýjar bíósíður

**Auglýsingar kvikmyndahúsanna í Fréttablaðinu hafa verið teknar til endurskoðunar. Nýtt og breytt útlit kemur lesendum blaðsins fyrir sjónir í dag á blaðsíðu 48. Auglýsingarnar, sem innihalda upplýsingar um sýningartíma kvikmyndahúsanna, hafa jafnan verið efst á opnu í blaðinu.**

**Við þessar breytingar færast þær til vinstri á opnuna. Þetta er gert í samráði við kvikmyndahúsin, með það að markmiði að gera þær aðgengilegri lesendum. Er vonandi að lesendum falli þessi breyting vel í geð.**

## DÓMSMÁL

### Greiði tugi þúsunda í sekt

Tvítugur maður hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið dæmdur til að greiða 82 þúsund krónur í sekt fyrir að hafa verið tekinn með tæp þrjú grömm af amfetamíni og örlítið af kannabisefnum í desember. Maðurinn hefur áður gerst sekur um fíkniefnabrot.

# Tæplega þrjúhundruð börn bíða greiningar

**Bið barna á grunnskólaaldri eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins nálgast nú þrjú ár. Bið leikskólabarna er um tvö ár. Jóhanna Sigurðardóttir, nýr velferðarráðherra, segir biðlista barna meðal forgangsverkefna.**

**VELFERÐARMÁL** „Við erum að tapa miklum tíma því það er mikilvægt að skilgreina fötlun barns sem fyrst þannig að hægt verði að vinna með það á sem farsælastan hátt,“ segir Stefán J. Hreiðarsson, barnalæknir og forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Á þriðja hundrað barna bíða greiningar hjá stöðinni. Bið barna á leikskólaaldri er oft yfir tvö ár en bið barna á grunnskólaaldri nálgast nú þrjú ár. Stefán segir að reynt sé að forgangsraða börnum eftir bestu getu svo þau börn, sem grunur leikur á að búi við alvarlega fötlun, komist sem fyrst að. „Staðan er þó orðin þannig að þriggja ára barn, sem grunur leikur á að sé með einhverfu, þarf að bíða í allt að sex mánuði, þótt það sé í forgang,“ segir Stefán.

Greiningarstöðin skiptist upp í þrjú fagsvið, þau eru fagsvið einhverfu, hreyfi- og skynhamlana og þorskahamlana. Stefán segir ástandið viðunandi hjá þeim sem starfa við greiningar á hreyfihömlunum. Hins vegar hafi mikil fjölgun verið meðal barna á einhverfurófi, þó að ástæður þess séu ekki kunnar. Biðlistar þeirra barna sem grunur leikur á að séu með slíka fötlun lengist því, þótt afar mikilvægt sé að þau hljóti markvissa þjálfun sem fyrst.

„Það er afskaplega erfitt fyrir foreldra að þurfa að bíða með barn mánuðum saman. Oft fær barnið ekki alla þá þjónustu sem það þarfnast og á rétt á meðan beðið er eftir greiningu, jafnvel þótt grunur leiki á hvers kyns sé,“ segir Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Umsjónarfélags einhverfra.

Fréttablaðið greindi frá því í lok apríl, að um 170 börn væru á biðlista Barna- og unglingageðdeildarinnar. Sagði Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir deildarinnar, biðlistann aldrei hafa verið lengri en þá, eða um eitt og hálft ár.

Stefán segist vona að loforð Samfylkingarinnar, um að biðlistum verði eytt, verði efnt sem fyrst.

Jóhanna Sigurðardóttir, verðandi ráðherra velferðarmála, segir biðlista barna og aldraðra algert forgangsverkefni sem tekið verði þó að ekki liggi enn fyrir með hvaða hætti það verði gert.

karen@frettabladid.is



**ÞROSKAFRÁVIK** Mikilvægt þykir að börn fái rétta greiningu sem fyrst. Börn á leikskólaaldri þurfa nú að bíða eftir greiningu í meira en tvö ár. Grunnskólabörn þurfa að bíða í um þrjú ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/MYNDIN ER ÚR SAFNI



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**



**STEFÁN J. HREIÐARSSON**



**ÚR ÁLVERI ALCAN Í STRAUMSVÍK** Stjórn Alcan hefur hafnað yfirtökutilboði Alcoa.

Alcan í viðræðum við BHP:

# Stjórnin hafnar yfirtöku Alcoa

**VIÐSKIPTI Stjórn kanadíska álfyrirtækisins Alcan hafnaði í fyrradag fjandsamlegu yfirtökutilboði bandaríska álrisans Alcoa í félagið upp á 33 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 2.100 milljarða íslenskra króna. Það stjórn félagsins hlutbréfa að hafna því líka.**

**Tilboð Alcoa, sem gert var hluthöfum í byrjun maí, hljóðar upp á 73,25 dali á hlut. Gengið hefur hækkað um 37 prósent síðan þá. Þar af hækkaði það um 3,04 prósent í gær eftir að kanadíska blaðið Globe and Mail sagði Alcan í viðræðum við BHP Biliton, stærsta námafélag í heimi, til að tryggja sig gegn yfirtökutilboðinu.** - jab

Slysið í Sundlaug Kópavogs:

# Ekkert ljóst um atburðarásina

**SLYS** Drengurinn sem fannst meðvitundarlaus á botni sundlaugarinnar í Kópavogi hinn 26. apríl síðastliðinn, liggur enn þungt haldinn á barnadeild Landspítalans. Hann losnaði úr öndunarvél í síðustu viku en hefur að sögn læknis ekki komið til meðvitundar.

Rannsókn slyssins er á lokastigi og teknar hafa verið skýrslur af fjölda manns, bæði starfsmönnum laugarinnar og skólafélögum piltsins. Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að ekkert sé hægt að fullyrða um atburðarásina að svo stöddu og telur að atvikið verði flokkað sem slys. - þo


BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY
Nýskr. 07.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar kynnt á Þingvöllum í gær:

# Stóriðjustopp ekki í kortunum

**STJÓRNMÁL** Ekkert í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar gefur til kynna að frekari stóriðjuframkvæmdum verði frestað næstu árin, eins og Samfylkingin hafði á stefnuskrá sinni.

Formenn stjórnarflokkanna kynntu yfirlýsinguna og svöruðu spurningum fjölmiðla í sumarbústað forsætisráðherra á Þingvöllum í gær.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði stóriðjustopp ekki á dagskrá samkvæmt stefnuyfirlýsingunni. „Það segir að það skuli farið í slíkar framkvæmdir í samræmi við markmið okkar hagstjórnar um að tryggja lága verðbólgu og lágt vaxtastig. Við munum reyna að sjá til þess að hægt sé að halda bæði stórframkvæmdum og skattkerfisbreytingum og öðrum slíkum aðgerðum innan þess ramma.“

Ingibjörg sagði að stefnt sé á að klára rammaáætlun fyrir lok árs 2009, og hún verði svo grundvöllur allra ákvarðana um nýtingu eða verndun.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að stefnt væri að því að flýta rammaáætluninni, þangað til verði ekki farið inn á óröskuð svæði nema þegar liggi fyrir annaðhvort rannsóknar- eða nýtingarleyfi. „Við erum ekki að beita stjórnvaldsaðgerðum til þess að stöðva orkufyrirtæki í því sem í gangi er nú þegar, en það verður svo að koma í ljós hvernig þá rúmast innan þess sem hagkerfið leyfir,“ sagði Geir. - bj



**Á ÞINGVÖLLUM** Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skrifuðu undir og handsöluðu stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar á Þingvöllum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




ALLT FYRIR
# FERÐALAGIÐ
Í SMÁRALIND

Í Smáralind færðu allt sem þarf til að ferðalagið heppnist vel og verði skemmtilegt, hvort sem það er fatnaður, matur eða ferðabúnaður.

Komdu í Smáralind áður en þú leggur í hann og búðu þig undir góða ferð.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM27928

## GENGIÐ 23.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,95 | 62,25 |
| Sterlingspund | 122,76 | 123,36 |
| Evra | 83,28 | 83,74 |
| Dönsk króna | 11,172 | 11,238 |
| Norsk króna | 10,248 | 10,308 |
| Sænsk króna | 9,057 | 9,111 |
| Japanskt jen | 0,5086 | 0,5116 |
| SDR | 93,7 | 94,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,2292

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**KRISTJANÍA** Íbúarnir eiga í deilum við ríkið fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dönsk stjórnvöld ósátt:

# Kristjaníubúar vinna dómsmál

**DANMÖRK** Samkvæmt úrskurði undirréttar í Danmörku mega þrír íbúar í fríríkinu Kristjaníu búa áfram í húsum sínum, þrátt fyrir að dönsk stjórnvöld telji þá ekki hafa heimild til að búa þar. Stjórnvöld eru ósátt og hafa ákveðið að áfrýja dómnum.

Undirrétturinn taldi ekki löglegt að bera íbúana út úr húsunum fyrr en úrskurður væri fallinn í öðru máli fyrir landsrétti, sem snýst um það hvort Kristjaníubúar hafi áunnið sér hefðarrétt til búsetu á svæðinu, sem þýddi að ríkið hefði ekki heimild til að rýma húsin. - gb

Ný getnaðarvörn á markað:

# Til höfuðs tíðum kvenna

**HEILSA Getnaðarvarnarpilla, sem stöðvar blæðingar kvenna og kemur í veg fyrir getnað, verður brátt sett á markað í Bandaríkjunum.**

**Lyfið var samþykkt nýlega af Matvæla- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna. Helmingur kvenna sem tekur pilluna hefur óreglulegar og óvæntar tíðir.**

**Félagsfræðingur einn, sem BBC vitnar í, varar við hugsanlegum og ókunnum langtímaáhrifum pillunnar og minnir á að blæðingar séu eðlilegur hluti lífsins, ekki sjúklegt ástand.** - kóþ

## VIÐBRÖGÐ VIÐ NÝRRI RÍKISSTJÓRN

Formaður Vinstri grænna:

# Fátt handfast í stefnuyfirlýsingu



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Ný stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar verður nýfrjálshyggju-hægrikratísk, segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann boðar harðsnúna stjórnarandstöðu, sér í lagi í umhverfis- og heilbrigðismálum.

„Það er margt fallega sagt þarna, og örugglega vel meint, en það vekur athygli hvað þetta er almennt orðað, hversu fátt er handfast og beinlínis ákveðið," segir Steingrímur um stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar.

Hann segir rýra uppskeru Samfylkingarinnar vekja athygli, bæði hversu lítið hún beri úr býtum við skiptingu ráðuneyta, en ekki síður að flokkurinn hafi gefið eftir í veigamiklum málum í stefnuyfirlýsingunni. Ekkert beri þess hins vegar merki að Sjálfstæðisflokkurinn hafi gefið eftir.

„Ég held að niðurlæging Samfylkingarinnar sé hvað mest í umhverfismálum og Íraksmálinu, en einnig mætti nefna ókeypis tannlækningar barna og að 30 prósent af námslánum breytist í styrk," segir Steingrímur. Hann segir vissulega góð fyrirheit á sviði velferðarmála í yfirlýsingunni, en þau séu almennt orðuð, og Sjálfstæðisflokkurinn sitji á ríkiskassanum. - bj

Formaður Frjálslynda flokksins:

# Sumt ágætt en orðalagið loðið



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

**„Það er að sumu leyti ágætis stefnumótun í sáttmálanum en orðalagið finnst mér frekar loðið," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, um stjórnarsáttmálann sem kynntur var í gær. „Mér finnst svolítið kjöt á beinunum í velferðarkaflanum, hvað varðar kjör aldraða og öryrkja, og skattakaflanum í samræmi við það. Við fögnum því ef menn ætla að taka á skattamálum með tilliti til lág- og millitekjufólks."**

**Hann segist hins vegar mjög ósáttur með sjávarútvegskaflann. „Það stendur nánast ekkert í honum nema að stuðla eigi að stöðugleika, og ef það snýst um að tryggja stöðugleika í kvótakerfinu í dag þá höfnum við þeirri lausn. Það verður að fara að taka á réttarstöðu fólks sem býr í sjávarútvegsplássum."**

**Guðjón segir almennt ágætis stefnumótun að finna víðs vegar í sáttmálanum, en útfærsluna vanti. „Þegar þing verður kallað saman í næstu viku má búast við að stjórnin leggi fram einhver mál. Í stefnuræðu forsætisráðherra mun vonandi birtast betur hvert hún ætlar að stefna."** - sþs

Formaður Framsóknarflokks:

# Margt óunnið í bakherbergjum



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

„Ég geri mér ljóst að hér eru miklar breytingar í aðsigi á mörgum sviðum og margt óunnið í bakherbergjum sem geti orðið átakamál milli flokkanna," sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, þegar hann hafði kynnt sér stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar í gær.

Hann sagði ljóst að báðir stjórnarflokkarnir hafi lagst á sína hægri hlið. Hann óttist að höggva eigi landbúnaðarráðuneytið niður og eyðileggja það, með sameiningu við sjávarútvegsráðuneytið. Ef ráðuneytin verði sameinuð verði landbúnaðurinn að ganga þar inn með jafnræði og fullri virðingu.

Guðni segir Íbúðalánasjóð nú á leið á líknardeild í fjármálaráðuneytinu, og ljóst að það sé fyrsta skrefið í að leggja sjóðinn niður. Einnig sé að vænta mikilla breytinga eftir að Sjálfstæðisflokkurinn tekur við heilbrigðisráðuneytinu.

Þá muni það hafa slæmar afleiðingar fyrir íslenskan landbúnað að færa atvinnuvegaháskólana undir menntamálaráðuneytið, segir Guðni. Eins sé afar óheppilegt að færa skógrækt og landgræðslu undir umhverfisráðuneytið. - bj

Framkvæmdastjóri SA:

# Samstarfið verði gott



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

„Okkur líst vel á þetta og væntum góðs samstarfs við ríkisstjórnina. Ég bind mestar vonir við að ríkisstjórnin nái vel saman, samstarfið verði gott og við náum góðu samstarfi við ríkisstjórnina í heild," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA.

„Við höfum lagt mesta áherslu á að hér yrði góður hagvöxtur og efnahagslegur stöðugleiki og sjáum ekkert í stjórnarsáttmálanum sem á að koma í veg fyrir það þannig að við horfum að því leyti björtum augum til næstu ára."

„Við þurfum að nýta betur einkarekstur og vonum að áform í stjórnarsáttmálanum verði að veruleika." - ghs

Bændasamtökin sátt:

# Fellur vel við stefnu bænda



**HARALDUR BENEDIKTSSON**

**„Ég er þokkalega sáttur við þetta, þetta er það verkefni og sýn sem við höfum haft," segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, um stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.**

**Hann sagði bændur hafa haft þá stefnu að auka atvinnufrelsi og takast á við það verkefni að bæta hag bænda og lækka verð til neytenda, eins og kveðið er á um í sáttmálanum. Það sé raunar kveðið á um slíkt í búvörulögum, og hafi verið frá 1985.**

**Haraldur segir vissulega eftirsjá í Guðna Ágústssyni úr stól landbúnaðarráðherra, en sagðist hlakka til samstarfsins við nýjan ráðherra.** - bj

Forseti ASÍ:

# Fagna að kallað sé eftir samráði



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON**

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, var á þingi evrópsku verkalýðshreyfingarinnar á Spáni í gær og hafði því ekki lesið allan stjórnarsáttmálann en minnti á að samráð hefði verið við ríkisstjórnir varðandi atvinnulíf á undanförnum árum.

„En við hefðum gjarnan viljað sjá það formlegra og markvissara og kallað eftir því þannig að það er fagnaðarefni að þetta skuli vera að finna í stjórnarsáttmála. Síðan verður reynslan að skera úr um hvernig til tekst. Ef samráðið skilar tilætluðum árangri þá er það verulegur ávinningur," segir hann og fagnar því að fjallað sé um annað tækifæri til náms í stjórnarsáttmálanum. - ghs

Framkvæmdastjóri LÍÚ:

# Líst vel á þetta almennt



**FRIÐRIK ARNGRÍMSSON**

**„Það er ekki mikið fjallað um sjávarútvegsmál þó að það sé margt sem snertir okkur annað en það. Mér líst vel á það sem almennt er skrifað um efnahagsstjórn og atvinnulífið, skattaumhverfið og ríkisreksturinn," segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.**

**„Það litla sem er skrifað um sjávarútvegsmál er bara um að tryggja stöðugleika í sjávarútvegi. Ég les út úr þessu að það sé ekki verið að tala um að breyta fyrirkomulagi í sjávarútvegi og þarf það ekki að koma á óvart."** - ghs

Framkvæmdastjóri SI:

# Frjálslynd umbótastjórn



**SVEINN HANNESSON**

„Það er ekki hægt annað en að taka undir að þetta sé frjálslynd umbótastjórn," segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, SI.

„Okkur finnst auðvitað afskaplega gott að sjá áherslu á nýsköpun í atvinnurekstri, aðgerðir til að efla hátækniiðnað og starfsumhverfi sprotafyrirtækja.

Sveinn bendir á að í stjórnarsáttmálanum séu áform um að auka áherslu á menntun og efla rannsóknar- og tækniþróunarsjóði. „Við höfum lagt mikla áherslu á það. Það er gott að sjá líka að menn vilja heilbrigða samkeppni og möguleika í útrás orkufyrirtækja," segir hann. - ghs




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FÆRÐ KANN AÐ SPILLAST !**

Það er nokkuð myndarlegt úrkomusvæðið sem er yfir norðurhelmingi landsins. Þar sem hitinn á heiðum nyrðra og á Vestfjörðum verður mjög nálægt frost-marki má reikna með snjókomu. Þá er vindasamt norðvestan til og því hætt við skaf-renningi. Ég hvet því ferðalanga sem hyggj-ast fara um þessar heiðar til að kanna vel aðstæður áður en lagt er í hann.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðan 5-8 m/s. Skýjað með köflum og úrkomulítið. Hiti 3-6 stig.

## VEÐURSPÁ




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C hálfskýjað | London | 23°C hálfskýjað | Alicante | 27°C heiðskírt |
| Billund | 17°C hálfskýjað | París | 28°C heiðskírt | Mallorca | 25°C léttskýjað |
| Osló | 16°C skúrir | Frankfurt | 28°C hálfskýjað | Basel | 29°C hálfskýj |
| Stokkhólmur | 19°C alskýjað | Friedrichshafen | 26°C skúrir | Eindoven | 24°C heiðskírt |
| Gautaborg | 14°C skúrir | Berlín | 25°C heiðskírt | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Nú er allt hægt hratt
## – á Seltjarnarnesi

Ljósleiðari er fjarskiptatenging framtíðarinnar. Með ljósleiðaratengingu eru möguleikarnir til afþreyingar og fjarskipta næstum endalausir – allt á hraða ljóssins.

Við óskum Seltjarnarnesi til hamingju með að vera fyrsta ljósleiðaravædda sveitarfélagið í heiminum! Þar er nú allt hægt – hratt.



**Kostir ljósleiðarans**

- Margfaldur hraði miðað við ADSL
- Sami nethraði til og frá notanda
- Óþarfi að greiða fyrir símalínu
- Ekkert loftnet, ekkert vesen
- Fjöldi sjónvarpsrása
- Myndleiga
- Sjónvarpið truflar ekki hraða Internetsins
- Ljósleiðarinn ræður við marga myndlykla
- Tilbúinn fyrir háskerpusjónvarp

**Nú eru þúsundir heimila á höfuðborgarsvæðinu tengd með ljósleiðara. Er þitt heimili eitt þeirra?**

Kannaðu málið á gagnaveita.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Til kaupa þjónustu um ljósleiðarann hafið samband við eftirfarandi þjónustuaðila:

digital ísland S. 515 6100
vodafone S. 1414
Hive S. 414 1616
Hringiðan internetþjónusta S. 525 2400

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

**KJÖRKASSINN**




| | |
|---|---|
| JÁ | 52,8 |
| NEI | 47,2 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var auglýsingin með Lalla Johns ósiðleg?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Varnarmálaráðherra Líbanons gefur herskáu samtökunum Fatah íslam úrslitakosti:

# Óttast að átök hefjist að nýju

**LÍBANON, AP** Helmingur af 31.000 íbúum palestínsku flóttamannabúðanna Nahr el-Bared hefur notað tækifærið eftir að lát varð á bardögum stjórnarhersins og herskáu samtakanna Fatah íslam á þriðjudagskvöld og flúið.

Varnarmálaráðherra Líbanon, Elias Murr, gaf í gær liðsmönnum Fatah íslam úrslitakosti, annaðhvort að gefast upp eða horfa fram á hernaðaraðgerðir, sem ýta undir ótta um að stjórnarherinn muni hefja sprengjuárásir á ný bráðlega, eða jafnvel gera skyndiárás inn í búðirnar.

Varaforseti Sýrlands, Farouk al-Sharaa, segir ástæðu þess að Fatah íslam hafi náð fótfestu í Líbanon þá að landið sé „veikt og tvístrað“. Í ræðu sem hann hélt í gær sagði hann að slíkir hópar hefðu til dæmis ekki verið til staðar í Írak fyrir innrásina árið 2003 né hafi þeir verið í Líbanon fyrir fáum árum síðan.



**ÓTTASLEGNIR ÍBÚAR** Meira en fimmtán þúsund íbúar flóttamannabúðanna hafa flúið átökin síðan á þriðjudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Líbanon var áratugum saman undir stjórn nágrannaríkisins Sýrlands þar til vorið 2005 þegar fjöldamótmæli og alþjóðaþrýstingur leiddi til þess að Sýrland dró sig út úr landinu eftir morðið á fyrrverandi forseta Líbanons, Rafik Hariri.

Síðan hefur Líbanon verið klofið á milli valdamikillar stjórnarandstöðu, sem er höll undir Sýrland, og stjórnvalda sem njóta stuðnings Vesturlanda. **- sdg**

Gæsluvarðhald staðfest:

# Grunaður um hrottalega árás

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir manni á þrítugsaldri sem grunaður er um að hafa brotist inn á heimili á uppstigningardag, gengið hrottalega í skrokk á húsráðanda og skilið hann eftir meðvitundarlausan.**

**Fórnarlambið hlaut meðal annars nefbrot og kinnbeinsbrot. Talið er að árásarmaðurinn hafi notað hnúajárn eða barefli við árásina. Maðurinn sem í haldi er neitar sök. Mennirnir eru málkunnugir og mun meintur árásarmaður hafa sakað fórnarlambið um að hafa reynt við kærustuna sína. - sh**

Deilan um Njálsgötu 74:

# Ekki sannfærðir eftir fund með borgarstjóra

**FÉLAGSMÁL** Sigfús Sigmundsson, íbúi við Njálsgötu, segist ekki hafa sannfærst um að heimilislausum karlmönnum eigi að finna heimili í fjölbýlishúsi við Njálsgötu 74, en um það var haldinn opinn fundur íbúa og borgaryfirvalda.

Fundurinn, sem var í fyrradag, hafi þó verið þarfur og jákvætt að fá öll sjónarmið fram.

Borgarstjóri boðaði þá að nefnd skyldi sett á laggirnar og að íbúar hefðu þar tvo fulltrúa. Sigfús segir að borgaryfirvöld hafi í fyrstu ætlað að velja fulltrúa íbúa í þessa nefnd, en því hafi verið hafnað.

„Við ætlum að kalla saman fund og kjósa okkur fulltrúa,“ segir Sigfús. **- kóþ**

**BRETLAND**

## Levy lávarður hættir

Levy lávarður, sendifulltrúi Tonys Blair í Mið-Austurlöndum, mun segja af sér 27. júní næstkomandi, sama dag og Blair segir af sér sem forsætisráðherra. Levy hefur sætt rannsóknum undanfarna mánuði í tengslum við ásakanir um að Verkamannaflokkurinn hafi útvegað auðkýfingum sæti í lávarðadeildinni í skiptum fyrir fjárframlög.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Innbrot í bifreið

Lögreglan í Reykjavík handtók mann um hálfsjöleytið í gærmorgun. Maðurinn er grunaður um innbrot í bifreið í miðborginni.

## Bíll valt í Norðurárdal

Bíll rann út af Vesturlandsvegi í Norðurárdal í gær. Kona, sem var ein á ferð í bílnum, slapp ómeidd. Talið er að hálka hafi valdið slysinu.

# Snjóflóðavarnargarðar sagðir byggðir úr leðju

**Framkvæmdastjóri Suðurverks, sem er gagnrýnt fyrir seinagang við gerð snjóflóðavarnargarða á Siglufirði, segir ástæðu tafanna bleytu í jarðveginum. Verið sé að gera varnargarða úr drullu. Fyrirtækið ábyrgist ekki öryggi garðanna.**

**UMHVERFISMÁL** „Við erum mjög óhress með hægaganginn í þessu. Ásýnd bæjarins er alveg hroðaleg,“ segir Guðmundur Skarphéðinsson, formaður skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar, um framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða ofan við Siglufjörð.

Suðurverk hf. hóf framkvæmdir við garðana vorið 2004 og áttu þær að taka þrjú sumur og ljúka í fyrrahaust. Eins og sést af meðfylgjandi mynd, sem tekin var í ágúst í fyrra, er langt í land. Skipulagsnefndin átelur vinnubrögðin harðlega.

„Þetta hefur verið mjög blautt og vont til vinnslu og okkur hefur ekki tekist að vinna verkið eftir þeim áætlunum sem bæði við og útboðsgögnin gerðu ráð fyrir,“ segir Dofri Eysteinsson, framkvæmdastjóri Suðurverks, og útskýrir að tvö síðustu sumur hafi verið votviðrasöm. Framkvæmdir muni hefjast að nýju eftir hvítasunnuhelgina og verkinu ljúka í haust.

Dofri segir verkið hafa reynst umfangsmeira en útboðsgögnin hafi kveðið á um og reiknar með eftirmálum gagnvart Framkvæmdasýslu ríkisins. „Verkið er gjörsamlega óuppgert. Við eigum eftir að skylmast út af þessum málum,“ segir Dofri sem einnig gagnrýnir efnisval í varnargarðana:

„Þetta er bara ógeðsleg drulla. Út af fyrir sig er undravert að sumt af því skuli vera notað til mannvirkjagerðar ofan við mannabyggð. Þetta er bara blautur jarðvegur sem liggur utan í hlíðinni,“ segir Dofri sem er ekki viss um hvort garðarnir séu tryggir: „Við tökum ekki ábyrgð á því,“ svarar hann.



**SIGLUFJÖRÐUR** Hér sést staða framkvæmdanna við snjóflóðavarnargarðana í ágúst í fyrra. Vinna lá niðri í vetur en hefst aftur í lok maí. MYND/RAGNAR MIKK

> „Þessi umgengni og hvernig menn standa að þessu verki er einfaldlega óþolandi.“
>
> **GUÐMUNDUR SKARPHÉÐINSSON,** FORMAÐUR SKIPULAGS- OG UMHVERFISNEFNDAR

Guðmundur Skarphéðinsson segir aðeins einn varnargarð af sex fullgerðan. Tveir aðrir hafi verið byggðir upp án þess að ljúka þannig við þá að undirverktakinn Bás ehf. á Siglufirði komist í að gróðurbinda þá. Hinir þrír garðarnir séu komnir mislangt á veg.

„Fólk er orðið þreytt á þessu moldroki sem er úr görðunum og yfir byggðina. Þetta er farið að valda fólki ómældu tjóni. Það flæðir vatn inn á lóðir hjá fólki vegna slæms frágangs. Það er ekki einu sinni að þeir klári hvern garð fyrir sig til þess að hægt sé að gróðursetja og ganga frá, heldur eru þeir með allt fjallið, eins og það leggur sig, undir. Þessi umgengni og hvernig menn standa að þessu verki er einfaldlega óþolandi. Það er ekki flóknara en það,“ segir Guðmundur.

gar@frettabladid.is




Framkvæmdasýsla ríkisins segir snjóflóðavarnargarða á Siglufirði vera örugga:

# Efnið tekið úr fjallinu sjálfu

„Efnið er öruggt. Það hefur staðið hingað til í fjallinu, svo það ætti að vera hægt að hrúga því þarna upp líka,“ segir Þráinn Sigurðsson, aðstoðarforstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, vegna efasemda framkvæmdastjóra Suðurverks hf. um efnið sem notað er í snjóflóðavarnargarða á Siglufirði.

Þráinn viðurkennir að tíðarfar hafi verið óhagstætt fyrir Suðurverk. Samkvæmt verkáætlun fyrirtækisins hefjast starfsmenn þess handa að nýju við varnargarðana eftir næstu helgi. Þráinn er hins vegar ekki bjartsýnn að það náist að ljúka verkinu í haust. „Það verður kannski á nippinu. Það á eftir að hlaða upp þó nokkru af görðunum og síðan kemur uppgræðslan og henni gæti seinkað. Það átti að sá í þetta allt í sumar og það er ekki víst að það takist,“ segir hann.

Varðandi orð Dofra Eysteinssonar, framkvæmdastjóra Suðurverks, um að verkið hafi reynst meira en útboðið hafi gert ráð fyrir, segir Þráinn að engar kröfur um viðbótagreiðslur hafi enn borist frá fyrirtækinu. „Það verður einfaldlega gert upp eftir magni samkvæmt rúmmetraverði. Ef eitthvað hefur brugðist í magntölum þá er það bara borgað eftir sannanlegu magni,“ segir hann **- gar**



**SIGLUFJÖRÐUR** Óvíst er hvort takist að ljúka gerð varnargarða á Siglufirði fyrir haustið. Verkinu átti að ljúka í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD**



**METNAÐARFULLT, FRAMSÆKIÐ OG HAGNÝTT NÁM**

**6 námsleiðir**

- BA í hagfræði
- BS í hagfræði
- BS í fjármálum
- BS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- BS í reikningshaldi
- BS í stjórnun og forystu

**Umsóknarfestur er til 5. júní.**
**Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.**

Styrktu stöðu þína og sæktu um. Rafræn skráning og upplýsingar um námið eru á vef viðskipta- og hagfræðideildar, www.vidskipti.hi.is.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



Ítalskir dagar
Ítalska vikan er unnin í samstarfi við ítalsk-íslenska viðskiptaráðið og sendiráð Ítalíu.
Nýtt í Hagkaupum
SVARTUR PIPAR
PIPAR BLANDA
GRÆNMETIS KRYDD
GRILL KRYDD
STEIKAR KRYDD
SJÁVAR SALT
Ítalía kryddmyllur
8 tegundir
30% afsláttur við kassa
Ítalía ferskt pasta
- nú einnig heilhveiti pasta
30% afsláttur við kassa
Ferskar kjúklingalundir
- nú á tilboði
Nýtt í Hagkaupum
ORIENTAL CHICKEN WRAP
SOUR CREAM WRAP
Jói FEL
Ítölsk rúlla
Skinkurúlla
Nýtt í Hagkaupum
Ricette d'Autore
Galileo wrap
- 3 spennandi tegundir
Jóa Fel brauðrúllur
- tilbúnar beint í ofninn
Copaim
- grillað grænmeti
Giovanni RANA
Fiorucci
PROSCIUTTO
Rana ferskt pasta
- ekta ítalskt
Ekta ítalskur ís
- margar tegundir
Fiorucci parmaskinka
- ómissandi á ítölskum dögum
Gildir til 28. maí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




NÝTT
Bylting í meðferð á fótsveppi…
LAMISIL ONCE
– sveppasýkingarlyfið sem einungis þarf að bera á einu sinni!
FÆST ÁN LYFSEÐILS

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbínafíni (sem hýdróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótsvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbínafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húð-meðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan, Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

LYFJA - Lífið heil
LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN ÞAKKAR STUÐNINGINN

Frjálslyndi flokkurinn þakkar öllum þeim sem studdu að góðri útkomu flokksins í kosningunum 12. maí 2007.

Sérstakar þakkir fá þeir fjölmörgu sjálfboðaliðar, um land allt, sem unnu ötult starf fyrir flokkinn í kosningabaráttunni og lögðu þar með grunn að öflugu starfi Frjálslynda flokksins í framtíðinni.

Frjálslyndi flokkurinn mun hér eftir sem hingað til berjast fyrir stefnumálum sínum af einurð, þrautseigju og heiðarleika.

xF
Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is


Strætó gerir breytingar á leiðakerfi sínu í sumar:

# Aka á hálftíma fresti

**SAMGÖNGUR** Þjónusta Strætó verður skert í sumar og munu vagnar fyrirtækisins aka á hálftíma fresti frá 3. júní til 18. ágúst. Skerðingin kemur til vegna sparnaðar, farþegafækkunar og manneklu.

Leið 16 verður lögð niður en tvær nýjar hringleiðir teknar upp í Grafarvogi. Leiðir 25 og 26 í Kópavogi verða einnig lagðar niður en tvær nýjar koma í staðinn. Þá verða kynntar tvær nýjar leiðir í Hafnarfirði en leið 21 verður lögð niður.

„Þetta er vissulega þjónustuskerðing. Við teljum hins vegar að við bætum þetta upp með betri þjónustu úti í hverfunum,“ segir Einar og bætir því við að það þekkist víðast hvar í Evrópu að þjónusta sé skert yfir sumartímann.



**AKA EKKI EINS ÖRT** Lengri biðtími verður milli vagna í sumar en í haust verður ferðum hins vegar fjölgað frá því sem nú er. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þessar breytingar byggja á talningum sem fóru fram haustið 2006 og nú í vor. Farþegafjöldinn er alltaf meiri á veturna en sumrin enda er stór hluti okkar farþega skólafólk,“ segir Einar. **-þo**




**STUÐNINGSMENN DJINDJIC** „40 ár er ekki nóg“ stendur á borða sem stuðningsmenn Djindjic héldu uppi fyrir utan dómshúsið í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Tólf sakfelldir fyrir morðið á Djindjic

**Morðingjar fyrsta lýðræðiskjörna forsætisráðherra Serbíu, Zoran Djindjic, voru sakfelldir í gær. Djindjic, sem gegndi lykilhlutverki þegar Milosevic var komið frá völdum, var skotinn til bana fyrir fjórum árum. „Pólitískt morð“ sagði í úrskurði.**

**SERBÍA, AP** Sérskipaður serbneskur dómstóll sakfelldi í gær tólf menn fyrir að myrða fyrsta lýðræðislega kjörna forsætisráðherra Serbíu, Zoran Djindjic, 12. mars árið 2003. Réttarhöldin, sem hófust í desember árið 2003, hafa dregist á langinn vegna skrifræðis og lagaflækja, morða á tveimur vitnum, afsagnar aðaldómara þegar mánuður var eftir af réttarhöldunum, og tilrauna eftirmanna Djindjic til að hafa áhrif á réttarhöldin.

Milorad Ulemek, fyrrverandi yfirmaður sérsveitar serbnesku leynilögreglunnar, var dæmdur fyrir að hafa skipulagt árásina á Djindjic og Zvezdan Jovanovic, undirforingi í sérsveitinni, var dæmdur fyrir að vera sá sem skaut Djindjic. Báðir fengu þeir 40 ára fangelsisdóm sem er hámarksrefsing samkvæmt serbneskum lögum. Hinir tíu mennirnir fengu átta til 35 ára fangelsisdóma.

Í dómsúrskurðinum sagði að tólfmenningarnir hefðu lagt á ráðin um að myrða Djindjic til að stöðva vestræna umbótastefnu hans, koma bandamönnum fyrrverandi forseta Serbíu, Slobodans Milosevic, aftur til valda og stöðva frekara framsal á grunuðum stríðsglæpamönnum til stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag í Hollandi.

„Þetta var ekki venjulegt morð, þetta var pólitískt morð með það markmið að grafa undan stöðugleika ríkisins,“ sagði yfirdómarinn Nata Mesarovic.

Djindjic gegndi lykilhlutverki í atburðarásinni þegar Milosevic var komið frá völdum árið 2000. Síðar framseldi hann Milosevic til stríðsglæpadómstólsins vegna aðildar hans í grimmdarverkum í stríðinu á Balkanskaga á tíunda áratugnum í kjölfar þess að Júgóslavía var leyst upp.




**MORÐINGJAR DJINDJIC** Milorad Ulemek og Zvezdan Jovanovic fengu hámarksrefsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ZORAN DJINDJIC** Var skotinn til bana 12. mars árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allir sakborningarnir utan einn neituðu við réttarhöldin að þeir hefðu átt aðild að morðinu. Fimm voru ekki viðstaddir réttarhöldin þar sem þeir hafa farið huldu höfði frá morðinu.

Fyrir utan dómshúsið sló í brýnu milli nokkurra stuðningsmanna Djindjic og aðstandenda sakborninganna. Einn var handtekinn.

**sdg@frettabladid.is**




# HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

# HUG- OG FÉLAGSVÍSINDI

## Háskólinn á Akureyri býður upp á eftirtaldar námsleiðir til B.A. prófs í hug- og félagsvísindum:

- Fjölmiðlafræði
- Nútímafræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Sálfræði
- Þjóðfélagsfræði -Nýtt 2007

Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is

### Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara
- Verkefnavinna – hópverkefni, einstaklingsverkefni og símat
- Alþjóðleg áhersla – góð tengsl við erlenda samstarfsháskóla
- Fjölbreytni - margir möguleikar að námi loknu

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ 2007



„Nemendur í fjölmiðlafræðinni koma víðs vegar að af landinu og eru skemmtileg blanda af hæfileikaríku fólki. Mín reynsla af þessu fólki er mjög jákvæð. Það er tilbúið að leggja á sig mikla vinnu, gera tilraunir og takast á við það ómögulega. Fréttaskrif, þáttagerð, kvikmyndun og klippivinna. Þetta eru nokkur stikkorð yfir þau verkefni sem þau þurfa að leysa. Ég er svo lánsöm að vinna nú við hlið nokkurra þeirra sem eru búin að ljúka náminu. Einkunnin sem þau fá sem starfsmenn er 13 af 10 mögulegum."

**Sigrún Stefánsdóttir**
**dagskrárstjóri Rásar 1 og Rásar 2**

### Skólabærinn Akureyri

- Frítt í strætó og engir stöðumælar
- Listasafnið og leikhúsið
- Hlíðarfjall og Akureyrarlaug
- Skautahöllin og Kjarnaskógur
- Flottar líkamsræktarstöðvar
- Veitingahús, kaffihús og skemmtistaðir

**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** • v/Norðurslóð • 600 Akureyri • Sími: 460 8000 • **www.unak.is**




LÉTT BYLGJAN 967




Tannlæknafélag Íslands óskar eftir skýringum frá Tryggingastofnun ríkisins:

# Kannast ekki við svikamálin

**TRYGGINGAMÁL** „Ég staðfesti að dæmin sem tiltekin voru eru byggð á staðreyndum,“ segir Gunnar V. Andersen, forstöðumaður eftirlits Tryggingastofnunar ríkisins (TR), um mál tveggja tannlækna sem tiltekin voru í umfjöllun hans á alþjóðlegri ráðstefnu um bóta- og tryggingasvik á þriðjudag. Tannlæknafélag Íslands hefur farið fram á við TR að fá upplýsingar um málin; hvar dómskjöl er að finna um þau og hvaða meðferð málin hlutu innan TR.

Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir tímabært og nauðsynlegt að ræða tryggingasvik og ráð gegn þeim hér á landi. „Hitt er svo annað mál að tryggingasvik, eins og aðrir glæpir, hljóta að enda fyrir dómstólum og sannist sekt hljóta menn að fá makleg málagjöld.“ Sigurjón segist ekki kannast við að tannlæknar hafi verið dæmdir fyrir tryggingasvik en tekur fram að hann hafi ekki aðgang að öllum þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að fullyrða slíkt. Í umfjöllun Fréttablaðsins á þriðjudag voru málin reifuð. Þau fjölluðu annars vegar um mál þar sem tannlæknir sendi yfir hundrað reikninga fyrir meðferð á nær tannlausum manni og hins vegar um tannlækni sem sendi fjölda tilhæfulausra reikninga yfir langt tímabil.

Fréttablaðið hefur óskað eftir nánari upplýsingum um málin frá TR. - shá



**HJÁ TANNSA** Í kjölfar umfjöllunar blaðsins um tryggingasvik hafa tannlæknar, utan stjórnar TÍ, efast um að nefnd dæmi hjá TR geti átt við rök að styðjast.

# Pólastjórnmál fóru illa með Framsókn

**Halldór Ásgrímsson segir hina nýju ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar vera ríkisstjórn pólanna í íslenskum stjórnmálum. Framsóknarflokkurinn hafi oft „lent á milli“ í „stjórnmálum pólanna“ en hafi nú mörg ný tækifæri.**

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, telur það skapa flokknum ný tækifæri að „svokallaðir pólar“ í íslenskum stjórnmálum séu nú sestir saman í ríkisstjórn.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Halldóri var hann á leið að hitta ráðamenn í Vilnius í Litháen og Moskvu í Rússlandi, í hlutverki sínu sem framkvæmdastjóri norrænu ráðherranefndarinnar.

Spurður um sínar skýringar á óförum Framsóknarflokksins í nýafstöðnum alþingiskosningum, segir Halldór engum blöðum um það að fletta að útkoman sé slæm. Hana telur hann að megi ekki síst rekja til þess að „á undanförnum árum hefur mikið verið gert í að skapa póla í íslenskri pólitík“.

„Bæði hafa Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin lagt áherslu á að þeir væru pólarnir í íslenskum stjórnmálum og fjölmiðlaumræðan á Íslandi hefur meira og minna gengið út á það,“ segir Halldór. „Öll uppsetning á stjórnmálaumræðu á Íslandi hefur gengið út á það að þarna væru tveir pólar. Framsóknarflokkurinn hefur oft lent á milli í þessari umræðu og ég tel að flokkurinn hafi mikla möguleika ef hann nýtir sér þá þegar þessir svokölluðu pólar ætla sér að starfa náið saman.“

Hann segist ekki í nokkrum vafa um að þessi nýja staða skapi ný tækifæri fyrir Framsóknarflokkinn. „Ég spái því nú að það muni margir þingmenn, þegar ég lít yfir sviðið, hlaupa fljótt út undan sér og reyna að losna undan ábyrgð á því sem þarf að gera,“ segir Halldór. „Því að ríkisstjórn kemst aldrei hjá því að gera ýmislegt sem ekki öllum líkar. Það verður fróðlegt að sjá Samfylkinguna þroskast í því hlutverki. Sjá hvernig henni tekst að ná aga á liðið.“

> Ég spái því nú að það muni margir þingmenn, þegar ég lít yfir sviðið, hlaupa fljótt út undan sér og reyna að losna undan ábyrgð.“

Spurður hvernig sér lítist á að Framsóknarflokkurinn deili nú stjórnarandstöðubekknum með Vinstri grænum, segir Halldór það verða forvitnilegt að sjá. „Vinstri grænir hafa náttúrlega fyrst og fremst lagt áherslu á andstöðu við Framsóknarflokkinn en ekki ríkisstjórnina,“ segir hann. „Hvort þeir ætli að halda því áfram þegar flokkarnir eru saman í stjórnarandstöðu geri ég mér ekki grein fyrir. Mér finnst sérkennilegt hvernig þeir hafa haldið á málum. Þannig að ég átta mig bara ekkert á því hvers konar þroska þeir ætla að taka út við þessar aðstæður.“

Spurður um sínar skýringar á því hve útkoma flokksins var sérstaklega slæm í mesta þéttbýlinu, segir Halldór þar samverkandi ástæður að baki. „Pólariseringin í íslenskum stjórnmálum á þar ríkan þátt. Þá hafa ýmis vandamál sem flokkurinn hefur átt í sjálfur komið þar inn í. Svo hefur staða flokksins í fjölmiðlum verið afskaplega veik,“ segir hann. „Bæði í ríkisfjölmiðlum og eins í dagblöðunum. Ég ætla ekkert að fara nánar út í það, en ég tel kannski alvarlegast hvernig Ríkisútvarpið hefur unnið á undanförnum árum. Hvernig það hefur í stórum málum tekið afstöðu, sem er ekki hlutverk þess,“ segir Halldór Ásgrímsson. audunn@frettabladid.is



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins telur stöðu flokksins nú skapa ný tækifæri og flokkurinn hafi mikla möguleika.

Jón Sigurðsson hættir og Guðni Ágústsson verður formaður Framsóknarflokksins:

# Fer að leita mér að vinnu

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson varð í gær formaður Framsóknarflokksins eftir afsögn Jóns Sigurðssonar.

Var það mat Jóns að nauðsynberi til að formaður flokksins sitji á Alþingi en sem kunnugt er náði hann ekki kjöri í kosningunum 12. maí.

Greint var frá fyrirhugaðri afsögn Jóns á Stöð 2 á mánudag en í Fréttablaðinu daginn eftir sagði hann fréttir af andláti sínu stórlega ýktar. Á fundi með blaðamönnum í gærmorgun sagði Jón það hafa verið óhjákvæmilegt að bíða með opinbera tilkynningu þar sem ákvörðun um afsögn var enn í mótun. Ákvörðun hafi svo endanlega verið tekin seinni part þriðjudags. Guðni Ágústsson þakkaði Jóni góð störf í þágu Framsóknarflokksins og sagði að helstu verkefni væru að búa flokkinn undir framtíðina og veita ríkisstjórninni öfluga stjórnarandstöðu.

Nýr varaformaður Framsóknarflokksins verður kjörinn á miðstjórnarfundi sem að líkindum verður haldinn innan fárra vikna.

Jón Sigurðsson var kjörinn formaður á flokksþingi í ágúst á síðasta ári. „Nú sný ég mér að öðrum viðfangsefnum og fer að leita mér að vinnu,“ sagði Jón í gær.

Guðni Ágústsson er fjórtándi formaður Framsóknarflokksins sem stofnaður var 1916. - bþs



**FORYSTUSKIPTI Í FRAMSÓKN** Sæunn Stefánsdóttir, ritari Framsóknarflokksins, var ásamt þeim Jóni Sigurðssyni og Guðna Ágústssyni á fundi í gær þegar tilkynnt var um formannsskiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SPRENGIDAGUR Í DEBENHAMS KL. 9-22

# 25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG HEIMILISVÖRUM

## 15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

**ÞAÐ BORGAR SIG AÐ KOMA SNEMMA!**

FRÁ KLUKKAN 9-11 BJÓÐUM VIÐ 10% AUKAAFSLÁTT AF ÞEKKTUM MERKJUM:

Í DÖMUDEILD: S. OLIVER, CLAIRE. DK, PRINCIPLES, XX BY MEXX, MATTHEW WILLIAMSON OG PINEAPPLE. Í HERRADEILD: JASPER CONRAN, ST. GEORG BY DUFFER OG NIGEL CABOURN. Í BARNADEILD: VÖRUR FRÁ FRANSA.

# BARA Í DAG

24. MAÍ 2007



DEBENHAMS

SMÁRALIND



**RYKSTORMUR Í VÆNDUM** Verkafólk í Jammú-héraði á Indlandi flýtir sér heim eftir vinnu áður en rykstormur, sem sjá má í fjarlægð, skellur á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brunamálastjóri heimsótti Litla-Hraun í gær í kjölfar greinaskrifa fanga:

# Brunaæfingar verða reglulegri

**ELDVARNIR** Skerpt verður á viðbragðsáætlun fangelsisins á Litla-Hrauni og brunaæfingar verða í fastari skorðum en þær eru nú. Þetta var ákveðið í heimsókn Björns Karlssonar brunamálastjóra í fangelsið í gær. Tilefni heimsóknarinnar var tímaritsgrein sem fangi skrifaði um brunavarnir á Litla-Hrauni.

„Ég fór um allt fangelsið í fylgd eldvarnareftirlitsmanns frá Eldvarnareftirliti Árnessýslu og ræddi við forstöðumann fangelsisins, trúnaðarmann fanga og slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnessýslu. Allir aðilar voru sammála um að þarna ríkti ekki neitt neyðarástand,“ segir Björn. Hann segir að viðbragðsáætlun fangelsisins, sem gefin er út af Fangelsismálastofnun og Ríkislögreglustjóra, hafi verið skoðuð og í kjölfarið ákveðið að skerpa á henni. Eins hafi verið rætt um að koma á reglulegri æfingum.

„Það er mikil öryggismenning í fangelsinu og allir sem ég ræddi við voru afar meðvitaðir um þessi mál. Í fangelsinu vinna nokkrir slökkviliðsmenn sem fangaverðir og næstæðsti maðurinn á staðnum hefur verið í slökkviliðinu í tvo áratugi,“ segir Björn.



**LITLA-HRAUN** Menn eru sammála um að skerpa mætti á viðbragðsáætlun fangelsisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar, telur að öryggi sé ekki ábótavant í fangelsum landsins en vissulega sé alltaf tilefni til að skoða hvort gera megi betur. „Öll okkar starfsemi er tekin út af eldvarnareftirlitinu og fangelsismálastofnun og Ríkislögreglustjóri gefa reglulega út viðbragðsáætlanir fyrir fangelsin sem eru svo æfðar reglulega,“ segir Valtýr. - þo

Sprengjuárásin í Tyrklandi:

# Sjálfsmorðsárás á háannatíma

**TYRKLAND, AP Sjálfsmorðsárásarmaðurinn, sem sprengdi sjálfan sig í loft upp í fjölfarinni verslunarmiðstöð í Ankara á mánudag, hét Guven Akkus, 28 ára gamall maður sem hafði setið tvö ár í fangelsi. Sex manns létu lífið og tugir slösuðust.**

**Ráðamenn í Tyrklandi gáfu í skyn að aðskilnaðarsamtök kúrda stæðu að baki árásinni.**

**Sprengingin varð á háannatíma og var mjög öflug. Rúður brotnuðu bæði í verslunarmiðstöðinni og nærliggjandi húsum og húsgögn og brak þeyttust út á götu.** - gb




Ljósleiðari hefur verið tengdur í nær öll hús á Seltjarnarnesi:

# Nesið ljósleiðaravætt fyrst í heimi

**SAMGÖNGUR** Seltjarnarnes varð í gær fyrsta ljósleiðaravædda sveitarfélag veraldar. „Við vitum að minnsta kosti ekki betur,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness. „Við erum aðilar að alþjóðasamtökum borga og sveitarfélaga sem hafa þetta að markmiði, og okkur skilst að við séum fyrst.“

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitunnar og Seltjarnarnesbær, boðuðu til blaðamannafundar í gær þar sem tíðindin voru kynnt.

Ljósleiðari hefur nú verið tengdur í nær öll hús bæjarins og segist Jónmundur búast við því að í kringum 90 prósent heimila í bænum verði farin að nýta sér tengingarnar innan skamms. „Við höfum vísbendingu um að mjög stór hluti bæjarbúa muni nota sér þessa tengingu. Í könnun sem gerð var í tengslum við verkefnið kom fram að rúm 90 prósent bæjarbúa töldu mjög líklegt að þau myndu nýta sér ljósleiðarann. Það vakti athygli hjá orkuveitunni á þeim tíma, því þeir höfðu gert sér talsvert hógværari væntingar um notkun á kerfinu.“

Hægt er að fá allt íslenskt sjónvarpsefni flutt um ljósleiðarann, sem og fjölda erlendra sjónvarpsstöðva og hraðvirka internettengingu. Áformað er að Reykjavík og fleiri sveitarfélög á Suður- og Vesturlandi muni einnig verða ljósleiðaravædd á næstu misserum. - sh



**FYRSTI BÆJARSTJÓRI LJÓSSINS** Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, og Birgir Rafn Þráinsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, kynntu ljósleiðaravæðinguna í golfskálanum á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON



George W. Bush Bandaríkjaforseti leitar stuðnings:

# Vísar í áform bin Ladens

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti reynir nú hvað hann getur til að afla stuðnings heima fyrir við stríðið í Írak.

Í gær birti hann, til stuðnings máli sínu, upplýsingar frá bandarísku leyniþjónustunni um að hryðjuverkaforinginn Osama bin Laden hafi árið 2005 unnið að því að stofna nýja deild frá Al Kaída samtökunum innan Íraks, og átti sú deild að herja á skotmörk í Bandaríkjunum.

Bandarískir og íraskir embættismenn vinna nú að því að fjölga bæði í lögreglusveitum og herliði Íraks, þannig að liðsaflinn verði orðinn 365 manns um næstu áramót.



**GEORGE W. BUSH** Birtir upplýsingar um Osama bin Laden. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nú eru íraskir lögreglu- og hermenn samtals um 337 talsins. **- gb**

Óvenjuleg pláneta á stærð við Neptúnus fundin:

# Glóandi heitur ís

**GEIMVÍSINDI** Vísindamenn hafa fundið óvenjulega plánetu í sólkerfi um þrjátíu ljósára fjarlægð frá jörðu. Plánetan, sem heitir GJ 436b, hefur það sérkenni að vera að mestu leyti úr 250 gráða heitu vatni á föstu formi. Þetta kemur fram á fréttavef CNN.

„Vatnið er frosið vegna þrýstingsins, en samt er það heitt,“ sagði Frederic Pont, einn vísindamannanna sem hjálpuðu við að finna plánetuna. „Þetta er frekar furðulegt – við erum vön því að vatn breyti um fasa vegna hita, en raunin er að mikill þrýstingur getur líka valdið því.“ Plánetan er heit vegna þess hve nálægt hún er stjörnu sinni og þrýstingurinn er til kominn vegna massa hennar.



**Á SPORBAUG** Þrátt fyrir að vera að mestu leyti úr vatni er ólíklegt að líf finnist á GJ 436b vegna vetnis sem umlykur plánetuna. MYNDIN ER TEIKNUÐ.

Þrátt fyrir að vera að mestu leyti úr vatni er afar ólíklegt að líf finnist á GJ 436b, því hún er umlukin vetni. Þó sýnir fundurinn fram á að til eru plánetur í öðrum sólkerfum með vatni og eykur það því von um að líf finnist á plánetum í öðrum sólkerfum.

Plánetan er tiltölulega nálægt jörðu á stjarnfræðilegum mælikvarða, eða í um 33 ljósára fjarlægð. Ljósár er sú vegalengd sem ljós ferðast á einu ári, um tíu þúsund milljarða kílómetra. **- sþs**

120 1886 2006

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fræðslukvöld fyrir almenning

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um helstu þætti sem lúta að skattamálum, fjármálum heimilisins, fjárfestingum, ávöxtun eigna og lífeyrissparnaði. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

Í kvöld
24. maí Árbæjarútibú Fjárfestingar og ávöxtun eigna
24. maí Akureyri Fjármál heimilisins
31. maí Egilsstaðir Fjármál heimilisins

Í kvöld í Árbæjarútibúi: Farið verður yfir fjárfestingarkosti sem í boði eru, til dæmis skráð hlutafélög í kauphöll og verðbréfasjóði. Einnig verða gefin hagnýt ráð um uppbyggingu eignasafna. Jafnframt verður greint frá því hvar hægt er að nálgast upplýsingar um fjármálamarkaðinn og hvernig þær eru nýttar. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja nýta tækifæri á fjármálamarkaði til að ávaxta eignir sínar.

Í kvöld, Akureyri: Sérfræðingur Landsbankans fer yfir hagnýt atriði varðandi fjármál heimilisins, gefur ráð um lántökur, ávöxtun og sparnað. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja skilja betur helstu atriði sem skipta máli við lántökur og fjárfestingar og vilja fá góð ráð um fjármál heimilisins almennt.

2007 MARS, APRÍL, MAÍ

Skráning á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is
Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið innilega velkomin.

ÍSLENSKA SIA.IS/LBI 37566 05/07

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár



FORESTER SUBARU



SYMMETRICAL AWD

Subaru Forester sameinar það besta úr fólksbíl og jeppa. Hann er lipur í akstri eins og fólksbíll en hefur dráttar- og drifkraft á við marga stærri jeppa.

„Mér finnst stundum eins og ég sé á tveimur bílum. Ég kemst í þröng stæði innanbæjar en dríf síðan í torfærum á landsbyggðinni eins og ekkert sé.“

Forester liggur mjög vel á veginum en er samt með mun meiri veghæð en aðrir jepplingar. Hann er á svipuðu verði og venjulegur fólksbíll þrátt fyrir að vera með 158 hestafla vél, sem er mun meiri kraftur en í mörgum stærri jeppum.

„Maður er orðinn of góðu vanur á Forester. Það er í raun ótrúlegt hvað maður fær rosalega mikið fyrir lítið.“

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir:

**„Hey, þetta er Ísland!“**

**200.000 kr. ferðapakki** fylgir öllum nýjum Forester.
Innifalið: upphækkun, heilsársdekk og dráttarbeisli.

Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.890.000,-** Forester LUX **3.190.000,-**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525-8000 | Opið: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16. | |
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464-7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 |




GRÍSAKÓTELETTUR
ÚRB. ORIENTAL
1.798 kr. kg

Þú sparar
200
kr. kg




SMÁLÚÐUSTEIK Í
REYKTUM TÓMATLEGI
1.998 kr. kg.

Nóatún mælir með!



ANDABRINGUR
2.798 kr. kg

20%
afsláttur




STEINBÍTSSPJÓT
MEXICOMARINERING
398 kr. stk.

Nóatún mælir með!






FANTA
APPELSÍN
99 kr. 2l




HUNTS
GRILLSÓSUR
169 kr. stk.




MERRILD
KAFFI
399 kr. pk.



NÓATÚN
Bestir í kjöti
Sterling grillin eru komin í verslanir!
Mikið úrval af Grill Pro vörum!
Tilboð á kjúklingabringum!
Grillsumar Nóatúns
32% afsláttur
MÓA KJÚKLINGABRINGUR
1.698 kr. kg.
Lokað á Hvítasunnudag - opið annan í Hvítasunnu 11-21
LÚXUS HAMBORGARAR 2 STK
498 kr. pk.
Þú sparar 60 kr.
MÓA BBQ KJÚKLINGALÆRI OG LEGGIR
399 kr. kg
30% afsláttur
Nýtt
NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
1.898 kr. kg
Þú sparar 400 kr. kg
Lífrænt og hollt
15% afsláttur
Millan og Galbani ostar!
10% afsláttur
kappi
3 fyrir 2
ÆÐI BITAR
GÓU TVENNA
349 kr. pk.
Verði ykkur að góðu!

## „ORÐRÉTT“

### *Flótti í neyð*

**„Við höfum ekki gert athugasemdir við hengilásana vegna þess að innra öryggiskerfið á Litla-Hrauni er mjög gott. Ég hugsa að fáir staðir séu með eins öflugt neyðarkerfi, auk þess sem alltaf eru þjálfaðir menn á vakt.“**

KRISTJÁN EINARSSON, SLÖKKVILIÐSSTJÓRI BRUNAVARNA ÁRNESSÝSLU, TELUR BRUNAVARNIR Á LITLA-HRAUNI VIÐUNANDI. MÁLIÐ VERÐUR ÞÓ SKOÐAÐ SÉRSTAKLEGA.

Fréttablaðið 23. maí

### *Ýkjur en ekki lygi*

**„Ég er bara að segja það að þetta eru ekki fréttir og ég veit ekkert hvaðan þær eru komnar. En ég er ekkert að segja að neinn sé að ljúga.“**

JÓN SIGURÐSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS, UM ORÐRÓM ÞESS EÐLIS AÐ HANN ÆTLI AÐ SEGJA AF SÉR SEM FORMAÐUR FLOKKSINS.

Blaðið 23. maí

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VALDIMAR LEÓ FRIÐRIKSSON, FRÁFARANDI ÞINGMAÐUR

## *Leitar sílamávseggja í Akrafjalli*



„Ég er nú aðallega að sinna fjölskyldunni þessa dagana og ætla svo að skella mér til útlanda í tveggja vikna sólarlandaferð,“ segir Valdimar Leó Friðriksson, fráfarandi alþingismaður. Valdimar stefnir til Mallorca en lætur sér ekki leiðast þangað til. Hann hefur til dæmis verið í eggjatöku. „Ég hef aldrei haft jafn góðan tíma og núna akkúrat til að fara í Akrafjall og tína þar sílamávsegg. Þetta hef ég gert í hverjum maímánuði síðan 1969. Það gengur hægt í ár og hann er greinilega seinni til en oft áður,“ segir hann.

„Svo er ég að dæma fyrir Aftureldingu í öllum flokkum. Ég er knattspyrnudómari og dró upp gamla skírteinið. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi og mikil hreyfing, sem er alveg nauðsynlegt.“

Meðfram dómarastörfum og eggjatínslu er Valdimar formaður Ungmennasambands Kjalarnesþings og undirbýr landsmót Ungmennafélags Íslands í Kópavogi. En Valdimar ætlar líka að rokka í sumar. „Við frambjóðendur í Frjálslynda flokknum lofuðum því að fara á Bíldudals grænar baunir og fremja þar tónlist í lok júní. Nokkuð öruggt að við tökum lagið Ég er frjáls,“ segir trommarinn og hlær. Annars er allt óráðið um framtíðina, segir Valdimar. „Ég hef áhuga á að vera áfram í pólitík og það er verið að skoða hvort maður verði áfram í störfum fyrir Frjálslynda flokkinn eða fari í eitthvað annað í haust. Ég hef nú helst áhuga á að vera framkvæmdastjóri hagsmunasamtaka,“ segir Valdimar og telur líklegt að hann bjóði þjónustu sína til minnihlutahópa og fatlaðra. „Þar sem vantar formann sem kann að berja á ríkinu.“

## SKÝIN

### Í FJÓRUM MEGINFLOKKUM:



■ Ský myndast þegar loft kólnar, sem gerist oft þegar loftið þrýstist upp. Um þetta segir enn fremur á vefsetri Veðurstofu Íslands að ský geti einnig myndast þegar raki eykst í loftinu, til dæmis þegar loftið fer yfir vatn. Ský séu í fjórum meginflokkum eftir hæð frá yfirborði jarðar. Flokkarnir eru háský í 6 til 12 kílómetra hæð, miðský í 2 til 6 kílómetra hæð, lágský í 0 til 2 kílómetra hæð og háreist ský sem ná allt frá yfirborði í 12 kílómetra hæð.

## SJÓNARHÓLL

NÝMYNDUÐ RÍKISSTJÓRN

### *Spennandi að sjá framhaldið*



**EINAR SKÚLASON** framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.

Geir H. Haarde tilkynnti forseta Íslands í gær á Bessastöðum að ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefði verið mynduð. Ríkisstjórnarskipti fara formlega fram á ríkisráðsfundi á Bessastöðum í dag.

Einar Skúlason er framkvæmdastjóri Alþjóðahússins.

„Það er spennandi að sjá hvernig þeim tekst að vinna saman. Maður sér nokkra mögulega átakafleti sem forvitnilegt verður að sjá hvernig tekið verður á. Ég heyrði Ingibjörgu segja að hún ætlaði að halda Evrópumálunum vakandi. Ég veit ekki alveg hvað hún á við með því en maður fylgist með því hvort hún endar í sömu stöðu og Halldór Ásgrímsson var á sínum tíma. Hann ýjaði mikið að málum en lítið gerðist. Spurning hvort Ingibjörg gangi lengra en hann. Auðvitað er ég svo spenntur að sjá hvernig verður fjallað um málefni innflytjenda í stjórnarsáttmálanum. Flokkarnir voru allir samstiga að auka ætti þjónustu við innflytjendur. Það verður gaman sjá hvort efndir fylgja þessum orðum.“

# Harmónikkuleikari kaupir héraðsskólann í Dýrafirði

**Karl Jónatansson, harmónikkuleikari og tónlistarkennari, átti hæsta boð í eignir héraðskólans á Núpi í Dýrafirði, 48 milljónir króna. Karl sem í fyrra keypti barnaskólann á Núpi, boðar breytingar á staðnum. Hótelrekstur í núverandi mynd sé vonlaus. Karl er 83 ára gamall.**



**HÉRAÐSSKÓLINN Á NÚPI** Hótelrekstur þar er erfiður og væntanlegur kaupandi ætlar byggingum nýtt hlutverk sem enn er ekki gefið upp hvert er.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON.



**KARL JÓNATANSSON** Hæstbjóðandi í héraðsskólann Núp í Dýrafirði með 48,1 milljónar króna boð.

„Ég bauð nú bara í þetta til að hafa eitthvað að púsla við á eldri árunum,“ segir Karl, sem átti hæsta boð í útboði Ríkiskaupa á héraðsskólanum á Núpi í Dýrafirði. Tilboð Karls í Núp er 48,1 milljón króna. Byggingarnar eru samtals 4.005 fermetrar og þeim fylgir sex hektara eignarland. Um er að ræða húsnæði fyrir heimavist, kennslustofur, mötuneyti, sjö íbúðir, sundlaug, íþróttahús og geymslur. Brunabótamatið er 565,5 milljónir króna og fasteignamatið 72,3 milljónir.

Skólahald í héraðsskólanum var aflagt árið 1992. Hótel hefur verið rekið þar í byggingunum flest sumur síðan. Útséð virðist um framhald hótelrekstursins ef marka má Karl.

„Ég get ekki sagt um framhaldið af því annað en það er, held ég, vonlaust mál. Okkur reiknast það til. Þessi hótelrekstur hefur verið ákaflega daufur og við hyggjumst ekki halda honum áfram. Við ætlum að fara inn á aðrar brautir,“ segir Karl, sem ekki vill að svo stöddu skýra nánar frá fyrirætlunum sínum á Núpi.

„Ég get varla sagt frá því á þessu stigi málsins. Og ef til kæmi þá koma synir mínir inn í það. En við erum alla vega með breytingar í huga,“ segir Karl.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiskaupum þarf samþykki bæði menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis til að tilboði Karls verði tekið. Verði af sölunni mun Karl eiga nánast allar byggingar á staðnum því í fyrrasumar keypti hann barnaskólann á Núpi af ríkinu.

Héraðskólinn á Núpi var settur á laggirnar árið 1937. Áður hafði þar verið unglingaskóli frá því 1907. Innbú í mötuneyti og heimavist fylgir með í sölunni nú en munir sem tengjast sögu skólans eru þó undanskildir.

Eins og áður segir er Karl harmónikkuleikari og tónlistarkennari. Hann hóf að leika fyrir dansi aðeins tíu ára gamall. Sjálfur er hann ættaður af Melrakkasléttu og segist aðspurður engin tengsl hafa við Núp frá fornu fari. „Ég bara einhvern veginn dróst að þessu og get hvorki sagt þér eða mér sjálfum vegna hvers helst, en það er mjög fallegt þarna.“

gar@frettabladid.is


Þetta hlýtur að vera geimskip fyrir gæludýr.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á kokka.is þar sem þú getur skoðað og keypt vörur í ró og næði.

kokka laugavegi 47

laugavegi 47, opið mán.- fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is


Tengdafeðgarnir Einar Oddur Kristjánsson og Illugi Gunnarsson saman á þingi:

## Þeir fyrstu í meira en hálfa öld



**HELGI BERNÓDUSSON**

Sjálfstæðismennirnir Einar Oddur Kristjánsson og Illugi Gunnarsson eru fyrstu tengdafeðgarnir til að taka sæti á Alþingi samtímis í rösklega hálfa öld, eftir því sem næst verður komist.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir ekki algengt að tengdafeðgar sitji samtímis á þingi en þó séu fordæmi fyrir því. „Þekktasta dæmið er sennilega Ásgeir Ásgeirsson og tengdasonur hans, Gunnar Thoroddsen. Þeir sátu báðir á þingi nánast óslitið frá 1934 til 1952.“ Helgi nefnir einnig Kristján Jónsson, ráðherra og yfirdómara, og tengdason hans, Sigurð Eggerz, en þeir sátu báðir á þingi 1912 og 1913. „Svo höfum við líka fleiri dæmi frá 19. öld,“ segir hann.

Illugi Gunnarsson, sem er í sambúð með Brynhildi, dóttur Einars Odds, kveðst hlakka til að fara á þing með tengdaföður sínum. „Hann er sannarlega einn áhugaverðasti þingmaðurinn í dag,“ segir hann. „Reynslubolti sem ég hef lært mikið af.“

Einar Oddur vill hins vegar sem minnst segja um ráðahaginn. „Það hefur ekkert reynt á það enn þá en ég ber engan kvíðboga fyrir því,“ segir hann.

Þótt báðir séu þeir í Sjálfstæðisflokknum segjast þeir ekki vera sammála um öll mál. „Nei, guði sé lof,“ segir Illugi. „Ég tek mikið mark á Einari en það er líka þannig að hver syngur með sínu nefi.“ Undir það tekur Einar en er ófáanlegur til að upplýsa hvað ber á milli. „Ég er þögull sem gröfin.“ Hann þvertekur hins vegar fyrir að það sé deilt um pólitík yfir sunnudagssteikinni. „Nei, menn nota nú annan tíma til þess.“ - bs



**MEÐ TENGDÓ Á ÞINGI** Illugi segist hafa lært mikið af tengdaföður sínum.

SAMSETT MYND

# Aukin þekking – auðugra líf




## www.vefjagigt.is

**Nýr fræðsluvefur um vefjagigt, www.vefjagigt.is, hefur verið opnaður í því skyni að bæta þjónustu við þá sem þjást af þessum sjúkdómi. Á vefnum má finna upplýsingar um heilkenni vefjagigtar, tengda sjúkdóma og helstu meðferðir. Upplýsingarnar eru byggðar á niðurstöðum vísindarannsókna og almennum fróðleik byggðum á reynslu vefjagigtarfólks og fagaðila sem hafa reynslu í meðferð á vefjagigt.**

Vefurinn er unninn af Sigrúnu Baldursdóttur sjúkraþjálfara sem meistaraverkefni í lýðheilsufræðum við Háskólann í Reykjavík. Verkefnið er styrkt af Kaupþingi banka og Actavis.

VEFJAGIGT | HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK – REYKJAVIK UNIVERSITY | KAUPÞING | actavis

## Svona erum við

> Verðmæti sjávarafla á fyrstu tveimur mánuðum ársins.*




*Í MILLJÓNUM KRÓNA.
HEIMILD: HAGSTOFA.IS

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SAGA RÁÐHERRABÚSTAÐARINS Á ÞINGVÖLLUM

## *Konungshúsið verður að sumardvalarstað*

Á nítjándu öld stóð gangabær þar sem Þingvallabær stendur núna. Burstir hússins og framhliðin sneru til suðurs að Þingvallavatni. Núverandi Þingvallabær var byggður árið 1930 en Guðjón Samúelsson teiknaði bæinn og sneri honum þannig að framhlið og meginingangur snúa á móti Almannagjá.

**Hver er byggingarsaga bústaðarins?**
Í tengslum við Alþingishátíðina 1930 voru miklar framkvæmdir á Þingvöllum. Byggingar voru rifnar, endurbyggðar og færðar til. Hótel Valhöll var flutt frá Köstulum fyrir norðan Öxará suður yfir ána á núverandi stað, og síðar hefur hótelið verið stækkað og endurbyggt. Konungshúsið, sem var reist árið 1907 sem bústaður fyrir Friðrik VII á Efri Völlum fyrir neðan Öxarárfoss, var flutt yfir Öxará og sett niður skammt fyrir sunnan núverandi staðsetningu Hótels Valhallar. Konungshúsið varð síðan sumardvalarstaður forsætisráðherra. Konungshúsið brann í eldsvoða aðfaranótt 10. júlí 1970 og fórust þar forsætisráðherra Íslands, Bjarni Benediktsson, Sigríður Björnsdóttir, kona hans, og dóttursonur þeirra.



**Hvert er hlutverk bústaðarins í dag?**
Eftir brunann var ákveðið að byggja tvær burstir við Þingvallabæinn en fyrir voru þrjár nyrstu burstirnar. Síðan 1974 hefur forsætisráðherra haft opinberan sumardvalarstað í Þingvallabænum og getur hann nýtt hann við opinberar móttökur og einnig í einkaerindum. Breytingar urðu árið 2000 þegar föst búseta prests lagðist niður á Þingvallabænum. Forsætisráðherra tók þá yfir fjórar burstir en sú fimmta, sem er næst kirkjunni, er nýtt af þjóðgarðsverði en þar er einnig aðstaða fyrir prest og gesti kirkjunnar. Við þessa breytingu voru einnig gerðar breytingar á herbergjaskipan og nýtist húsið nú vel fyrir móttökur og fundi.

## SPURT & SVARAÐ
STYRKIR VEGNA BÆJARFULLTRÚA

### *Hafa frjálsar hendur*



GUNNAR HELGI KRISTINSSON
Stjórnmálafræðingur

Á fundi bæjarráðs Árborgar 18. maí var samþykkt tillaga um að veita öllum stjórnmálafélögum sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn 250 þúsund króna styrk. Í 5. grein laga um fjármál stjórnmálasamtaka segir að stærri sveitarfélögum sé skylt að veita stjórnmálafélögum fjárframlög í hlutfalli við atkvæðamagn. Gunnar Helgi Kristinsson er prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

**Hvers konar upphæðir er um að ræða?**
„Það kemur ekki fram í lögunum, sveitarfélögunum virðast vera settar nokkuð frjálsar hendur hvað þetta varðar.“

**Er einhver leið fram hjá lögunum?**
„Það væri hægt að ímynda sér að stjórnmálafélög fengju málamyndaframlag byggt á atkvæðamagni en sveitarfélög gætu svo veitt þeim stærri styrki, sem væru jafnir á hvert stjórnmálafélag. Þetta væri byggt á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga. En yrði alltaf óeðlilegt og ekki í anda laganna.“




# Börn og eldra fólk sett í forgang

**Ný ríkisstjórn lýsir sjálfri sér sem frjálslyndri umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar segir að málefni yngstu og elstu kynslóðanna séu forgangsmál.**



**MEÐ ÞESSUM UNDIRRITUNUM ER ÞETTA ORÐIN ÞINGVALLASTJÓRN** sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í bústað forsætisráðherra á Þingvöllum í gær þegar hann og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir höfðu sett nöfn sín undir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefnuyfirlýsingin er í sextán köflum og rúmast á fimm blaðsíðum.

Stöðugleiki í efnahagslífinu er sagður eitt brýnasta verkefni stjórnarinnar. Efla á Fjármálaeftirlitið svo fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts og sömuleiðis samkeppniseftirlit.

Ríkisstjórnin ætlar að endurskoða eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra og koma á meira samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

Setja á ráðherrum, alþingismönnum og embættismönnum siðareglur.

**Börn og ungmenni**
Móta á heildstæða aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna. Tannvernd verður bætt og barnabætur til þeirra sem hafa lágar tekjur hækkaðar.

Sérstaklega á að huga að stuðningi við börn innflytjenda í skólakerfinu.

Auka á stuðning við langveik börn, börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik og grípa þegar í stað til aðgerða til að vinna á biðlistum á því sviði.

Forvarnarstarf gegn kynferðislegu ofbeldi verður eflt og stuðningur við fjölskyldur ungmenna sem eiga í vanda vegna vímuefnaneyslu aukinn.

Fæðingarorlofið verður lengt í áföngum.

**Aldraðir og öryrkjar**
Styrkja á stöðu aldraðra og öryrkja, almannatryggingakerfið einfaldað og samspil skatta, tryggingabóta, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna skoðað til að tryggja meiri sanngirni og hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar.

Hraða á uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða, fjölga einbýlum, efla sólarhringsþjónustu og auka einstaklingsmiðaða þjónustu.

Stefnt er að hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldurshópinn 67-70 ára, afnámi tekjutengingu launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga og skerðingu tryggingabóta vegna tekna maka.

Lækka á almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu í 35 prósent auk þess sem stefnt er að því að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði.

**Samgöngur og skattar**
Ráðast á í stórátak í samgöngumálum og leggja aukna áherslu á umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Mun ríkisstjórnin beita sér sérstaklega fyrir úrbótum á samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins.

Landbúnaðarkerfið verður endurskoðað og stöðugleiki í sjávarútvegi tryggður. Þó á að athuga reynsluna af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrif þess á þróun byggða.

Stefnt er að lækkun skatta á kjörtímabilinu og endurskoðun skattkerfis og almannatrygginga til að bæta hag lág- og millitekjufólks.

Afnema á stimpilgjald í fasteignaviðskiptum þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa.

**Heilsa og nám**
Stefnt skal að auknu faglegu og rekstrarlegu sjálfstæði skóla og minni miðstýringu og vinna á að lengingu og aukinni fjölbreytni í kennaranámi.

Leita á leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera.

Skapa á svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, meðal annars með útboðum og þjónustusamningum, jafnframt sem tryggt verði að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag.

**Umhverfi og innflytjendur**
Ríkisstjórnin stefnir að því að ná víðtækri sátt um verndun verðmætra náttúrusvæða og gera skýra áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Ljúka á vinnu við rammaáætlun um verndun og nýtingu fyrir lok árs 2009 og þar til niðurstaða er fengin verður ekki farið inn á óröskuð svæði án samþykkis Alþingis, nema rannsóknar- eða nýtingarleyfi liggi fyrir.

Vinna á að heildstæðri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem hafi það markmið að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína.

**NOKKUR ORÐ ÚR STEFNUYFIRLÝSINGUNNI**

| | |
|---|---|
| Efla | 7 |
| Styrkja | 1 |
| Áhersla | 17 |
| Unnið | 5 |
| Aðgerðir | 8 |
| Framfarir | 2 |
| Sátt | 4 |
| Stóriðja | 0 |
| Ríkisstjórnin | 29 |
| Tryggja | 8 |



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

# Elizabeth Arden

i love my

gift



## Elizabeth Arden kynning í Hagkaupum 24. – 30. maí

Þegar keypt er fyrir 4.600 kr. í Elizabeth Arden línunni þá er þessi glæsilega taska* þín !

Endilega kíktu við og skoðaðu nýjungarnar og fáðu ráðleggingar frá fagfólki. Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

Nýjungar frá Elizabeth Arden :

- Terracota förðunar lína
- Green Tea nýjungar





*Gildir til 30. maí á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






OFUREFNI!

OFURGÆÐI!

OFURVERÐ?






IKEA®
STOCKHOLM

www.IKEA.is/vorur/STOCKHOLM

## Útgjöldin

> Miðaverð á almenna bíósýningu




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR VERKEFNISSTJÓRI

## *Keypti sófasettið á enskri fornsölu*

„Ætli bestu kaupin sem ég hef gert séu ekki Chesterfield-leðursófasettið sem ég keypti á fornsölu í Englandi. Sófasettið stóð úti á götu fyrir framan búðina og ég sá það út undan mér þegar ég keyrði framhjá. Þá var ég nýbúin að kaupa mér hús í Englandi og vantaði einmitt sófasett þannig að ég sneri snarlega við. Þegar ég var búin að finna bílastæði sá ég að par sat í sófanum. Óneitanlega frekar svekkt spurði ég verslunareigandann hvort búið væri að selja sófasettið. Nei, nei elskan svaraði hann mér með sínum þykka Manchester-hreim, þau eru bara að bíða eftir strætó. Ég fékk sófasettið; sófa og tvo stóla með þykku og mjúku nautsleðri á sjötíu pund með því skilyrði að ég myndi sækja settið,“ segir Arna Kristín Einarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ.



„Enn prýðir þetta sófasett heimili mitt og er í stöðugri notkun. Það er afar þægilegt og hægt að koma sér vel fyrir í því. Reyndar er það svo að ég virðist helst kaupa húsgögn sem standa úti á götu. Þannig var ég einu sinni að hjóla framhjá Fríðu frænku og þar stóð þessi flotti tekkskenkur úti á götunni fyrir framan búðina. Ég snarbremsaði, hoppaði inn í búð og staðgreiddi!“

Hvað verstu kaupin varðar segir Arna Kristín að það sé farkosturinn. „Ætli verstu kaupin sem ég hef nokkru sinni gert séu ekki einhverjar bíldruslur sem maður var að dröslast á á námsárunum. Ég get ekki einu sinni hugsað út í það því ég verð svo pirruð. Í dag er ég hins vegar stoltur eigandi Opel Meriva sem ég er afar ánægð með.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### SÍTRÓNA Í VASKINN

■ *Elísabet Alba Valdimarsdóttir, vínþjónn ársins, gætir þess að bakeríur fái ekki að grassera.*



„Ég luma nú ekki á mörgum húsráðum en ég kann góða aðferð til þess að þrífa eldhúsvaskinn eftir að hafa unnið með kjúkling,“ segir Elísabet. „Þegar maður eldar heilan kjúkling er gott að skola vel af honum áður en maður byrjar. Til að gæta fyllsta hreinlætis er mikilvægt að þrífa vaskinn vel eftir þetta svo engar bakteríur verði eftir. Mér finnst best að taka sítrónu, skera hana í tvennt og dýfa henni í salt. Síðan nota ég sítrónuna til þess að nudda vaskinn og næ þannig öllum óhreinindum og bakteríum í burt.“

■ **Verslun**

## Hagkaupaverslun opnuð í Borgarnesi

Hagkaup opnuðu nýja 800 fermetra verslun í Borgarnesi síðastliðinn föstudag og verður verslunin opin alla daga vikunnar. Þar verður að finna mikið úrval fatnaðar, snyrtivöru, raftækja og gjafavöru, þar með talið nær allar vörur sem kynntar eru í Hagkaupablaðinu. Í fréttatilkynningu frá Hagkaupum segir Linda Lovísa Sigurbjörnsdóttir, verslunarstjóri Hagkaupa í Borgarnesi, að lagt verði mikið upp úr þeirri þjónustu sem Hagkaup hafi getið sér gott orð fyrir. Markið sé sett hátt og vel verði gert fyrir íbúa og vegfarendur á Vesturlandi.



■ **Forvarnir**

## Stillum hitann hóflega



Stillum hitann hóflega er heiti á átaki sem unnið er í samstarfi Orkuveitu Reykjavíkur, Sjóvár forvarnarhúss og Landspítala – háskólasjúkrahúss. Tilgangur herferðarinnar er að vekja fólk til umhugsunar um reglugerðir og staðla varðandi heita vatnið og minna fólk á að fara varlega. Á heimasíðunni er að finna upplýsingar um leiðir til að stilla hitann og þar er fólk hvatt til þess að nota hitastillt blöndunartæki og hitaloka. Hiti neysluvatns hér á landi er víðast hvar 70 til 80 gráður en það tekur 70 gráðu heitt vatn aðeins eina sekúndu að valda djúpum annars stigs bruna.

■ **Endurvinnsla**

## Neytendur minntir á að skila dagblöðum

Undanfarið hefur dregið úr hlutfalli þess pappírs sem ratar í endurvinnsluna. Um fjörutíu prósent dagblaða skila sér á endurvinnslustöðvar en afgangurinn endar í heimilissorpinu og er urðaður. Nú hafa Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu hleypt af stað sérstöku kynningarátaki í þessum efnum í samstarfi við prentfyrirtæki, verslanakeðjur og útgefendur dagblaða og tímarita.

Hannað hefur verið merki sem sett verður á prentefni sem borið er í hús til að minna viðtakendur á að flokka og skila blöðunum til endurvinnslu að lestri loknum í stað þess að farga þeim með almennu sorpi.

Gott til endurvinnslu

**Samgönguráð**

**Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin**

**Samgönguráðuneytið**

**Stefnumótun í samgöngum**

Samgönguráð efnir til þriðja fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

**Fjármögnun samgöngumannvirkja**

**Fjármögnun samgöngumannvirkja í Noregi – veggjöld/einkaframkvæmd**
Astrid Fortun, norsku Vegagerðinni.

**Fjármögnun samgöngumannvirkja á Íslandi**
Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Nýsi.

**Álit nefndar samgönguráðherra um einkaframkvæmd í samgöngum**
Stefán Jón Friðriksson, viðskiptafræðingur hjá fjármálaráðuneytinu.

**Umræður og fyrirspurnir**

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 24. maí 2007 kl. 15 – 17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 24. maí nk.

# Bólusetningin getur kostað tugi þúsunda

**Fyrir utanlandsferðina í sumar er ráðlegt að kanna þörf á bólusetningu en það getur farið eftir því hvert er farið, hversu lengi og hvenær. Bólusetning getur kostað hátt í tíu þúsund á manninn eða tugi þúsunda króna á stóra fjölskyldu.**



**HAGSTÆÐ ÚTKOMA** „Ef bólusetning heppnast leiðir hún til ónæmis fyrir viðkomandi sjúkdómi. Slík útkoma er hagstæð,“ segir Þorsteinn Blöndal sóttvarnalæknir.

Bólusetning fyrir ferðalagið í sumar getur kostað nokkur þúsund krónur og allt upp í tugi þúsunda eftir því um hvers konar bólusetningu er að ræða og fyrir hversu marga. Algengast er að fullorðnir fái bólusetningu við lifrarbólgu A, taugaveiki og að skerpt sé á bólusetningu frá því í æsku, til dæmis við mænusótt, stífkrampa og barnaveiki. Slík bólusetning kostar samtals rúmar 7.000 krónur á mann. Ef um fimm manna fjölskyldu er að ræða fer upphæðin því hæglega upp í tugi þúsunda.

„Þetta getur orðið svolítill peningur en þá er líka mikilvægt að maður gefi ráð um það sem er nokkur hætta á og bruðli ekki og bólusetji ekki fyrir einhverju sem stjarnfræðilega lítil hætta er á. Það er mikilvægt að fara vel með,“ segir Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir á Miðstöð sóttvarna við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd.

„Ef bólusetning heppnast leiðir hún til ónæmis fyrir viðkomandi sjúkdómi. Slík útkoma er hagstæð fyrir einstaklinginn og samfélagið því að það er betra og ódýrara að fyrirbyggja en að lækna. Grunnbólusetningar hafa verndað flest börn fyrir sjúkdómum sem áður kostuðu milljónir manna lífið og ferðamannabólusetning er í raun útvíkkun á grunnbólusetningunni. Með henni gefst möguleiki á að forðast tiltekna sjúkdóma. Enn má þó segja að það vanti bóluefni fyrir verstu smitsjúkdómunum eins og malaríu og HIV.“

Þeir sem hyggja á ferðalög í sumar geta kannað þörfina á bólusetningu á næstu heilsugæslustöð. Þetta á sérstaklega við þegar langt er um liðið síðan viðkomandi var bólusettur og ferðamenn á leið til fjarlægra landa þar sem hreinlæti getur verið ábótavant og hættulegir sjúkdómar landlægir.

„Sá sem er bólusettur má ekki halda að engin hætta sé á þessum sjúkdómum sem búið er að bólusetja við. Það þarf að gæta margvíslegrar varúðar gegn sýkingum burtséð frá því við hverju hefur verið bólusett eða hvaða lyf er verið að gefa. Það má ekki gleyma því að til eru fjölmargir smitsjúkdómar sem við höfum engin bóluefni við. Almennar varúðarráðstafanir eru í fullu gildi, til dæmis ef drykkjarvatn eða matur er mengað af veirum eða bakteríum,“ segir hann.

Mælt er með því að ferðamenn noti alþjóðleg bólusetningarskírteini fyrir bólusetningar gegn mýgulusótt.

ghs@frettabladid.is

### HVAÐ KOSTAR BÓLUSETNING?

| | |
|---|---|
| Komugjald fyrir fullorðinn | 700 |
| Komugjald fyrir lífeyrisþega eða barn | 350 |
| Blóðmauraheilabólga | 4.000 |
| Heilahimnubólga | 4.400-5.100 |
| Hettusótt | 5.200 |
| Hlaupabóla | 6.700 |
| Hundaæði | 7.500 |
| Inflúensa | 700 |
| Japönsk heilabólga | 3.600 |
| Kólera | 3.100 |
| Lifrarbólga A og B fyrir fullorðinn | 5.900 |
| Lifrarbólga A og B fyrir barn | 4.200 |
| Lungnabólga | 2.200 |
| Mislingar | 2.200 |
| Stífkrampi og barnaveiki fyrir fullorðinn | 800 |
| Taugaveiki | 2.600 |

Við bólusetningu leggst verð fyrir bóluefni ofan á komugjaldið.

# Tjöld fyrir Everest eða Hróarskeldu

Tjald er víst ekki það sama og tjald þegar farið er í búðarleiðangur og verð á tjöldum og svefnpokum kannað. Í Útilífi fást klassísk kúlutjöld frá 6.990 krónum og upp í 14.990 krónur. Göngutjöld fyrir jöklaferðir kosta frá 22.000 krónum og upp í 69.990 krónur. Verðmunur á svefnpokum er einnig töluverður en ódýrustu svefnpokarnir fyrir skála og sumarbústaði kosta 2.990 krónur. Týpískur sumarútilegusvefnpoki með trefjafyllingu kostar frá 7.990 krónum. „Dýrasti pokinn sem við erum með er dúnpoki sem kostar 69.000 krónur. Hann er til dæmis ætlaður fyrir Everestfara og jöklaleiðangra. Sé farið rétt með dúninn getur hann enst í tugi ára á meðan trefjafyllingin endist í fimm til sex ár. Aðalmunurinn á þessum pokum er fyllingin,“ segir Helgi Benediktsson, deildarstjóri í Útilífi.



Í Rúmfatalagernum kostar ódýrasta tjaldið 1.490 krónur og er tveggja manna kúlutjald. Dýrasta tjaldið kostar 12.900 krónur og er sex til sjö manna fjölskyldutjald. „Þessi litlu kúlutjöld eru tilvalin fyrir útihátíðir eins og Hróarskeldu þar sem fólk hendir þeim jafnvel eftir notkun. Svefnpokarnir kosta frá 2.490 krónum upp í 4.990 krónur,“ segir Ívar Ívarsson, aðstoðarverslunarstjóri í Rúmfatalagernum á Smáratorgi. - lbb




**KEMUR ÚT Í DAG** Frímerkið er tileinkað hundrað ára afmæli landgræðslu á Íslandi.

■ **Ný frímerki**

## Skátastarf og náttúra

Jöklar, landgræðsla og skátastarf eru myndefni nýrra frímerkja sem Íslandspóstur gefur út í dag.

Eðvarð T. Jónsson, fulltrúi hjá Íslandspósti, er ánægður með útkomuna. „Þetta er vegleg útgáfa sem hefur heppnast mjög vel enda tel ég okkur Íslendinga eiga einhverja bestu frímerkjahönnuði í heimi.“

Evrópufrímerkin 2007 eru tileinkuð aldarafmæli alþjóðlegu skátahreyfingarinnar. Myndefnin fyrir nýrri frímerkjaröð eru sótt til fimm hveljökla á Íslandi en einnig er gefið út frímerki í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá því að landgræðsla hófst á Íslandi.

■ **Tóbakssala í Hafnarfirði:**

## Gaf eigin sígarettur



Sjö sölustaðir tóbaks í Hafnarfirði seldu unglingum tóbak þegar forvarnarnefnd Hafnarfjarðar stóð fyrir könnun um miðjan maí. Tveir unglingar úr 10. bekk fóru á sölustaði undir eftirliti og kom í ljós að þeir gátu keypt tóbak í 28 prósentum tilfella.

Í tilkynningu frá forvarnarnefnd kemur fram, að á einum staðnum hafi sölumaður ekki viljað selja unglingunum tóbak vegna þess að þeir hafi ekki getað sýnt skírteini, en vorkennt þeim svo mikið að hann hafi gefið þeim hvorum sína sígarettuna úr eigin birgðum.

Könnunin var gerð á 25 sölustöðum tóbaks í Hafnarfirði. Búast má við að staðirnir sem seldu unglingunum tóbak fái áminningu eða verði sviptir tóbakssöluleyfi.

■ **Talsmaður neytenda**

## Áskoranir til nýrrar ríkisstjórnar

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir að lög um hópmálsókn, bættir möguleikar á verðsamanburði og lög um íbúðarlán og innheimtustarfsemi séu helsta áskorun nýrrar ríkisstjórnar í neytendamálum. Þetta kemur fram í pistli Gísla á heimasíðu talsmanns neytenda: www.tn.is.

Í pistlinum kemur fram að ábendingarnar verði væntanlega lagðar fyrir hlutaðeigandi ráðherra eða stofnanir síðar.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

STILLUM HITANN HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is


**MATUR & NÆRING** HARPA HLYNSDÓTTIR OG STEFANÍA ÞORGEIRSDÓTTIR, MATVÆLAFRÆÐINGAR

# Hreinlæti í eldhúsinu





Í umhverfi okkar, jarðvegi, lofti, vatni og á og í líkömum manna og dýra eru örverur sem við sjáum ekki með berum augum. Þær eru mikilvægar í vistkerfinu en sumar geta valdið matarsýkingum og þess vegna viljum við halda þeim í skefjum í eldhúsinu þannig að þær skaði ekki heilsu okkar. Örverur þurfa næringu og raka til að geta dafnað. Borðtuskurnar, sem við notum í eldhúsinu, verða fljótt óhreinar þegar matarafgangar safnast í þær og þar er því næga næringu og raka að hafa fyrir örverurnar. Best er því að skipta um borðtuskur daglega. Óhrein borðtuska gerir ekkert annað en að dreifa úr örverum í stað þess að hreinsa borðin. Á sama hátt geta handklæði, uppþvottaburstí og þurrkur dreift bakteríum ef ekki er skipt um reglulega.

Handþvottur skiptir miklu máli í eldhúsinu því að hendurnar koma víða við og mikil hætta er á að þær beri smit í matinn. Alltaf ætti að þvo hendur áður en farið er að meðhöndla matvæli og milli mismunandi rétta, til dæmis þegar hrá og fersk matvæli eru meðhöndluð. Mikilvægt er að kenna börnunum að þvo hendurnar áður en matur er meðhöndlaður því ekkert er skemmtilegra en að hafa börnin með við matseldina.



Í eldhúsinu getur verið hætta á að sjúkdómsvaldandi bakteríur berist úr hráméti yfir í tilbúinn mat. Þess vegna er mikilvægt að nota ekki sömu áhöld í hrávöru og tilbúin matvæli. Skurðarbretti geta verið sérstaklega varasöm og gott er að venja sig á að nota mismunandi bretti fyrir mismunandi hrávöru og tilbúna rétti. Hugsanlega má nota mismunandi lit bretti til aðgreiningar. Samt sem áður þarf að þrífa öll bretti vel eftir notkun. Sérstaklega ætti að passa vel að láta ekki áhöld og ílát, sem notuð hafa verið við hráan kjúkling, komast í snertingu við tilbúinn mat eða grænmeti.

Eitt af því sem hafa ber í huga er hvernig raðað er í ísskápinn. Hrávörur eiga ekki að komast í snertingu við tilbúinn mat. Til þess að minnka hættuna á smiti verður að setja hrávöruna neðst í ísskápinn svo að vökvi leki ekki niður á tilbúinn mat, eins og mjólk, ávexti og álegg, í næstu hillu fyrir neðan.

Gott hreinlæti í eldhúsinu kemur í veg fyrir að bakteríur komist í matinn. Gerum því bakteríunum lífið leitt.

**mni.is**





*Prodomo býður dyrasímakerfi frá Gira sem býr yfir nýjustu tækni í hljóði og mynd. Myndavélin kveikir sjálfkrafa á sér þegar hringt er og er með dags- og næturstillingu. Innstöðin er handfrjáls – engar snúrur – og hefur sama útlit og annar rafbúnaður frá Gira sem gefur heimilinu heildarsvip.*

*Hægt er að tengja Gira dyrasímann við símkerfi og farsíma. Þegar dyrasíminn hringir, og enginn er heima, getur þú svarað dyrasímanum úr farsímanum þínum. Gira dyrasímakerfið er einnig hægt að setja upp í fjölbýlishúsum.*

***Komdu í Prodomo og kynntu þér Gira dyrasímakerfið nánar.***



*Hljóð og mynd er flutt um tvo víra þannig að hægt er að tengja Gira dyrasímann hvar sem er og skipta út gamla kerfinu fyrir það nýja. Einnig er auðvelt að þróa og bæta við kerfið.*



*Útstöðin er útbúin myndavél og þegar skyggja tekur kviknar á ljósdíóðum sem lýsa upp andlit þess sem hringir.*



*Innstöðin er handfrjáls – engar snúrur. Ef annar rafbúnaður er frá Gira, eins og rofar og tenglar, færðu samræmt heildarútlit á öllum rafbúnaði heimilisins.*

GIRA

PRODOMO

*Prodomo er stofnað af S.Guðjónssyni ehf. sem m.a. hefur umboð fyrir GIRA og BTicino rafbúnað, Modular og Kreon ljósabúnað og hefur í áratugi boðið upp á hágæða tæknilausnir fyrir fagmenn og einstaklinga.*

***Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur / Sími 520 4545***
***www.prodomo.is / prodomo@prodomo.is***

PIPAR • SÍA • 71047

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.144 **+0,52%**

**Fjöldi viðskipta:** 722
**Velta:** 22.723milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC | +3,85% | MOSAIC | -2,66% |
| 365 | +3,45% | ACTAVIS | -1,85% |
| EIMSKIPAFÉLAGIÐ | +2,07% | STRAUMUR-BURÐARÁS | -0,47% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,90 +3,45% ... Actavis 85,00 -1,85% ... Alfesca 5,10 +1,59% ... Atlantic Petroleum 1.080 +3,85% ... Atorka 8,04 +0,50% ... Bakkavör 72,10 +0,56% ... Eimskipafélagið 39,40 +2,07% ... FL Group 29,35 +0,69% ... Glitnir 27,35 +1,48% ... Kaupþing 1.110 +0,45% ... Landsbankinn 37,25 +0,68% ... Marel 84,50 +0,84% ... Mosaic Fashions 16,50 -2,66% ... Straumur-Burðarás 21,25 -0,47% ... Össur 110,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Farnir að heiman**

Greinilegt er að vinnan við alþjóðavæðingu SÍF, Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, í gegnum árin með yfirtökum á fyrirtækjum á meginlandi Evrópu hefur tekist vel. Punkturinn var settur yfir i-ið þegar nafni SÍF var kastað fyrir róða og Alfesca tekið upp í febrúar í fyrra. Þá voru höfuðstöðvar fyrirtækisins hér á landi seldar í fyrra. Svo vel hefur tekist að erlendir stjórnendur fyrirtækisins sögðust lítt þekkja til íslenskra fjölmiðla á uppgjörsfundi félagsins. Spurning er hvort sama máli gegni ekki um þekkingu Íslendinga á Alfesca en vörur fyrirtækisins eru flestar til sölu í erlendum stórmörkuðum og illfáanlegar í íslenskum verslunum svo vitað sé.

**Markaðir á fleygiferð**

Markaðir ná methæðum víðar en hér því í gær fór vísitala 20 helstu fyrirtækja í Kaupmannahafnarkauphöllinni yfir 500 stig í fyrsta sinn. Danskir hlutabréfaeigendur horfa því á mikinn eignavöxt, á pappír í það minnsta. Vísitalan endaði í 500,44 stigum, hækkaði um 1,22 prósent. Hækkunin á dönskum bréfum í gær var leidd af virðisaukningu bréfa A. P. Møller-Mærsk sem hækkuðu um 4,5 prósent yfir daginn. Berlingske Tidende segir ástæðuna þá að Morgan Stainley hafi endurskoðað ráðgjöf sína varðandi kaup á bréfunum og fært úr „underweight“ flokki í „overweight“ og telji þau því vænlegri til kaupa en áður.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Í nýju riti Hagstofunnar kemur fram að halli á vöruskiptum var meiri í fyrra en áður var talið og nam 158,5 milljörðum króna. Innflutningstölur voru hærri vegna upplýsinga sem bárust Hagstofunni eftir að tölurnar voru birtar upphaflega.

Í gær gaf Evrópski fjárfestingarbankinn út jöklabréf að verðmæti 4 milljarða króna. Þetta er fyrsta útgáfa jöklabréfa frá því að KfW gaf út tíu ára bréf fyrir hálfum mánuði. Vegvísir Landsbankans sagði frá þessu.

Moody's hefur staðfest óbreyttar lánshæfismatseinkunnir Landsbankans og Glitnis. Tilkynning Moody's fylgir í kjölfar kaupa Landsbankans á verðbréfafyrirtækinu Bridgewell og yfirtakna Glitnis á síðustu vikum.

# Þrír milljarðar punda í innlán

### Álag á skuldir Landsbankans það lægsta sem sést hefur.

Frá því að Landsbankinn hrinti breska innlánareikningnum Icesave af stokkunum í október í fyrra hafa yfir áttatíu þúsund viðskiptavinir lagt inn þrjá milljarða punda, jafnvirði 370 milljarða króna. Bankinn greip til þeirra aðgerða að auka innlán þegar aðgengi íslensku bankanna að alþjóðlegum fjármálamörkuðum versnaði snemma á síðasta ári. Nú er Icesave orðin ein af meginstoðum í fjármögnun bankans og námu innlán til að mynda 62 prósentum af heildarútlánum í lok fyrsta ársfjórðungs samanborið við 34 prósent í upphafi árs 2006.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir í tilkynningu frá bankanum að eftir skuldabréfaútgáfu í Evrópu fyrir rúmri viku sé álag á skuldatryggingar (CDS) bankans komið í sögulegt lágmark. Álagið í gær var átján punktar, sem er það lægsta sem hefur sést eftir að markaður með skuldatryggingar íslenska bankanna myndaðist í ágúst 2005. **- eþa**

# Stærstur í Keops


PÁLMI HARALDSSON

Fjárfestirinn Pálmi Haraldsson gerði í gær tilboð í nær allt hlutafé stofnanda danska fasteignafélagsins Keops, Ole Vagner, í félaginu. Þetta kemur fram á vefsíðu Børsen. Vagner samþykkti tilboð Pálma upp á 24 danskar krónur á hlut. Kaupverðið verður því um 1,3 milljarðar danskra króna. Það nemur um 14,6 milljörðum íslenskra króna.

Eftir kaupin mun Pálmi eiga í kringum 32 prósenta hlut í félaginu og verður hann stærsti hluthafi þess.

Pálmi gerir ekki ráð fyrir að setjast í stjórn félagsins sjálfur. Líklega muni einhver af samstarfsmönnum hans gera það fyrir hans hönd.

Eftir kaup Pálma ráða Íslendingar 61 prósenti af Keops. Baugur á 29 prósenta hlut í félaginu. Hlutabréf í Keops hækkuðu um 15,1 prósent í kauphöllinni í Kaupmannahöfn innan dagsins í gær. **- hhs**

# Hlutabréf eru enn á uppleið

### Líkleg yfirtaka á Actavis er farin að setja svip sinn á markaðinn og sumir fjárfestar eru farnir að endurfjárfesta. Krónan hefur styrkst nær látlaust í maí.


**KÁTT Í KAUPHÖLLINNI** Úrvalsvísitalan hélt áfram að hækka í gær.

Úrvalsvísitalan hélt áfram að hækka í gær og náði hún nýjum methæðum í 8.131 stigi í 22,7 milljarða viðskiptum. Þar með hefur hún hækkað um 26,8 prósent á árinu, þar af um 3,5 prósent eftir kosningar. Þrjú Kauphallarfélög hafa hækkað um meira en helming á árinu, Atlantic Petroleum, um 96 prósent, Vinnslustöðin um 84 prósent og Exista um rúm fimmtíu prósent.

Margir fjárfestar búast við að væntanleg 176 milljarða króna yfirtaka Björgólfs Thors Björgólfssonar í Novator á Actavis nái fram að ganga en á markaði sjást þau merki að hluthafar séu farnir að endurfjárfesta í bönkum og rekstrarfélögum fyrir þann pening sem þeir fá fyrir bréf sín. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa bankar keypt hlutabréf af fjárfestum í Actavis sem gefur þeim síðarnefndu færi á að endurfjárfesta innanlands, til dæmis í íslenskum hlutabréfum. Talið er að allt að 100 milljarðar króna gætu farið til endurfjárfestinga innanlands - það er ef Novator tekur yfir Actavis.

Þarna vinnst tvennt: Bankinn, sem fjármagnar sig til tiltölulega ódýrt, fær til sín aukin viðskipti. Kúnninn sparar sér tíma á því að selja hlut sinn í Actavis núna í stað þess að bíða eftir greiðslum vegna hugsanlegrar yfirtöku.

Það sem hefur ekki síður áhrif á hlutabréfamarkaðinn er styrking krónunnar. Krónan styrktist um hálft prósent í gær og fór gengisvísitalan niður fyrir 113 stig í fyrsta skipti síðan snemma í mars 2006. Krónan hefur styrkst verulega í maímánuði eða um rúm fjögur prósent. Evrópski fjárfestingarbankinn (EIB) út krónubréf að verðmæti fjórir milljarðar króna í gær en annars hefur krónubréfaútgáfa verið róleg í mánuðinum að sögn greiningardeildar Kaupþings.

**eggert@frettabladid.is**

# Sameining Byrs og SPK í farvatninu

Viðræður eru hafnar milli stjórnarformanna Byrs og Sparisjóðs Kópavogs um sameiningu sparisjóðanna. Byr er annar stærsti sparisjóður landsins en SPK sá fimmti stærsti. Samanlagðar eignir sjóðanna eru nú um 130 milljarðar króna en Byr er þó töluvert stærri. Ekki liggur fyrir hver skiptihlutföll verða en varlega má áætla að Byr sé metinn á 85 prósent í sameinuðum sjóði.

Gagnkvæm eignatengsl eru á milli sparisjóðanna. Byr á tæp fjögur prósent stofnfjár í SPK sem á svo um 2,1 prósent í Byri.

„Báðir aðilar fara af heilum hug í þessar viðræður,“ sagði Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður SPK, við Fréttablaðið.

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, segir að sparisjóðirnir falli vel að hvor öðrum; Byr með sín útibú í Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði og SPK í Kópavogi. „Það er undirliggjandi mikill áhugi að klára þetta.“

Samtals reka sparisjóðirnir níu útibú á höfuðborgarsvæðinu. **- eþa**


## Réttu tækin í þrifin

Háþrýstingur á bílinn, stéttina og húsið




Vortilboð 2007
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur

Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

**Nilfisk-ALTO E140 1-9 S X-tra**
Dæluþrýstingur: 140 bör.
Vatnsmagn: 500 l/klst.

**Nilfisk-ALTO C100 4-5**
Dæluþrýstingur: 100 bör.
Vatnsmagn: 320 l/klst.

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Tilboðið gildir út maí 2007 eða meðan birgðir endast.

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6234B


# Hagnast um þrjá milljarða

Móðurfélag Atorku Group hagnaðist um þrjá milljarða króna eftir skatt á fyrsta ársfjórðungi. Í tilkynningu félagsins kemur fram að hagnaður samstæðunnar á tímabilinu hafi verið 459 milljónir króna.

Félagið birtir bæði móðurfélagsuppgjör og samstæðuuppgjör sem gerð eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS. Atorka er fjárfestingarfélag og áréttar að móðurfélagsreikningurinn endurspegli afkomuna.

Þannig námu heildareignir móðurfélagsins í lok mars 51,1 milljarði króna, en samstæðunnar 100,5 milljörðum.

Í tilkynningu félagsins segir Magnús Jónsson forstjóri árið hafa byrjað mjög vel. „Breytt áhersla í fjárfestingum er farin að bera árangur og hafa fjárfestingarverkefni félagsins gengið vel. Mikill vöxtur er fyrirséður hjá Jarðborunum og í júní kemur nýr bor til landsins sem mun koma inn í rekstur félagsins á seinni hluta ársins.“ Þá segir hann rekstur Promens hafa farið vel af stað. **- óká**

# Alfesca skoðar stór fyrirtækjakaup

Hagnaður Alfesca nam 1,3 milljónum evra, jafnvirði 109 milljóna íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er þriðji rekstrarfjórðungur félagsins. Afkoman er talsvert betri en á sama tíma í fyrra þegar hagnaðurinn nam 524 þúsundum evra, 43,9 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður félagsins nam 7,2 milljónum evra, 602,7 milljónum íslenskra króna, tímabilinu. Það er 28,6 prósenta aukning á milli ára.

Xavier Govare, forstjóri Alfesca, var mjög ánægður með afkomuna á uppgjörsfundi í gærmorgun. Sagði hann stöðugt verð á laxi og góða sölu á fullunnum réttum eiga átt stóran hlut að máli.

Govare sagði Alfesca skoða nú stór fyrirtækjakaup á þessu ári. Hann neitaði að tjá sig nánar um málið að öðru leyti en því að fyrirtækið er í Evrópu og með álíka mikla veltu og Alfesca á síðasta ári, 600 milljónir evra, jafnvirði 50 milljarða króna. Muni velta Alfesca tvöfaldast við þetta. Þá er horft til þess að með kaupunum verði til fimmta vörulínan frá Alfesca á eftir reyktum laxi, smurréttum, blini-kökum og rækjum, að hans sögn. **- jab**




40% afsláttur

**419** kr/kg. áður 699 kr/kg.
Matfugl ferskur kjúklingur




50% afsláttur

**129** kr/kg. áður 260 kr/kg.
Ísfugl Buffalo vængir




40% afsláttur

**337** kr/kg. áður 562 kr/kg.
Matfugl Tex Mex kjúklingalæri/legg




40% afsláttur

**859** kr/kg. áður 1.434 kr/kg.
Goða grísaofnsteik



20% afsláttur

**799** kr/kg. áður 1.000 kr/kg.
Holta fersk hálfúrbeinuð læri án skinns



**899** kr/kg.
Humar - 1 kg.




38% afsláttur

**99** kr/stk. áður 159 kr/stk.
Egils Appelsín 2 ltr.

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 24. maí til 28. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir



GRILLPRO

# Mikið úrval af grillfylgihlutum

**Grillgrindur, grillsteinar, yfirbreiðslur. Allt til að hreinsa og endurnýja grillið.**

VERÐVERND BYKO

**SÉRTILBOÐ**
**Gildir fimmtudag til þriðjudags!**

**29.900**
~~34.900~~

Vnr. 50630102
OUTBACK

## Gasgrill

OUTBACK TROPPER PLUS gasgrill, 48x50 cm grillflötur með tvískiptum brennara, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni, emelerað stál og ál. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.




**174** kr./lm.
~~233~~

Vnr. 0058324
**Fura**
Fura, alhefluð 27x95 mm, A-gagnvarin.

~~441~~ kr./lm
Vnr. 0058506
**Fura** **330** kr./lm
Fura, alhefluð 45x145 mm, A-gagnvarin.

~~579~~ kr./lm
Vnr. 0059954
**Fura** **433** kr./lm
Fura, alhefluð 95x95 mm, A-gagnvarin.

~~160~~ kr./lm
Vnr. 0058254
**Fura** **119** kr./lm
Fura, alhefluð 22x95 mm, A-gagnvarin.

~~289~~ kr./lm
Vnr. 005850
**Fura** **217** kr./lm
Fura, alhefluð 45x95 mm, A-gagnvarin.

**www.byko.is**
verslaðu á netinu



**3.990**

Vnr. 41621539
**Borð**
Borð, ál/króm, 80x72 cm.



**2.990**

Vnr. 41621519
**Stóll**
Stóll, ál, 59x55x74 cm.



25%
afsláttur
af allri viðarvörn og útimálningu!*
Pinotex
TRÆTERRASSER
*Gildir ekki með öðrum tilboðum!
BETRA
SUMAR
frábær tilboð fyrir sumarið á lægra verði!
Frábær og hagkvæm lausn á pallinn. Hitinn fýkur ekki burt!
18.300
Vnr. 50614015-6
Geislahitari
Geislahitari 1,3W, IP54,vatnsþolinn, hitar allt að 8 m².
Standur fyrir geislahitara: 9.900 kr
5.880
OUTBACK
Vnr. 50630001
Ferðagrill
OUTBACK ferðagrill, grillflötur, 42x27 cm, grillgrind úr pottjárni. Þrýstijafnari og slanga fylgir.
Ezetil
5.990
Vnr. 87977141
Kælibox
Kælibox með rafmagni, 12V, 25 ltr.
Vnr. 50632104
Gashitari
MR. HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hæð 76 cm, hattur 48 cm. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki.
9.990
12.900
Vnr. 87977157
Ferðaklósett
Ferðaklósett, 20 ltr.
7.990
2.990
Vnr. 88015972/4
Svefnpoki
Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár. Stærð 200x80 cm.
19.900
GLEÐILEGT SUMAR
nr. 49602607-10
Fjallahjól
24“ eða 26“ fjallahjól með tveimur dempurum, shimano gírabúnaði, álfelgum og V-bremsum. 21 gíra, silfur/rautt eða blátt/svart,
BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr stjórnarsáttmáli:

## Breið skírskotun

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Nýr stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar endurspeglar vel málflutning beggja flokkanna í kosningabaráttunni. Málamiðlanir eru innan þeirra marka að báðir halda trúnaði við kjósendur sína. Að sama skapi eru möguleikarnir á veig samstarfsins góðir.

Forystumönnum flokkanna hefur tekist að flétta saman hugmyndir um frjálsræði í atvinnulífinu og traust öryggisnet í velferðar- og heilbrigðismálum. Fyrirheit eru jafnframt gefin um nýjar lausnir og ný rekstrarform. Stefnan í utanríkis-, varnar- og öryggismálum er í föstum skorðum. Sú breiða skírskotun sem að baki þessu býr ætti að fela í sér allgóða sátt í samfélaginu.

Öllum ríkisstjórnum fylgja góðar óskir. Auðnu til lengri tíma skapa þær sjálfar. Sú ábyrgð hvílir á ráðherrunum. Í þeim hópi eru í senn fulltrúar reynslu og ferskleika. Stjórnin ætti því að vera í færum um að svara kalli nýs tíma af festu.

Sennilega hefur enginn sest með jafn góðan undirbúning í stól forsætisráðherra og Geir Haarde. Fumlaus og örugg tök á stjórnarmynduninni bera þess vott. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur einnig sýnt hæfileika til þess að semja án hiks um góða áhrifastöðu flokks síns. Aðdragandi stjórnarmyndunarinnar gefur því ekki tilefni til efasemda um framhaldið.

Af raunhæfum stjórnarkostum er tvímælalaust að málefnalega var minnst bil að brúa milli þessara tveggja flokka. Margt bendir til að Samfylkingin hafi tekið yfir gamla lykilhlutverk Framsóknarflokksins á taflborði stjórnmálanna. Reynslan ein getur hins vegar skorið úr um hvort hún mun leggja meiri áherslu á stjórnmálalega festu eða hitt að sveiflast ótt og títt á milli hægri og vinstri vængjanna eins og Framsóknarflokkurinn gerði fyrir forystu Halldórs Ásgrímssonar.

Stærstu málamiðlanir flokkanna sýnast vera leystar af raunsæi fyrst og fremst. Varðandi nýtingu og verndun náttúruauðlinda eru skýrari verndunarákvarðanir en áður höfðu verið teknar. Að sama skapi er ekki stöðvaður undirbúningur þegar áformaðrar nýtingar. Þar eru lausnir sem Framsóknarflokkurinn ætti að geta sætt sig við. Útlit er ennfremur fyrir að Vinstri grænt þurfi að finna sér nýtt höfuðbaráttumál og nýja ímynd.

Það sem helst vantar í stjórnarsáttmálann um þessi efni eru skilaboð um minni ríkisforsjá. Nýr iðnaðarráðherra þarf þar af leiðandi að svara því hvort stjórnin ætlar að ríghalda í sjálfvirka eignarnámsheimild ríkisins vegna virkjana í þágu stóriðju eins og fráfarandi stjórn gerði. Hún er ein af orsökum mikilla árekstra milli nýtingar og verndunar.

Lausnin á Evrópusambandsspurningunni er líka raunsæ. Óbreytt stjórnarskrá leyfir ekki aðild. Þær leikreglur þarf að ákveða áður en efnisleg ákvörðun er tekin. Þetta kjörtímabil gat þar af leiðandi ekki orðið annað en umræðutími. En að sama skapi er brýnt að hann verði notaður.

Samráðsnefnd þingflokka um Evrópumál er hyggileg ráðstöfun. Hugsanleg myntbreyting og Evrópusambandsaðild þarf að byggjast á enn víðtækari samstöðu en stjórnarsamstarfið spannar. Pólitískt mikilvægi þeirrar nefndar er því ótvírætt.

Takmörkuð endurskipulagning stjórnarráðsins er um flest rökrétt en um sumt ekki. Skipan þróunarsamvinnu er þannig of augljós kaupskapur. Enn er ósvarað þeirri spurningu hvers vegna Ísland þarf tólf ráðherra meðan Frakklandi duga fimmtán.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Svekktir þingmenn

Það er vandaverk fyrir formenn flokka að skipa í ráðherraembætti og margt sem þarf að taka tillit til við valið. Enda fer ávallt svo að einhverjir sitja ósáttir eftir. Dæmi um þingmenn sem einhverjir höfðu spáð ráðherrastól og brostu ekki sínu blíðasta framan í fjölmiðlafólk voru Sturla Böðvarsson, fráfarandi samgönguráðherra, Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.



### Gremja meðal ungra

Talsverð óánægja mun vera innan ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar með þá ákvörðun formannsins að gera varaformanninn Ágúst Ólaf Ágústsson ekki að ráðherra í nýrri ríkisstjórn. Ágúst var formaður Ungra jafnaðarmanna áður en hann settist á þing og skipa nánir samstarfsmenn hans og vinir nú marga helstu valdapósta hreyfingarinnar. Nokkur gremja hefur lengi kraumað innan hreyfingarinnar með skeytingarleysi flokksforystunnar gagnvart afstöðu ungliðanna og lítil tengsl, og því þykir mörgum undarlegt að ekki hafi verið reynt að friða framtíðarfólk flokksins nú með því að veita sjálfum varaformanninum ráðherrastól.



### Losað sig við ráðherra

Ráðuneyti voru sameinuð og öðrum sundrað við þessi ríkisstjórnarskipti. Einhverjir gárungar hafa bent á hvernig notast megi við slíkar tilfærslur til að losa sig við óvinsælan ráðherra. Viðkomandi verði skipaður ráðherra dóms- og kirkjumálaráðuneytis, því ráðuneyti verði síðan skipt upp í tvö ráðuneyti þar sem viðkomandi ráðherra verði kirkjumálaráðherra, og lokaniðurstaðan verði aðskilnaður ríkis og kirkju.

**stigur@frettabladid.is/ sdg@frettabladid.is**

## Maðurinn eða flokkurinn?



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Stjórnmál

*Hvert er vandamálið: maðurinn eða flokkurinn? Ef vandinn væri bundinn við Bush sem einstakling, myndi flokkur hans snúa við honum bakinu og gera upp sakirnar við hann.*

Jimmy Carter, forseti Bandaríkjanna 1977-80, var góður og gegn forseti. Hann taldi kjark í bandarísku þjóðina eftir niðurlægingu Nixons forseta, sem hafði hrökklazt úr embætti 1974. Ég mun aldrei segja ykkur ósatt, sagði Carter við kjósendur, því að Richard Nixon og menn hans höfðu lifað og nærzt á lygum. Nixon hafði orðið uppvís að því að eiga aðild að innbroti í höfuðstöðvar demókrata í Watergate-byggingunni í Washington og hindra framgang réttvísinnar. Eftirmaður Nixons í embætti, Gerald Ford, forseti 1974-77, náðaði Nixon. Ella hefði Nixon næstum örugglega fengið fangelsisdóm. Þrír af nánustu samverkamönnum Nixons fengu dóma, þar á meðal dómsmálaráðherrann, allt að átta ára fangavist. Það var þó ekki dómskerfið, sem sneri Nixon niður eftir langt þóf, heldur þrautseigir blaðamenn. Tveir ungir blaðamenn á Washington Post, Robert Woodward og Carl Bernstein, öfluðu þeirra vitnisburða, sem þurfti til að sannfæra Bandaríkjaþing um nauðsyn þess að knýja Nixon til afsagnar. Þessi saga er sögð í bók þeirra og samnefndri bíómynd All the President‘s Men (1976) með Dustin Hoffman og Robert Redford í hlutverkum blaðamannanna.

Nixon sagðist vera saklaus. Margir félagar hans meðal repúblíkana tóku í sama streng og kunnu demókrötum litlar þakkir fyrir að hafa knúið á um afsögn Nixons og auðmýkingu. Þar var lagður grunnurinn að þeirri úlfúð, sem hefur markað samskipti flokkanna tveggja æ síðan og birtist meðal annars í ofsóknum repúblikana á hendur Bill Clinton forseta 1993-2001.

Annar blaðamaður gekk í það nokkru síðar að svipta hulunni af sekt Nixons og innsigla niðurlægingu hans. Það var enski sjónvarpsmaðurinn David Frost. Hann fékk Nixon til að tala við sig fjórum sinnum í sjónvarpi 1977 gegn ríflegri greiðslu; Frost lagði allt undir, jafnvel húsið sitt. Á þessi viðtöl horfði fleira fólk en áður hafði horft á slíkt sjónvarpsefni. Nixon lék sér að Frost í fyrstu þrjú skiptin og hleypti honum varla að með óþægilegar spurningar. Fyrir fjórða og síðasta einvígið tókst Frost að grafa upp nýtt skjal, sem kippti fótunum undan framburði Nixons. Frost tókst þannig í lokalotunni að snúa Nixon niður og fá hann til að játa á sig lögbrot frammi fyrir tugum milljóna áhorfenda, óvart að því er virtist. Eftir það gat engum dottið í hug að leggja trúnað á framburð forsetans fyrrverandi. Hann var gersigraður. Þessa sögu rekur enska leikskáldið Peter Morgan í nýju leikriti, Frost/Nixon, sem var frumsýnt í London í haust og er á fjölunum í New York sem stendur, mikið drama.

Jimmy Carter kallar George W. Bush, núverandi ábúanda í Hvíta húsinu, versta forseta landsins fyrr og síðar. Þegar maðurinn, sem hreinsaði til eftir Nixon og fékk friðarverðlaun Nóbels 2002, fellir slíkan dóm um eftirmann sinn í embætti, er vert að leggja við hlustir. Carter reisir skoðun sína meðal annars á því, að Bush fyrirskipaði innrásina í Írak á upplognum forsendum og sameinaði þannig svo að segja alla heimsbyggðina í megnri andúð á utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Vandinn er þó meiri að vöxtum en svo. Stjórn Bush hefur innleitt pyntingar á stríðsföngum, hún hefur rekið saksóknara, sem þóttu ekki nógu hallir undir repúblikana, og raðað óhæfum flokksmönnum í mikilvæg störf á vegum ríkisins. Bush forseti líkist Nixon að því leyti, að hann er ósannsögull, illskeyttur og óvandur að meðulum. Hann hefur sagt ósatt um margt annað en stríðið í Írak, þar á meðal um áhrif skattalækkana á afkomu ríkissjóðs og skiptingu tekna. Hann er ójafnaðarmaður og hælist um af því.

Hvert er vandamálið: maðurinn eða flokkurinn? Ef vandinn væri bundinn við Bush sem einstakling, myndi flokkur hans snúa við honum bakinu og gera upp sakirnar við hann. Þá gætu gagnrýnendur Bush og stjórnar hans auðveldlega tekið Repúblikanaflokkinn í sátt. Þá myndi stjórnmálalíf landsins færast í betra horf. Margt bendir til þess, að slíkt uppgjör sé ekki í vændum, að minnsta kosti ekki í bráð. Þá berast böndin að flokknum, sem fylkir sér um svo vondan forseta. Fyrir nokkru kom á daginn í kappræðum þeirra repúblikana, sem keppa nú um útnefningu flokksins til forsetaframboðs 2008, að flestir þeirra sjá ekkert athugavert við Bush forseta og embættisfærslu hans. Þeir eru flestir hlynntir pyntingum og lýsa þeim með sýnilegri velþóknun fyrir sjónvarpsáhorfendum. Vandi Bandaríkjanna nú virðist því ekki vera bundinn við Bush forseta og náhirðina kringum hann. Flokkur hans þarf að gera upp sakirnar við hann og stjórnartíð hans. Fullar sættir útheimta iðrun og yfirbót.

## Meint gaspur

UMRÆÐAN

Kvótakerfið



GRÍMUR ATLASON

Sigurjón Þórðarson var duglegur þingmaður. Hann var kannski ekki alltaf málefnalegur – en duglegur. Í grein sem birtist í Fréttablaðinu hinn 23. maí sl., og heitir Gaspur Gríms Atlasonar, gýs hann líkt og Geysir á sápukúr og brigslar mér við eitt og annað. Þetta á að vera svar við grein minni sem birtist í sama blaði degi áður. Málflutningur Sigurjóns í þessari gusu er með þeim hætti að ljóst er að úrslit kosninganna sitja nokkuð í honum.

Það er margt sem orkar tvímælis í grein Sigurjóns. Hann kýs að taka inngang greinar minnar og alhæfa út frá honum. Í þessum inngangi fer ég stuttlega yfir það sem **getur** talist til jákvæðra afleiðinga kvótakerfisins. Það er eins og Sigurjón hafi hætt að lesa eftir þessar fimm línur því hann segir:

*Það er mikið áhyggjuefni að forsvarsmaður sjávarbyggðar skuli geysast fram á ritvöllinn með vafasamar fullyrðingar um einhverja nútímavæðingu atvinnugreinar sem þjökuð er af vondu kvótakerfi sem særir sjávarbyggðirnar, framþróun útvegsins og réttlætiskennd almennings.*

Ef Sigurjón hefði lesið áfram hefði hann komist að eftirfarandi:

*Gallar kerfisins eru hins vegar stórkostlegir. Samþjöppunin og hagræðingin hefur komið af stað vítahring þegar kemur að verðlagningu kvóta – og gildir það jafnt um kaup og leigu...Þegar slíkt umhverfi blandast saman við óstöðugleika í efnahagslífinu eins og við höfum gengið í gegnum undanfarin ár er voðinn vís.*

Og ef hann hefði náð enn lengra hefði þetta blasað við:

*Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur ekki styrkt byggðirnar heldur hefur algjörlega snúist upp í andhverfu sína. Við því verður að bregðast...Það þarf að endurvekja þá byggðahugsun sem var hluti af fiskveiðistjórnarkerfinu í upphafi og styrkja forgang fólksins í sjávarbyggðunum til þess að nýta auðlindina sem er hér rétt við bæjardyrnar.*

Það færi betur á því að Sigurjón læsi greinar til enda og sliti þær ekki úr samhengi áður en hann reynir að ófrægja fólk með útúrsnúningum og ósannindum. Ég vona að líffræðingurinn Sigurjón Þórðarson byggi ekki vísindi sín á inngangi bóka – þá væri voðinn vís.

*Höfundur er bæjarstjóri Bolungarvíkur.*

# Fjársvik Símans á viðskiptavinum sínum

UMRÆÐAN
Útgjöld


ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

Ég var á ferð í Rússlandi á dögunum með gsm símann í vasanum. Þegar heim kom beið mín reikningur upp á nær 50 þúsund krónur frá Síminn hf sem var að verulegum hluta fyrir fáein innanbæjarsímtöl í St. Petersburg sem kostuðu nær 500 krónur mínútan! Þar sem kona mín er rússnesk þekki ég nokkuð vel til hvað almennt verð er á þessu svæði fyrir notkun gsm síma en það er 7-14 krónur fyrir hverja mínútu fyrir símtöl á milli gsm síma eða frá gsm síma í fastlínur innan borgarinnar. Síminn reyndi að rukka mig með nær 5000% - fimm þúsund földu álagi!

Auk símtaxta sem er gjörsamlega úti á túni og algerlega á skjön við reglur sem Evrópusambandið hefur nú sett á símafélög varðandi notkun gsm síma utan heimalandsins, eru fleiri hundruð krónur rukkaðar í hvert sinn sem reynt er að hringja í númer sem er á tali eða ekki náðist samband. Ítrekaðar en árangurslausar tilraunir að ná sambandi við slíkt númer kostuðu fleiri þúsund krónur hjá Símanum.

Hvað varðar símtöl í gsm símann til mín er bæði rukkað fyrir 'Símtal móttekið erlendis' og 'Svargjald erlendis (TAP)' en enginn hjá þjónustuveri Símans hefur getað upplýst mig hvað þetta gjald stendur fyrir. Lengd þeirra símtala er alltaf sýnd sem 0, en samt eru þúsundir króna færðar á símareikninginn fyrir þetta. Til að kóróna vitleysuna er síðan rukkað fyrir 'GPRS notkun erlends' sem starfsmaður Símans segir mér að sé fyrir að vafra á netinu. Hinsvegar er símtólið mitt með engar slíkar stillingar eða uppsetningar og ég hef aldrei séð eina einustu vefsíðu nokkru sinni birtast í þessum síma. Hinsvegar barst ruslpóstur með smáskilaboðum inná símann á þessu tímabili.

Það tók Símann marga mánuði að senda útskrift á símtölunum eftir að ég kvartaði fyrst yfir reikningnum. Eftir að skoða útskriftina er ástæða til að benda fólki á að fara vandlega yfir símareikninga sína frá Símanum, sérstaklega þegar gsm síminn er tekin með á ferðalögum erlendis. Slík gjaldtaka sem lýst er að ofan er auðvitað ekkert annað en fjársvik og þjófnaður. Evrópusambandið hefur skorið upp herör gegn slíku svindli símafélaga og nýlega sett reglur sem banna slíka gjaldtöku.

Þegar ég vakti athygli starfsmanna Símans á þessu voru svörin á þá leið að þetta hefði ekkert með Símann að gera, þeir hefðu ekkert yfir gjaldtökunni í Rússlandi að segja. Mér sem viðskiptavini Símans kemur í raun ekkert við hvort félagið lætur rússnesku mafíuna stela af sér peningum, hvort starfsmenn Símans séu svo óhæfir í starfi að þeim sé ófært að semja um eðlilegt verð fyrir sína viðskiptavina á erlendri grund eða hvort aðstandendur Símans séu sjálfir að stinga þessum peningum í vasann eða drekka þá út á sólarströndum erlendis. Það er þeirra mál hvernig þeir haga því, en Síminn getur ekki skuldað á minn símareikning hvað sem þeim eða glæpamönnum sem þeir eru í samstarfi við dettur í hug. Eitthvert samræmi verður að vera á milli eðlilegs markaðsverðs, þeirrar þjónustu sem veitt er og þess sem síðan er prentað á símareikninginn.

Þar sem allar tilraunir mínar til að fá starfsfólk Símans til að leiðrétta símareikninginn og færa hann til samræmis við eðlilega viðskiptahætti, hef ég neyðst til að grípa til þess úrræðis að kæra fjársvikin til Lögreglunnar í Reykjavík og Neytendastofu.

*Höfundur er athafnamaður.*

# *Margt skrýtið í kýrhausnum*

UMRÆÐAN
Náttúruvernd


HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Er þjóðin í álögum? Hvernig getur annars staðið á því að þeir sem vinna að gróðurvernd eða skógrækt eða menntað fólk í náttúruvísindum virðist ekki hafa, eða vill ekki hafa, hugmynd um hörmulegt ástand gróðurlendisinns á landinu okkar, þó það sé vitnað í það í erlendum náttúruritum sem skemmdasta land af búsetu. Með stærstu manngerðar eyðimerkur af manna völdum og þarf að fara til Norður-Afríku til samjafnaðar.

Er þessi skömm feimnismál í skólakerfinu? Ekki björgum við restinni af gróðrinum og gróðurmoldinni, okkar dýrustu eign, með lokuð augu. Þessir fræðingar ættu að opna augun fyrir staðreyndum og horfa í kring um sig á öll sárin og gróður og kjarrleifarnar sem berjast fyrir lífi sínu á viðkvæmum svæðum, fyrir ágangi 1.000.000 fjár og á annað hundrað þúsunda hrossa sem naga gróðurinn stjórnlaust um landið allt sumarið, og enginn ber ábyrgð á afleiðingunum fyrir landið.

Þið sem hafið lært og búið ykkur undir lífið, við að sinna umhverfismálum, er ekki brýnt erindi fyrir ykkur að byrja á grunn vandamálinu, sem allt annað byggist á, baráttu fyrir stöðvun stöðugrar rányrkju sem heldur allri viðleitni til landgræðslu í tapi? Að vinna að áætlunum og fræðslu um náttúruvernd við þessar aðstæður er eins og að byggja hús án þess að byrja á grunninum, eða prjóna flík sem stöðugt er rakið neðan af. Hvaða árangri skilar það? Er ásættanlegt að vinna við slíkar aðstæður? Ég veit að við sjálft „tregðulögmálið“ er að etja, en það má þó reyna að vekja samvisku þeirra sem eiga að sjá til þess að við skilum ekki landinu stöðugt skemmdara í hendur afkomendum okkar.

Það væri kannski meiri von í að ráðamenn hlustuðu frekar á ykkur fræðingana en einn og einn hrópanda í eyðimörkinni.

Það er sannarlega kominn tími til að þið látið í ykkur heyra.

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborg@centrum.is

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr.114.800

Þurrkari T223
- Verð frá kr. 78.540

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Fætur og íþróttir

UMRÆÐAN
Fótavernd


ÞÓRUNN GUÐGEIRSDÓTTIR

Alheimssamtök fótaaðgerðafræðinga; FIP, hafa valið maí fyrir fótverndarmánuð. Í ár ber hann yfirskriftina: fætur og íþróttir. Átt þú fótum þínum fjör að launa? Fæturnir endurspegla heilsufar þitt!

Í fætinum eru 52 bein, 66 liðamót, 214 liðbönd og 38 vöðvar. Íþróttir og hreyfing hafa góð áhrif á heilsu okkar andlega jafnt sem líkamlega. Fæturnir þarfnast þó sérstakrar umönnunar hjá íþróttaiðkendum. Við iðkun íþrótta, s.s skokk, hlaup, boltaleiki, fjallgöngur o.fl. verður mikið álag á fætur og er ekki óalgengt að það blæði undir neglur, myndist blöðrur eða tognun. Með réttri umhirðu má fyrirbyggja mörg fótvandamál.

Góð upphitun og góðar teygjur í lok æfinga eru mikilvægar.

Einnig góðir sokkar sem passa vel og halda raka frá fætinum.

Mikilvægt er að velja rétta skó fyrir hverja íþróttagrein. Ekki er gott að vera í hlaupaskóm þegar spilaður er tennis eða körfubolti. Nota þarf sérhannaða skó fyrir fótbolta, þolfimi o.s.frv. Klippa þarf neglur reglulega, hafa þær frekar stuttar og ekki klipptar í spíss.

**Hvað er til ráða þegar vandamál koma upp?**

Hvíld er besta ráðið við minniháttar vandamálum. Hægt er að hefja æfingar á ný þegar bólga er hjöðnuð og óþægindi eða sársauki er horfinn. Ef blöðrur myndast er ekki ráðlagt að sprengja þær. Betra að klippa til filt eða plástur og klippa úr þar sem blaðran er og líma yfir. Þá fær hún frið til að gróa. Einnig getur verið gagnlegt að nota gervihúð.

Gott er að leita ráða hjá fótaaðgerðafræðingum áður en farið er af stað t.d. göngufólk, skíðaiðkendur, golfarar o.fl, þegar vandamál koma upp.

75% fólks finna fyrir fótavandamálum einhverntímann á ævinni. Það er ekki eðlilegt að finna til í fótunum og nauðsynlegt að leita aðstoðar þegar það gerist.

Á einni mannsævi gengur meðalmanneskja um 150.000 km og getur það tekið sinn toll. Mannslíkaminn er skapaður fyrir hreyfingu en ekki kyrrstöðu.

**Ganga er góð líkamsrækt**

Kyrrsetufólk ætti að stunda a.m.k 30 mínútna rösklega göngu daglega. Það örvar vöðva og liðbönd til að starfa betur og eykur blóðflæði um allan líkamann. Lykillinn að heilbrigðum fótum, sama hvaða hreyfing er stunduð, er skórnir. Þegar keyptir eru íþróttaskór er gott að prufa nokkrar mismunandi gerðir. Best er að kaupa þá seinnipart dags því fæturnir vilja þrútna þegar líður á daginn. Gott er að vera í sömu eða samskonar sokkum og notaðir eru við íþróttaiðkunina, þegar skórnir eru keyptir. Mikilvægt er að halda skónum þurrum milli þess sem þeir eru notaðir.

Með sumarkveðju og ósk um góða fótheilsu við íþróttaiðkun sumarsins.

*Höfundur skrifar fyrir hönd fræðslu- og kynningarnefndar Félags íslenskra fótaaðgerðafræðinga.*

## AF NETINU

**Tveir milljarðar í vasann eftir sölu Kambs**

Ég hef fyrir satt að aðaleigandi Kambs á Flateyri, Hinrik Kristjánsson, fái TVO MILLJARÐA í sinn hlut þegar hann hefur selt allt heila klabbið og greitt skuldir sínar - hvorki meira né minna. Þetta hafa útvegsmenn á svæðinu reiknað út í ljósi þeirra aflaheimilda sem fyrirtækið hefur yfir að ráða (3000 þorskígildistonn sem leggja sig á 7 milljarða) og skuldsetningar fyrirtækisins. [...] Það er bænastund í Flateyrarkirkju í dag í tilefni af fréttum um lokun Kambs. Sorgin og vonleysið sem svífur yfir byggðarlaginu er ólýsanleg.

**Ólína Þorvarðardóttir**
**blogg.visir.is/olina**

**Nú kemur prófsteinninn á Eyjólf Sverrisson**

Landsliðsval Eyjólfs Sverrissonar er að sumu leyti sérkennilegt, sérstaklega valið á nýliðanum Gunnari Kristjánssyni. Hins vegar verður landsliðið og landsliðsþjálfarinn bara dæmd af árangrinum í leikjum liðsins. Eyjólfur er búinn að fá reynslutímann sinn og menn vilja fara að sjá einhver stig í næstu leikjum.

**Ágúst Borgþór Sverrisson - blogg.visir.is/agustborgthor**

**Glæsilegt ráðherraval Samfylkingar**

Um leið og ég óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar vil ég óska Ingibjörgu Sólrúnu til hamingju með sitt ráðherraval. Það er sterkt að tefla fram jafn mörgum körlum og konum í sína fyrstu ríkisstjórn. Að sama skapi er ráðherraval Geirs H. fremur dapurlegt - aðeins ein kona, og að endurráða Björn Bjarnason er fer illa saman við niðurstöður kosninga.

**Ingi Rúnar Eðvarðsson**
**blogg.visir.is/ingirunar**

**Geir fann kanski ekki sætustu stelpuna**

…á ballinu en hann fann þeim mun fleiri karlmenn sem gera sama gagn! Annars kom fram í samtölum fréttamanna við þingkonur Sjálfstæðisflokksins í gærkvöld, um þá staðreynd að ein kona væri í ráðherraliði sjálfstæðismanna, að þær myndu una niðurstöðunni þótt þær væru ekki fyllilegar sáttar.

**Arna Schram**
**blogg.visir.is/arna**

# allt

## Naomi Campbell

Nú er hægt að lesa hluta af dagbókarfærslum Naomi Campbell á vefsíðunni style.com/W/, en þær verða birtar í heild sinni í tímaritinu W. Þar má meðal annars lesa um reynslu Campbell af samfélagsþjónustu sem hún var dæmd til að inna af hendi eftir að hafa verið fundin sek um líkamsárás.



## Skráning er hafin

á námskeið í stafgöngu, bæði fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir. Námskeiðið hefst 29. maí og er tíu tíma langt. Gengið er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17.30 frá Laugardalslauginni um Laugardalinn. Skráning fer fram á skraning@skraning.is

## Casa gjafavöruverslun

hefur verið opnuð á fyrstu hæð Kringlunnar. Þar eru fáanlegar vörur frá heimsþekktum hönnuðum og framleiðendum á borð við Ritzenhoff, Driade, Rosendahl og Schulteufer. Hægt er að afla sér frekari upplýsinga með því að fara inn á www.kringlan.is.










Útilegukortið er komið!

Tjaldaðu með fjölskyldunni á **27 tjaldsvæðum** í allt sumar fyrir aðeins **9.900kr**




N1

ÚTILEGU KORTIÐ 2007

Frekari upplýsingar um Útilegukortið fást á netinu á www.utilegukortid.is.
Þú færð Útilegukortið á www.utilegukortid.is, helstu útivistarverslunum og á sölustöðum N1 um allt land.

**www.utilegukortid.is**

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




Kristleifur með happagleraugun góðu en með þeim sér hann sannleikann og meira til. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Happagleraugu sannleikans

***Sannleikurinn sést betur í þrívídd segir Kristleifur Daðason tölvunarfræðingur, sem fékk gleraugun sín að gjöf frá vini.***

„Hann Kristján Már vinur minn keypti þessi gleraugu á 150 kall í Góða hirðinum og ætlaði sér að nota þau sem svona flipp-partý gleraugu, en síðar sama dag hitti hann mig, fann það í hjarta sér að ég yrði að eignast þau og gaf mér því gleraugun í fullri einlægni,“ segir Kristleifur.

„Ég ljómaði allur og þáði þau með þökkum. Setti gleraugun á mig og komst að því að styrkleiki glersins var akkúrat sá sem ég þarf, sem sagt happagleraugu! Svo eru þau stór og mikil og geta þannig ekki klikkað.

Reyndar er styrkurinn aðeins of mikill þannig að öll þrívídd verður ýktari og þannig verða þau happagleraugu sannleikans. Sannleikurinn sést betur í þrívídd,“ segir Kristleifur og bætir því við að fyrst hafi hann verið svolítið meðvitaður með gleraugun á nefinu. „Ég varð frekar nojaður og gerði fólki upp hugsanir. Til dæmis; „Hvaða athyglissjúka listaháskólafrík er þetta... hvað heldur hann að hann sé...“ og svo framvegis, en fljótlega vandist ég gleraugunum og hætti að hugsa svona. Þar fyrir utan þá get ég greint kjarnann frá hisminu með happagleraugum sannleikans. Fólk sem ég fíla hefur alltaf á orði hvað þetta séu falleg gleraugu á meðan hinir fussa,“ segir Kristleifur að lokum.

*- mhg*


Dr. Fischer

ANDLITSKLÚTAR

Dr. Fischer



Age Defying | Deep Cleansing | Gentle Exfoliating | Herbal Cleansing

Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar. Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 prófítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 próvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina. B5 próvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.



**Nakti apinn** er alltaf með skemmtilega skrautlega skó sem hressa og kæta þegar sumarið bankar upp á.

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



Stór svört sólgleraugu eru öllum bítnikkum jafn nauðsynleg og glas af rauðvíni og bók eftir Jack Kerouac.



Ecridure de Chanel augnpenni til að undirstrika dulúðug augun.



Ítalskar mokkasínur kr. 9.800

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

# Bókmenntavillingar – bítnikkar

***Undanfarin misseri hefur hinn svokallaði bítnikk-stíll átt auknum vinsældum að fagna.***

Upp úr 1950 fór að bera á hópi ungra skálda í Bandaríkjunum sem fyrst um sinn voru kölluð Beat-kynslóðin en átta árum síðar, skömmu eftir að rússneska geimflaugin Spútnikk fór í loftið, setti blaðamaðurinn Herb Caen viðbótina -nik fyrir aftan „beat“, og úr varð orðið „Beatnik“.

Bítnikk er einskonar bókmenntavillingur. Hefur gaman af því að lesa og skrifa skáldsögur og ljóð, en er um leið ólm, eða ólmur í hverskyns áhættulifnað. Afgerandi fatastíll fylgir því að vera bítnikk. Hann er aldrei glyslegur eða áberandi en umfram allt -töff enda eiga bítnikkar heiðurinn af slanguryrðum á borð við „hipp“ og „kúl“.



Serge Gainsbourg og Jane Birkin voru lengi vel fyrirmyndir bóhemískra bítnikka og ekki er til sá bóhem í dag sem ekki hefur einhverntíma sett Serge á fóninn.



Æðislegur hnepptur kjóll frá Companys, Kringlunni. Mjög bítnikklegur.




Bítnikkar reykja og þannig er það nú bara. Áður en Mokka bannaði reykingar hefðu bítnikkar vissulega farið þangað til að fá sér smók en eftir 1. júní eiga þau eftir að reykja inni hjá sér.



Svört og hvít armbönd frá Accessorize Kringlunni.



Mjúkir og fallegir leðurskór frá Companys, Kringlunni.



Jack Kerouac og Neal Cassady voru alveg með´etta enda frumkvöðlar bítnikk-stefnunnar.

Maternity

Fyrir verðandi og nýbakaðar mæður.

- Neðanþvottaklútar fyrir þrútin og viðkvæm svæði
- Olíugel, eykur teygjanleika húðarinnar og er tilvalið til að nudda upp úr
- Næringarkrem sem eykur teygjanleika húðarinnar
- Fótakrem sem léttir á þrútnum fótum



Fæst í apótekum um land allt

NÝJAR VÖRUR



Jakkar

Stuttkápur

Sumarúlpur

Úlputilboð 5.900 kr.

ToppHÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16




NÝTT

Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Anita Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

**Níundi áratugurinn** lætur á sér kræla enn og aftur. Neonbleikur varalitur verður heitur í sumar.





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Lýsisbrennsla, galdramiðir og „high tech“ megrun

Sumarið nálgast og að vanda flæða nýjungar inn á snyrtivörumarkaðinn hér eins og annars staðar. Hver um sig keppast framleiðendur við að senda frá sér nýja hrukkubana, töflur og krem til að undirbúa sólarferðir. Fínustu merkin hafa verið að framleiða ný hrukkukrem sem eiga að hafa ótrúleg áhrif sem aldrei áður en eru um leið miklu dýrari en þekkist (Chanel, Helena Rubinstein, Lancôme). Síðast en ekki síst er það sem tröllríður markaðnum frá því í fyrra, krem og áburðir sem eiga að eyða fitunni undir húðinni í kringum maga, rass og læri. Það ótrúlega er að svo virðist sem sum þeirra virki. Það er í það minnsta niðurstaða neytendablaðs hér í Frakklandi „60 millions de consommateurs“ en þar segir að sum af þessum fitubrennslukremum geti minnkað mjaðmamál eða læri um nokkra sentimetra. Þessi krem eiga að auka brennslu og örva frumurnar eða minnka fitusöfnun. Ekki svo lítið þegar bikiní-tímabilið nálgast óðfluga.

Það er löngu þekkt staðreynd að sól í óhófi skemmir húðina og veldur hrukkum, þess vegna er mikilvægt að vernda húðina í sólinni. En almenningur leitar sömuleiðis sífellt meira í allskyns brúnkukrem til að bjarga andlitinu þegar hitinn hækkar og fötum fækkar en húðin hefur enn mjólkurlit vetrarins. Eitt af fjölmörgum nýjungum á markaðnum er sturtugel frá Aquatéal sem er notað eins og venjulegt sturtugel en gerir húðina brúna á eftir. Því er ekki lag af kremi á húðinni eftir notkun heldur er hægt að skella sér í föt strax eftir sturtuna og hlaupa út. Auðvitað endist gervibrúnkan tarkmarkað en í það minnsta er húðinni hlíft við hættulegum geislum.

Sífellt fleiri reyna nú ýmsar nýjungar til að grennast án megrunar eða örva húðina til að endurnýja sig og prófa jafnvel meðferðir til að fá fitufrumurnar til að bólgna og springa. Um er að ræða nokkrar mismunandi aðferðir. Til dæmis einskonar kefli sem er rúllað fram og aftur yfir húðina til að örva húðfrumurnar og losa varlega húðina frá fitulaginu. Önnur aðferð er að nota ómbylgjur (Ultrashape) sem er ein af fáum megrunaraðferðum sem eyðir fitufrumum þar sem engin skurðaðgerð er nauðsynleg, eins og til dæmis við fitusog. Vandamálið er þó að þessi aðferð hentar þeim ekki sem hafa að minnsta kosti 3 sentimetra af vöðva og hún virkar ekki heldur fyrir þá sem eiga við alvarleg offituvandamál að stríða. Sú síðasta er að sprauta efni inn í fitulagið sem sprengir fitufrumurnar sem síðan er fylgt eftir með „infrarauðum“ geisla sem á að koma í veg fyrir að þær vaxi að nýju (médisculpture).

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*


# ÚTSALA

# 20-50%

## AFSLÁTTUR AF SKARTGRIPUM, ÚRUM OG ROSENDAHL GJAFAVÖRU.

BRILLIANT

Laugarvegur 49 · Sími 561 7740






FRÁBÆRT ÚRVAL AF SUNDFÖTUM





Selena

Síðumúla 3, sími 553 7355

Sumaropnun: 10-18 virka daga
11-15 laugardaga

vísir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is

SKECHERS ACTIVE

á börnin





Stærðir: 27 - 35
4.690 kr.





Stærðir 27 - 35
4.690 kr.





Stærðir 27 - 35
5.890 kr.





Stærðir 21 - 26
5.990 kr.





Stærðir 21 - 26
5.390 kr.

www.xena.is

xena

SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



**Tískuhönnuðir**
eru margir hverjir farnir að víkka sjóndeildarhringinn og færa sig í hönnun innanstokksmuna. Einn þeirra er Ralph Lauren. www.rlhome.polo.com.






# Íslensk list í öndvegi

***Listmunir eru prýði hvers heimilis. Í versluninni Gallerí List í Skipholti 50 A er úr mörgum að velja og allir eru þeir íslenskir.***

Gallerí List hefur flutt sig milli húsa í Skipholtinu. Nú hefur verslunin hreiðrað um sig þar sem pósthúsið var til skamms tíma og fengið þar bæði bjarta sali og ríflegt veggpláss þannig að sýningaraðstaða hefur stórbatnað. Úrvalið af listmunum er líka mikið og allir eru þeir gerðir af íslenskum listamönnum. Munir úr gleri og keramiki eru áberandi en nýjar styttur úr tré vekja líka athygli. Málverk, bæði olíu og vatnslita, ásamt grafíkmyndum taka sig vel út á veggjunum og hægt er fletta í gegnum úrval af þeim í afgreiðsluhólfum. Glerið er alltaf sígilt og nú eru gluggamyndir að öðlast vinsældir aftur eftir hlé, að sögn verslunarkonunnar Unnar.



Stílhreinir keramikmunir eftir Áslaugu Höskuldsdóttur fara vel á nútímaheimilum.



Ein af nýjungunum í Gallerí List eru þessar styttur eftir Svölu Þórðardóttur. Hausarnir eru úr leir en líkamarnir úr tré.



Nýjar glermyndir Kristínar Guðmundsdóttur.












# Gamalt og gæðalegt

***Ítölsk gæðaleikföng úr náttúrulegum efnum.***

Á tímum einnota plastbíla og tölvuspila getur verið gott að líta aftur til fortíðar og innleiða gömlu leikföngin sem endast. Ítalska fyrirtækið DePadova selur skemmtilegt og gæðalegt barnadót sem minnir mjög á gamla tíma. Viður er áberandi í hönnuninni sem spannar allt frá kubbum til glæsibifreiða. www.depadova.it



Sportlegur spýtubíll.



Skemmtilegur rugguhestur.



Viðarhjól fyrir smáfólkið.



Fallega hannaður leikfangabíll með sniðugum tengivagni.

**Mikil saltneysla** getur aukið líkur á magasári samkvæmt nýlegri rannsókn og tengist einnig magakrabbameini.






# Sveppir nærast á geislavirkni

***Vísindamenn hafa komist að því að vissar sveppategundir geta fangað geislavirkni og breytt henni í lífræna orku.***

Vísindamenn við Albert Einstein-stofnun Yeshiva-háskólans hafa komist að því að fjöldi sveppategunda getur nærst á geislavirkni. Sé hófleg geislavirkni til staðar vaxa þeir betur og fjölga sér hraðar.

Rannsókn á þessum hæfileika sveppa hefur staðið yfir í fimm ár. Kveikjan var þegar vísindamenn tóku eftir því að ákveðnar sveppategundir döfnuðu afar vel á veggjum híbýla í Chernobyl.



Sveppir tillífa geislavirkni með tilstuðlan litarefnisins melaníns, sama efnis og gerir okkur brún í sól. Hlutverk þess hefur hingað til verið óþekkt í sveppum.

Uppgötvunin getur haft ýmsa kosti í för með sér. Meðal annars er gælt við þá hugmynd að rækta matsveppi úti í geimnum fyrir svanga geimfara. „Mikið er af jónandi geislun í geimnum. Sveppir sem nýta sér hana gætu verið óendanleg mataruppspretta fyrir geimfara í löngum verkefnum og þegar nema á nýjar plánetur," sagði dr. Ekaterina Dadachova, stjórnandi rannsóknarinnar. *- tg*




# Pilla sem stöðvar blæðingar

***Í þróun er ný getnaðarvarnarpilla sem má taka alla daga ársins án hlés.***



Ný pilla er í þróun hjá lyfjafyrirtækinu Wyeth. Ber hún nafnið Lybrel og er ætluð konum sem vilja stöðva blæðingar.

Allar getnaðarvarnarpillur virka þannig að þær stöðva egglos og bæla tíðir. Venjulega er pillan ekki tekin í eina viku á hverjum tíðahring og konur fara því á blæðingar eins og venjulega. Konur hafa hingað til getað tekið pilluna áfram til að koma í veg fyrir blæðingar þó ekki hafi verið mælt með því.

Lybrel er fyrsta pillan sem á að taka alla daga ársins án hlés. Gerðar hafa verið rannsóknir á pillunni og um 41 prósent kvenna sem hana tóku urðu þó varar við einhverja útferð.

Læknar telja að Lybrel geti hjálpað konum sem hafa mikla fyrirtíðarverki. Ógleði, krampar og höfuðverkir sem þeim fylgi heyri sögunni til með hinni nýju pillu.

Sala á Lybrel-pillunni hefst að öllum líkindum í Bandaríkjunum í júlí. *- sg*



## Viagra gegn flugþreytu

STINNINGARLYFIÐ VIAGRA LEYSIR ÝMIS VANDAMÁL

Viagra-lyfið er þekktast fyrir að leysa úr stinningarvanda karlmanna. Nú hefur komið á daginn að það geti leyst fleiri vandamál. Tilraunir sem gerðar hafa verið með lyfið á hömstrum sýnir að það dregur verulega úr flugþreytu. Flugþreyta stafar fyrst og fremst af þeim tímamismun sem fólk verður fyrir þegar það fer á milli landa. Líklegt er að rannsóknir hefjist fljótlega á lyfinu til að sjá hvort megi gefa það flugþreyttum. *- keþ*

## Áhrif nanóefna óþekkt

EFNI MEÐHÖNDLUÐ MEÐ NANÓTÆKNI KOMA Á MARKAÐ REGLULEGA.



Nanótækni gengur út á að eiga við byggingu efna á sameindastigi. Tækninni fleygir stöðugt fram og nú koma ný nanóefni reglulega á markað.

Mörg eru notuð í lækningaskyni og iðnaði. Lítið er vitað um umhverfisáhrif þeirra og hvort þau séu skaðleg heilsu manna, dýra og plantna. Bandaríska umhverfisstofnunin hefur kallað eftir reglugerð um notkun efnanna.

Ljóst þykir að nanóefnum eigi eftir að fjölga og segja talsmenn umhverfisstofnunarinnar að ef forðast eigi annað umhverfisslys í líkingu við TTD þurfi að rannsaka áhrif efnanna frekar. *- tg*









# gott á grillið

FIMMTUDAGUR 24. MAÍ 2007

## Grillað fyrir grænmetisætur

**Helga Mogensen gefur ljúffengar uppskriftir** BLS. 2





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Grillveisla Sægreifans

Hin fullkomna humarsúpa

samkvæmt New York Times

Opið 7-21 alla daga vikunnar

Humarsúpa

Fiskur á grillið

Sægreifinn

Sérverslun með sjávarfang

Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500



# Grillað fyrir grænmetisætur

**Flestir eru vanir því að grillaðar séu steikur, pylsur, fiskur eða annað slíkt og dettur líklega fátt í hug fyrir þá sem ekki borða kjöt. Helga Mogensen hjá Manni lifandi kann góðar lausnir á því og töfraði fram þessa fínu grillveislu grænmetisætunnar.**

### SUÐRÆNT OG SEIÐANDI Á GRILLIÐ

3 stk. rauðrófur skornar í lengjur
4 gulrætur skornar í lengjur
2 tsk. rauðar paprikur skornar í lengjur
2 stk. fennel skorin í lengjur
1 msk. smátt saxaður hvítlaukur
1 msk. smátt söxuð steinselja ásamt söxuðum kóríander
1/4 tsk. grófur pipar
1 msk. sítrónusafi
1 bolli ólífuolía
1/3 bolli balsamedik
1 msk. sojasósa

Penslið grænmetið rétt áður en það er grillað. Snúið grænmetinu og penslið á ný rétt áður en það er borið fram.
Gott að strá yfir grænmetið um það bil 200 g af rifnum, krydduðum geitaosti.

### HEIMATILBÚIN MAJONES-SÍTRÓNUSÓSA

Góð með öllum grillmat

Safi úr tveimur sítrónum
1 egg
2-3 msk. vatn
1 bolli ólífuolía, dökk og lífræn
1/2 tsk. gróft salt
hnífsoddur af cayenne-pipar
má bæta við sterku sinnepi


Helga Mogensen stendur við grillið með dýrindis grænmeti.

Sítrónusafinn, eggið og 1 msk. af vatni sett í matvinnsluvél.
Ólífuolíu blandað varlega saman við þar til sósan þykknar.
Bætið 1 msk. af vatni í einu út í sósuna þar til hún er mátulega þykk.
Salt og cayenne-pipar hrært saman við
Geymið í kæli í nokkurn tíma þar til borið er fram.
Sósan er mjög góð með grænmetisréttum, fiski og grilluðu kjöti.

### GRILLAÐUR ANANAS

1 stór ananas, hreinsaður og skorinn í sneiðar
1/2 bolli agavesýróp
1/4 bolli appelsínusafi
1 msk. lime-safi
Lífrænar ristaðar kókosflögur til að strá yfir ásamt Vega soja ís.

Ananasinn grillaður í um það bil fimm mínútur.
Hristið saman sýrópið og safana og setjið yfir ávöxtinn þegar búið er að grilla hann. Sósan á að vera þykk.
Skreytið með ristuðum kókosflögum og myntublöðum.

### HRÁ GRILLSÓSA

Góð á grænmeti og kjöt

3 stk. tómatar
2 msk. miso


Grillaður ananas með kókosflögum.

2 msk. hunang
1 tsk. ferskur chilli, smátt skorinn

Grófskerið tómatana og setjið allt hráefnið í matvinnsluvél. Hrært þar til sósan er þykk og jöfn.
Gott með grillkjöti og fer einnig vel með kexkökum.

### GÚRKUSALAT Í JÓGÚRTSÓSU

1 stk. gúrka skorin í fingurstærð og blandað við sósuna.

**Sósa:**
1-2 dósir hrein, lífræn jógúrt.
2 pressaðir hvítlaukar (má sleppa)
salt og pipar
safi úr 1/2 sítrónu
smá olía
Smátt saxað myntulauf sett saman við

### KJÚKLINGABAUNASALAT MEÐ MÖNDLUM OG FRÆJUM FYRIR FJÓRA

2 dl blönduð fræ. Sólblómafræ, graskerjafræ og möndlur
1 dós kjúklingabaunir
100 g sólþurrkaðir tómatar, saxaðir
1 msk. extra virgin ólífuolía
1 poki klettasalat
safi af 1/2 lífrænni sítrónu eða lime
hnífsoddur af kanil
nýmalaður svartur pipar

Ristið fræin, saxið tómatana. Blandið klettasalati, baunum, tómötum og kryddunum í skál og skreytið með kanil.

### FLJÓTLEG PIZZA FYRIR BÖRNIN

Tómatsósa með grænmeti í dós, Il nutrimento, smurð yfir tilbúinn pizzubotn.
Sveppum og paprikustrimlum dreift yfir og loks góður ostur og skellt á grillið.

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Öflugt gasgrill
16,5 kw/h

29.900
VERÐ ÁÐUR 34.900
3 brennarar úr pottjárni
Grillgrindur úr pottjárni
Emelerað lok m. hitamæli
Viðargrind á hjólum
Steikarplata, grind í loki
Skúffa fyrir fitu
Þrýstijafnari fylgir
Grillflötur 64 x 49 cm
LANDMANN
Askalind 4, Kóp - Sími 554-0400




**ÁBREIÐUR OG ÚRVAL GRILLÁHALDA**

**GASKÚTAR** fást á þjónustustöðvum N1

**N1** VERSLANIR
**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

SÍMI 440 1100
WWW.N1.IS

Hjá N1 færðu fjölbreytt úrval af grillum, grilláhöldum og ábreiðum. Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu. **N1 – Meira í leiðinni**

# Gefur matnum aukið bragð

**Marinering bragðbætir, gerir matinn safaríkari, mýkir eða stinnir, allt eftir því sem við á.**

Nanna Rögnvaldardóttir er flestum matgæðingum kunnug, enda er hún eins konar alfræðiorðabók um mat ef svo mætti kalla og fæst nú helst við að þýða og skrifa matreiðslubækur fyrir Eddu útgáfu. Fréttablaðið hafði samband við Nönnu og þáði upplýsingar úr þekkingarbrunni hennar um gildi og tilgang þess að marinera grillmat.

„Megintilgangurinn með því að leggja grillmat í kryddlög er tvíþættur: Annars vegar að gefa honum aukið bragð, hins vegar er verið að gera hann meyrari og ef til vill stinnari eða safaríkari," segir Nanna og bendir á að aðalhráefnunum í flestum marineringum megi skipta í þrjá flokka:

1) einhvers konar olía eða önnur feiti
2) eitthvað súrt, til dæmis edik, sítrussafi eða jógúrt
3) krydd, kryddjurtir og aðrir bragðgjafar.



Matgæðingurinn Nanna Rögnvaldardóttir er fjölfróð um marineringar á grillmat.

„Ef verið er að hugsa um bragðið fyrst og fremst er hægt að nota hvaða kryddblöndu sem er og blanda henni saman við einhvern vökva sem getur til dæmis verið olía eða olíu/ediksblanda, tómatmauk, rauðvín eða eitthvað annað. Ef ætlast er til þess að kryddlögurinn geri hráefnið meyrara þarf að koma til eitthvað sem brýtur niður ensímin og þá erum við til dæmis að tala um edik, sítrussafa, jógúrt, vín og suma ávexti eins og ananas og kíví. Oft er tilgangurinn líka tvíþættur og þá er tilvalið að nota kryddlög sem inniheldur bæði olíu og sítrónusafa eða edik, en sítrussafi og edik þurrka hráefni og olían gerir það safaríkara," segir Nanna.

„Þegar grilla á fisk sem er ekki mjög stinnur er gott að nota einhvern sítruskryddlög til að gera hann þéttari í sér en þá þarf að gæta þess að hafa fiskinn ekki of lengi í leginum því að sítrussafinn „eldar" fiskinn smám saman og ef hann er grillaður eftir að hafa legið lengi í slíkum legi er hætt við að hann verði allt of þurr og ofsteiktur. Ekki er heldur gott að salta kryddlög sem matur á að liggja í því að saltið dregur út safa úr hráefninu," segir hún og tekur fram að betra sé að salta rétt áður en maturinn fer á grillið.

„Yfirleitt á matur að standa í kæli á meðan hann marinerast en svo er gott að taka hann út um hálftíma áður en hann fer á grillið því það á aldrei að setja neitt ískalt á grillið og oftast er best að strjúka og jafnvel skafa marineringuna af áður en maturinn er settur á grillið. Þetta gildir ekki síst ef marineringin er sæt (til dæmis barbecue-sósa) því annars brennur sykurinn mjög fljótt. Svo má pensla kjötið aftur með marineringunni skömmu fyrir lok grilltímans (þó ekki síðustu 2-3 mínúturnar). Þurrkaðar kryddjurtir brenna líka oft mjög fljótt. Ef hráefnið hefur legið í „blautri" marineringu, það er að segja marineringu sem inniheldur mikinn vökva (annan en olíu) er jafnvel gott að þerra það lauslega með eldhúspappír ef maður vill að það brúnist því blautt yfirborð brúnast ekki auðveldlega," segir Nanna og bendir að lokum á að marineringuna má oft nota sem sósu, eða grunn í sósu, fyrir grillmatinn en að þá þurfi alltaf að sjóða hana í að minnsta kosti 5 mínútur.

*mhg@frettabladid.is*



**Nanna:** „Ef verið er að hugsa um bragðið fyrst og fremst er í sjálfu sér hægt að nota nokkurn veginn hvaða kryddblöndu sem er og blanda henni saman við einhvern vökva sem getur til dæmis verið olía eða olíu/ediksblanda, tómatmauk, rauðvín eða annað."

MYND/GETTYIMAGES



Bjóðið upp á ...
ristaða humarhala
Nú er tími fyrir humarveislu. Lokkandi og ljúffengir humarhalar bíða ykkar í hentugum umbúðum og uppskriftir fylgja með á bakhliðinni.
Fjórir gæðaflokkar eru í boði:
Fyrsta flokks humarhalar, góðir humarhalar, valdir skelbrotshalar eða smáhumar í súpur og smárétti.
Sannkallaður sælkeramatur fyrir alla!
Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV



**ÞUMALPUTTAREGLUR UM HVE LENGI MATUR Á AÐ LIGGJA Í KRYDDLEGI:**

| | |
|---|---|
| Fiskur í flökum og sneiðum | ½-1 klst. |
| Heill fiskur (t.d. silungur) | 1-2 klst |
| Lambakjöt, nautakjöt | 3-6 klst |
| Svínakjöt | 2-4 klst |
| Kjúklingur | 1-4 klst |
| Grænmeti | 1-2 klst |

Sé maturinn lagður í kryddlög í ílát úr málmi getur komið málmbragð. Ílát úr plasti, gleri eða leir henta betur. Ef kryddlögurinn flýtur ekki yfir matinn þarf að snúa honum nokkrum sinnum á meðan hann marinerast. Einnig má setja allt í plastpoka, loka honum vel og snúa honum nokkrum sinnum á meðan maturinn marinerast.

**EINFÖLD GRUNNMARINERING FYRIR FLESTAR TEGUNDIR AF GRILLMAT:**

5 msk. olía (ég nota ISIO-4 eða ólífuolíu)
2 msk. sítrónusafi, nýkreistur
1 msk. balsamedik (má sleppa)
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
nokkrar timjangreinar, saxaðar eða ½ tsk. þurrkað timjan
söxuð blöð af 1 rósmaríngrein
nýmalaður svartur pipar, salt

Öllu nema saltinu blandað saman og hráefnið látið liggja í því í kæli. Það er svo saltað rétt áður en það er sett á grillið.

# Flottust á tjaldsvæðinu





Ferðagrill með kæliboxi fæst í Grillbúðinni og er hannað með þægindi og hreinleika í huga. Þau sem vilja vera „flottust á tjaldstæðinu“ geta fengið sér grillið sem þjónar bæði sem gasgrill og kælibox fyrir gos og aðra drykki sem gott er að sötra á góðri stund við glóðirnar. Grillið er uppfullt af aukahlutum, því fylgir teflonhúðuð grillgrind og plata, kælitaska, upptakari, hitamælir, tankur sem tekur við fitunni og jafnvel hallarmál. Grillið er meðfærilegt enda hægt að lyfta því upp með því að stíga á pedal. Verðið er 49.900 krónur.

Í Grillbúðinni má einnig fá þetta skemmtilega grilltangasett sem er í laginu eins og golfsett. Verð: 6.990 krónur.



## Ódýr og einföld

Einnota grill eru ódýr, handhæg og einföld í notkun. Það er mikill misskilningur að ekki sé hægt að grilla almennilega á einnota grilli. Einnota grill eru fín og á þeim má grilla nánast hvað sem er með góðum árangri. Stærðin er ekki einu sinni vandamál. Það má leggja nokkur einnota grill saman, hlið við hlið, ef steikin er stór.

Það er því óþarfi að eyða peningum í rándýrt gasgrill með alls konar aukabúnaði þegar hægt er að kaupa ódýrt, einnota grill og nota peningana til að kaupa gæðahráefni, til dæmis nautalundir og skötusel. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það jú maturinn sem þetta snýst allt saman um.

## ● NOKKRAR STAÐREYNDIR ... UM GRILL

Stærsta grill heims var haldið í Kansas City í Bandaríkjunum árið 1975. Risastór hola var grafin sérstaklega fyrir viðburðinn en fimm naut voru grilluð. Grillhátíðin tók þrjá daga og þrjú lið grillmeistara vöktuðu grillið öllum stundum.

Grill var upprunalega notað í Karíbahafinu þar sem indjánar notuðu trékurl á litlum eldi til að elda kjötræmur.

Bandaríkjamenn eru mjög hrifnir af grilli. Grill er til á þremur af fjórum amerískum heimilum og eru þau notuð að meðaltali fimm sinnum í mánuði.

Alþjóðlegt orð grills er „barbecue“ en enginn veit uppruna orðsins. Spánverjar kalla það barbacoa, Frakkarnir tala um barbe a queue og Rúmenar hafa búið til orðið barbec.

Stærsta grillpartí var haldið í New Orleans árið 1997 þegar um það bil átján þúsund manns komu saman í tilefni fimmtugsafmælis. Ekki voru allir sem komu í afmælið boðnir og sumir vissu ekki einu sinni hvert afmælisbarnið var.





Asíu BBQ skötuselur í hoba-laufum.

# Himneskt úr hafinu

**Sigurður Ívar Sigurðsson og Lárus Gunnar Jónasson, matreiðslumenn á Sjávarkjallaranum, sáu um grillveislu sem haldin var á Kjarvalsstöðum á dögunum og óhætt er að segja að réttir þeirra hafi slegið í gegn. Grillaður humar, skötuselur og skelfiskur runnu ofan í gesti, sem óspart létu það í veðri vaka hversu góður maturinn var. Fréttablaðið hafði samband við Sigurð og innti eftir uppskriftum sem hann gaf með glöðu geði.**

### HUMAR Í ENGIFER MARINERINGU

20 stórir humarhalar
8 stórar skeljar af krækling
100 ml ólífu olía
100 g sushi-engifer
10 geirar hvítlaukur
timjan
kumquat
salt og pipar

Aðferð: olía, sushi-engifer og hvítlaukur sett í matvinnsluvél og maukað saman í marineringarlög. Humarinn og kræklingurinn eru svo marineraðir í þessu í tvo til fimm tíma áður en því er raðað í grillgrindina ásamt hvítlauk, timjangreinum eða kumquati sem eru eins konar litlar appelsínur.
Að lokum er maturinn saltaður og olían hrist af svo grindin verði ekki alelda.
Grillað í um það bil 2 til 6 mínútur, eftir því hversu öflugt grillið er.

### MANGÓ-MAÍS SÓSA

1/2 flaska hvítvín
4 msk. hunang
1 lítri mangó púrre
2 stk. grillaðir maískólfar
2 stk. mangó
1 búnt kóriander
salt

Hvítvín og hunang soðið niður um helming, þá er mangó purre bætt út í og soðið niður um 1/2.
Að lokum er mangó, maís og kóríander skorinn út í og sósan smökkuð til.



Grillaður skötuselur og ananas á pinna.

### SKÖTUSELUR ASÍU BBQ

skötuselur
ferskur ananas
rauður chili (kjarnhreinsaður)
agúrka
vatnsmelóna
lauf

Aðferð: Skötuselurinn er marineraður í asíu bbq í tvo til fimm tíma (sjá neðar). Svo er hann vafinn inn í bambus, banana eða hoba-lauf og settur á pinna ásamt ananas. Smátt skornir bitar af agúrkum og vatnsmelónum hafðir sem meðlæti.

### ASÍU BBQ MARINERING

2 msk. oregano
2 msk. broddkúmen (cummin)
örlítið af sesuan-pipar
100 ml hrígrjónaedik
ein flaska af sake eða hvítvíni
örlítið mulinn svartur pipar
200 ml olía
100 ml bbq-sósa

Edikið og vínið er soðið niður með kryddinu, sett í matvinnsluvél með bbq sósu og olíu hellt út á.

*mhg@frettabladid.is*







Kynntu þér okkar breiða úrval af Weber grillum á næsta sölustað.

Söluaðilar.: Járn og Gler ehf - Garðheimar - ECC - Húsasmiðjan - EGG www.weber.is



**● OLÍA Á GRILLIÐ** Með því að bera olíu á grindina á grillinu er hægt að koma í veg fyrir að maturinn festist við. Best er að smyrja olíuna á grindina rétt áður en maturinn er lagður á grillið. Ef olían er borin á of snemma er hætta á að hún brenni upp. Ágætt er að væta hreinan klút með olíu og halda á honum með grilltöng og þrýsta honum á grindina til að smyrja hana með olíunni.



**● ALMENNINGSGRILL** má finna víða á höfuðborgarsvæðinu. Borgarbúar þurfa ekki að leita langt að útigrilli þar sem vinahópar og fjölskyldur geta komið saman og gert sér glaðan dag.

**Hér eru nokkrir tilvaldir staðir:**

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Hljómskálagarðurinn, Viðey og Miklatún. Í Heiðmörk eru mörg grill. Útigrill eru á Hallarflöt, í Vífilsstaðahlíð, Sandahlíð og í námunni í Urriðahrauni. Í Kópavogi er stórt yfirbyggt útigrill í Guðmundarlundi uppi á Vatnsenda. Við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði eru tvö útigrill sem allir mega nota og á skógræktarsvæðinu í Hamrahlíð við Vesturlandsveg er fínt grill.

# Grillað á ýmsa vegu

**Að grilla getur boðið upp á ýmsar matreiðsluaðferðir aðrar en þá að henda matnum á grillið.**

**● GUFUGRILLUN** Setjið fisk eða grænmeti á álpappír og vefjið honum svo lauslega utan um en gætið þess að hafa loftgat svo alvöru gufusoðning geti átt sér stað. Setjið pakkann ekki á heitasta staðinn á grillinu heldur frekar út í jaðrana svo innihaldið sjóði hægt og vel. Þessi aðferð gerir það að verkum að safinn sem er í matnum helst innra með honum og því er hvorki þörf á að olíubera matinn né krydda hann sérstaklega. Það má þó alveg líka.

**● GRILLAÐ Á TEINI** Hér þarf opinn eld, tíma og mun meiri fyrirhöfn en við venjulegt grillstand en það er algerlega þess virði öðru hvoru og vekur gríðarlega lukku. Á teini er lítið mál að elda heilan fugl eða stórt lambalæri án þess að safinn leki úr. Rekið teininn í gegnum kjötið, helst í gegnum miðjuna þar sem jafnvægið er best, og kjötið grillast jafnt.

**● REYKT GRILL** Það er óskaplega gott að hafa örlítið reykbragð af grillmatnum. Hægt er að fá viðarkurl úr ýmsum trjátegundum, sem gefur gott bragð. Gott er að bleyta upp í kurlinu í svona klukkustund og strá því svo yfir kolin. Þá kviknar síður í kurlinu en reykurinn verður þeim mun meiri og bragðið þar af leiðandi líka. Það er líka gott að strá ferskum kryddjurtum yfir kolin áður en eldamennskan hefst, til að fá aðeins öðruvísi en alveg jafn gott bragð af grillmatnum góða.



**Fisk má gufusjóða á grillinu.**




ÍSLANDS GRÍS
*Stolt kjötmeistarans*

# Fljótleg og fitulítil máltíð...



## Grísalærisvöðvi beint á grillið!

**Beinlaus - 100% nýting**

**Minna en 5% fita**




FERSKAR KJÖTVÖRUR

Fæst í: HAGKAUP BÓNUS

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

Arnarbílar



SUZUKI GSX1300R HAYABUSA árg 4/2000 ek 25.þ 5 gíra 1300cc 175 hestöfl Verð 950.þús Áhv 696.þús Afb 13.þ Vantar Allar Gerðir Bíla Á Skrá Og Á Staðinn - FRÍ SÖLULAUN Í MAÍ



HONDA CBR 929 árg 6/2000 ek aðeins 6.þ km 929cc 5 gíra 147 hestöfl Verð 850.þús Vantar Allar Gerðir Bíla Á Skrá Og Á Staðinn - FRÍ SÖLULAUN Í MAÍ

**Arnarbílar Gylfaflöt 5**
**S:5672700**

X4 ehf



Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hestöfl, 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Frumsýnum 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is



Dísel Land Rover Defender 33" Tdi Double Cap árg 5/1999 ek. 96 þ.km. Ásett 1.390 þ. Flott eintak.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**Sjá fleirri myndir á www.heimsbilar.is Til sýnis og sölu áHeimsbílum kletthálsi 2 S: 567-4000**
**www.heimsbilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



VW Caddy árgerð 2005 diesel 2,0 ekinn 56 þús.km., aukadekk á felgum, sk.'08, 100% lánað, verð 1.350.000,- m.vsk. 821-6292



GMC Pickup extra cab 4x4, árgerð 1996, 6,5 turbo diesel, 5 manna, ekinn 180 þús., pallhús, ný dekk, bíll í topplagi, sk.'08, 100% lánað, verð 1.350.000,- 821-6292



Ford Econline árgerð 1995 F-350 diesel 7,3 extra long, 5 manna, nýtt olíuverk, ekinn 210 þús.km., sk.'08, í góðu lagi en lítur ekki vel út, 100 % lánað, verð 650.000,- 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

100 bílar.is bílasala



Vantar bíla á planið vegna mikillar sölu. www.100bilar.is opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/ Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Landcruiser 100. 5/05. diesel, ek. 36þús. Mjög vel útbúinn bíll. 18" álfelgur ofl. Verð 7490þ Sími 894-8620.



Yaris 06/2004 tilboð 940.000 þús 5dyra, 5 gíra ekinn 60.000 þús. uppl. í sima 894 3334



M.Benz E-270 Cdi Eleg. árg. '01, Ek. 159Þ. Sóllúga, laus-dráttark. þjónustub. Verð 2.100Þ. Uppl. 660 6214



Cadillac Escalade '02 ek 98þús. 20'felgur ásett3.950 tilboð stgr.2.950þús s:663-4994



Til sölu Musso sport 2004 ek. 50þús. Dísel, sjálfskiptur, nýsk., næsta skoðun 2009. Lok yfir palli og plast inn í palli. Verð 1.850 þús. Nánari uppl. í s. 862 6960.



Til sölu Bens 300D Árg.'93 Uppl. í s. 899 9055.



BMW M5 árg.'00 ek. 90þ. Verð 3,6 m. 20%stgr. afsláttur. Skoða skipti. Uppl. í s. 690 5726 eða hjá Bílalind í s. 580 8900.



Camaro SS Convertible árg. '01. Flottur bíll sem vert er að skoða. Gott lán áhvílandi. Uppl. í s. 844 5222.



**Lítil úborgun!**
VW Polo 1.4 árg. '00, 5 dyra, ek. 105 þús., góður bíll. Áhv. 230 þús., ásett 490 þús. Tilboð 330 þús. Uppl. í s. 844 5222.



Daewoo kalos Se,Árg 09/03,E-69Þ, 5 Gíra,1400 Vél,Sk08,Fæst á láni 650Þ ,661-8197.



Skoða öll skipti. MAZDA 6,3000vél,Árg 2006,Ek-1þ,SSK,CD,Skoða öll skipti.Gott lán. 661-8185



**Ótrúlega sparneytinn,100% lán!**
SUZUKI JIMNY JLX,Árg04,E-45Þ,Cd,Ásett 1290Þ,Yfirtaka á láni. ,8972425.



Til sölu Mmc. L200 Árg.11/04. Ek. 50þús. 35" breytting, klæðning í húsi og dráttarbeisli, skíðabogar. Einn eigandi, verð 2,700þús. S. 694 4500 & 669 9761.

**www.bilapartar.is**
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Honda Accord 2000i sport árg 05 ek: 31 þ. Fallegur bíll þarfnast lagfæringar verð 1590 þ. Listaverð 2090 þ. Suzuki Jimny árg 04 nýskoðaður góður bíll 150 út og yfirtaka á láni hjá SP 730 þús 15 þ á mánuði. Uppl í síma 8980069

Subaro Legacy 2,0 dökk grænn sedan árg. '00, ek 120 þ. Ssk. 4x4, 16" álfelgur. Uppl. í s. 690 0980.

VW Polo sept '00, ek. aðeins 58 þús. km, mjög vel með farinn. Toppeintak. S. 892 9804.

Svartur BMW 525 diesel '02, ek. 135 þús. Gott eintak. Verð 2.920 þús. S. 895 3026.

Til sölu Dodge Dakota 4X4, árg. '98. Með bilaða ssk. Fæst fyrir lítið. Góður bíll. Uppl. í s. 893 7023.

Til sölu M. Bens árg. '96. Ek. 170 þús. Verð 890 þús. Uppl. í s. 696 9376.

**750 þús. í afslátt.**
BMW 320 diesel. árg. 07/02. 110% eintak. Sjálfsk. Skoða öll skipti. Ásett 2.500 þ. Verð nú 1.750 þ. Áhvl. 1.640 þ. Uppl. í s. 844 5222.

Toyota Coster árg. '86 til sölu. Bilað hedd, heilt fylgir. Tilboð óskast. Toyota Crown station diesel árg. '82. Tilboð óskast. Uppl. í s. 897-5976.

## 0-250 þús.

VW Golf árg.'98,beinsk.,ek.163þ. Sk.'07,þarfnast lagfæringar.Verð 95þ. Uppl.í s.8465832

Gott verð!! Pontiac Grand Am '94, 2 dyra. Uppl. í s. 897 3757.

Volvo 460GLE Ekinn 165þús Árg94 Sjálfskiptur Verð 120þús Uppl. í síma 840-2832

Stór útsala!! Pajero árg.'92 Ssk 7m. Toppl. V95Þ. s. 844 6609.

1600 Golf árg.'98. Ek. 145 þús. Þarnast smá viðgerðar utaná. Tilboð óskast í síma 692 9707. Fyrstur kemur fyrstur fær.

## 250-499 þús.



Sparibaukur! Til sölu Daihatsu Cuore '00, ekinn aðeins 76.000 km. Í mjög góðu ástandi. Verð 290.000. Sími 844-7920.

Palomino Colt'99,9 fet,fortj,grjótgrind. V.450 þ stgr.Uppl.í s.820-7540

Suzuki Baleno '98. Ek. 90 þús. Beinskiptur, 4 dyra, sumar+vetrardekk, fjarst. samlæs., hiti í sætum. V: 300þ. S:899-0282

## 500-999 þús.



Tilboð! Suzuki Ignis Sport. 1490cc. 108,8hö. Nýskr.12.08.05. Ekinn 17.782 km. Sem nýr.Tvö sett álfelgur+dekk. Verð: 990.000 kr. Gulli 869 3723



Til sölu gullfallegur Getz. Ótrúlega kraftmikill, 1600cc, en á sama tíma frábærlega sparneytinn, 8,5/100. Hann er 2003 árg. með topplúgu, spoiler og á álfelgum. 5 dyra beinskiptur og einungis ekinn 58 þús. Þetta er rúmgóður bíll sem þú vilt ekki missa af. Verð 750.000kr. Uppl. í s. 695 2728.

## 1-2 milljónir



Vw Bora 2004árg ekin 10þús.. verð 1.480.. lán er uppá 1,2..S: 6904065



Vegna flutnings, Gullfallegur MMC Pajero (Montero) Limited '01 Ek.100 þ. km. Listaverð um 2.500.000. Seldur á aðeins 1.890.000. Uppl. www.internet.is/Arndis eða S.822 0322.

Nissan Almera Visia Árg 05 AÐEINS 25 þús út og yfirtöku á 1132þús kr láni. S 692-7559

## 2 milljónir +




Stórútsala á bílum: Nýr 2007 Dodge Caravan frá kr. 2.490þús! Rúmgóður 7 manna fjölskyldubíll. Fæst sem 4x4. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com






VW Passat árg. 2005 ek.25 þús 2.0 Beinskiptur. 18" felgur. Möguleiki á 100%láni. S.849 9605.



Renault kangoo árg. 2006 1,5 Dísel beinskipt. Ekinn 19þús. Möguleiki á 100%láni Ásett verð 1650. Tilboð 1450 þús. kr. S. 849 9605.



M. Bens Ml 320. Árg. 2001 ekinn 82 þ. mílur. Verð 2650. Tilboð 100 þús. út + 2250 yfirtaka S. 891 8970.



Mazda RX 8 árg 2005, ekinn 13 þús. Sjálfskiptur, sóllúga, fallegur bíll, skoða skipti. sími 892 8196

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum japönskum fólksbíl. Hámark 150 þús. Sími 699 8376.

Skoðaður station bíl með krók óskast (helst VW) í skiptum fyrir nýtt fjórhjól að andvirði 320þ. Uppl. í s. 893 4334.

## Jeppar



**800 þús. út + yfirtaka á láni !**
Glæsilegur Nissan Patrol GR nýskráður 12/2005, ekinn 26 þ. km, - Upphækkaður 33" dekk, stigbretti, túrbína, þakbogar, kastarar o.m.fl. Verð 4.390 þús. Uppl. í s. 864 1410.



Til sölu toyota Hilux árg 94 disel,ek 230 þús km breittur fyrir 33" dekk en er á góðum 32" dekkjum.Mjög vel með farinn og góður bíll.Verð í rvk 25 maí. Verð 550 þús uppl í síma 6973409 og 4782377

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Tjarnarg. 101 R/laus 3 herb. 80 fm. kjallari m/sérinng. Reyklaus. Langtímal. 130þús innif rafm+hiti s:898-8936

## Húsnæði óskast

HALLÓ. 25 ára par utan af landi vantar íbuð leigða fra 1 juni, helst á 101-105 rvk ca. reglusemi og traust skilyrði. skoða allt. jonina 8665032, oli 8692200

Stór íbúð óskast í Rvk. með húsgögnum. Uppl. í s. 897 8978.

Miðaldra, reyklaus kk. óskar eftir einstaklingsíbúð á leigu. S. 690 5109.

Ungur maður óskar eftir 2. herb. íbúð sem fyrst í 101 eða 105. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. Uppl. í s. 661 9069 eða pallik@gmail.com

Óska eftir íbúð á höfuðborgarasvæðinu fyrir 85þús. á mán. Skilyrði að íbúðin sé snyrtileg, er sjálfur reyklaus, reglusamur og snyrtilegur. Uppl. í s. 840 6677.

Skólafólk utan að landi óska eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu frá með 1 júní. Reyklaus, reglusöm og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 690 2050 Edith

Til leigu frá 1.júni 2,herb. kj.íbúð í 107 Rvk, sérinng. Nál. H.Í. Kr. 80þús. á mán + hússj. um ca.4000þús. Trygging. bankaábyrgð leiga 3mán. Meðmæli 2ja. Uppl. í s. 896 6331.

## Sumarbústaðir



Til leigu glæsilegir vel búnir 2-4 manna sumarbústaðir 55 km frá Reykjavík. Fjölbreytt afþreying í nágrenninu, m.a. sund, golf og veiði. Uppl. í síma 663 2712

Til sölu 14m2 bjálkahús tilbúið til flutnings í skorradal verð 300þ. Uppl í s:898 6224

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir 50-200 fm iðnaðarhúsnæði. Hef meðmæli og get greitt fyrirframgreiðslu ef með þarf. Er í síma 898 0335, Stefán.

Mjög gott 240 fm atvinnuhúsnæði í 104 Rvk til leigu. Björt 120 fm jarðhæð með innkeyrsludyrum og 120 fm eftri hæð nýtist sem skrifstofa eða sem lúxusíbúð. Uppl. í s. 690 1011.

Atvinnuhúsnæði 250 fm salur um 40 mín frá Rvk. Bjart húsnæði með mikilli lofthæð. Hagstæð leiga. Einnig hægt að fá leigt samliggjandi ca. 100 fm húsnæði sem nýtist sem íbúð og/eða skrifstofa. Uppl. í s. 699 1011.

Til leigu atvinnuhúsnæði v/sætún.Eitt bil,háar innkeyrsludyr.Laust. S. 896 9747

85.fm. Lager húsnæði við Sogaveg til leigu á 68þús. á mán. Uppl. í s. 696 7168.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Til leigu mjög góð 250 fm geymsluskemma á Eyrarbakka Nýstandsett, góð lofthæð, góðar innk. dyr. Lág leiga. Uppl. í s. 661 6800.




# ATVINNA

## Atvinna í boði







**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
-bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

**Matreiðslumaður.**
Óskum eftir matreiðslumanni til sumarafleysinga í 6 vikur í sumar.
Uppl. veita Valur Sveinbjörnsson og Guðbjörg Vignisdóttir sími 4112500.
Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is

**Aðhlynning vaktavinna.**
Óskum eftir starfsfólki við aðhlynningu í Þjónustuíbúðum Dalbraut 27,
bæði fastar stöður og sumarafleysingar. Um er að ræða 80% stöður dag og kvöldvaktir, unnið aðra hvora helgi.
Uppl. veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500.
Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is

**Starfsmaður í eldhús.**
óskum eftir starfsmanni í eldhús, lærðum eða með mikla reynslu.
Upplýsingar í síma 864 6112.

**Ríkið Snorrabraut.**
Starfmenn vantar í kvöld og helgarvinnu.
Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Myndbandaleiga. Snorrabraut 56.

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar aðstoðarmann í eldhús. Einnig vantar fólk í þjónustustörf í sal.
Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á valdi@hresso.is

**Bílstjórar**
Óskum eftir að ráða sjálfstæða og skipulagða bílstjóra í sumarstörf. Umsækjendur þurfa að hafa „trailer" réttindi.
Nánari upplýsingar veitir Pétur G. Jónsson í síma 444 3052.
Hægt er að sækja um á www.skeljungur.is eða senda ferilskrá á starf@skeljungur.is.

**Straumvirki ehf**
Óskum eftir rafvirkjum og aðstoðarmönnum í sumarstörf og framtíðarstörf. Næg verkefni framundan.
Uppl. í s. 898 0466 & 862 0704

**Símadömur óskast**
Rauða Torgið leitar samstarfs við glaðlyndar símadömur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is

Vantar vélstjóra á Litlaberg ÁR-155 sem gerir út frá Þorlákshöfn. Vélastærð 368 kW (500 hö). Uppl. í s. 898 3285.

Veitingahús óskar eftir starfsfóllki í sal. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8. S. 551 1014.

Stýrimann og annan vélstjóra vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnotabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522 & 845 3480.

Vantar saumakonur, vinnutími sveigjanlegur. Uppl. í s. 866 6886.

**Hársnyrtinemi/Sveinn**
óskast á Hárkúnst Austurströnd 12 Seltjarnarnesi. Uppl. í s. 551 3314 & 861 2981.

Viltu vinna með skemmtilegu fólki? Vantar þig kvöld og helgarvinnu? Hefurðu gaman af að þjónusta fólk? Okkur vantar þig í vinnu á Andarunganum. Hafðu samband í síma 849-5422

Starfsmann með kunnáttu í blómaskreytingum vantar. Aukavinna eða sem aðalstarf, góð laun fyrir réttan aðila í boði. Uppl. í s. 699 1011.

Starfsfólk óskast á Hjólbarðaverkstæði sem tekur líka að sér þvott og bón. Erum staddir í Hafnarfyrði og Reykjavík Uppl í síma 899 2844

Garðaþjónusta óskar eftir duglegu starfsfólki í skemmtilegt sumarstarf. Nánari uppl. veitir Magnús í s. 862 8618.

**Málarar.**
Vantar málara eða menn vana málningarvinnu. Uppl. í s. 697 3592.

Óska eftir meiraprófsbílstjóra í útkeyrslu. þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í s. 693 3785.

Óskum eftir starfsmanni/sumarstarfsmanni í fullt starf við saumaskap og afgreiðslu. Áhugasamir hafi samband við Helga í s. 695 5030.

**Garðvinna**
Óska eftir manneskju í garðvinnu í hlutastarf. Bílpróf skilyrði. Uppl. í s. 863 3492

Vanan járnamann vantar. Uppl. í s. 820 2129.

**Vantar strax!!**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 15-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Flottar stelpur og hraustir strákar óskast í skemmtilega og ævintýralega sumarvinnu. S. 894 4141.

## Atvinna óskast




Smiður óskar eftir verkefnum / vinnu, helst á svæði 101 Rvk. Uppl. í s. 616 6779.

53 ára kona óskar eftir starfi fyrri hluta dags, helst við símsvörun og/eða móttöku. Uppl. í síma 894 4054.

Duglegur 27.kk garð.fræðing vantar góða sumarv. (ekki m bílpr) Uppl í S:6912104

19. ára piltur óskar eftir vinnu. Er samviskusamur og stundvís. Get byrjað strax. Uppl. í s. 848 3560.

## Viðskiptatækifæri

Til sölu er rekstur á hverfisbar í fullum rekstri. Hentar vel fyrir einstaklinga sem vilja vinna sjálfstætt. Ath. ýmis skipti t.d bílum. Uppl. í s. 661 1400.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál







ATVINNA

**EMM LEITAR AÐ MÓDELUM**

Emm leitar að módelum á öllum aldri og af öllum stærðum og gerðum.

Það eina sem þú þarft að gera er að senda mynd af þér ásamt fullu nafni og símanúmeri á emm@emm.is

Hlökkum til heyra frá þér

EMM - GRENSÁSVEGI 12a - S:517-1070
www.emm.is

ATVINNA

**Bílstjórar og gröfumenn**

Vegna aukinna verkefna vantar bílstjóra á krókheysis- og dráttabíla til starfa strax. Einnig vantar okkur vana gröfumenn. Góð laun í boði fyrir rétta menn.

Upplýsingar gefnar í síma 896 3801 eða 896 3806.
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins
www.gtverktakar.is

ÁLFTANESSKÓLI

**„gilin og lækirnir fossa af brún "**

Óskum að ráða:

- Grunnskólakennara á yngsta stig 100% starf
- Grunnskólakennara á miðstig 100 % starf
- Tónmenntakennara í 50% starf
- Heimilisfræði - hlutastarf

Upplýsingar um störfin gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri í símum 5404700 og 8215009.
netfang: gudlaug.erla.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi.
Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is

Skólastjóri



GOTT FÓLK McCANN

**Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI**
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR
Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR.
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM
ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN.

*Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli*

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!


ÆTLARÐU LANGT UM HELGINA?
FARÐU VARLEGA – LÍF LIGGUR VIÐ!
POKASJÓÐUR
MERKI UM UPPBYGGINGU


BÓNUS
Sjáðu verðið!
Rafmagns hlaupahjól
5998 KR.
RAFMAGNS HLAUPAHJÓL
EKKERT BRUDL
Jurtakryddaðar grillkjúklingabringur
Bónus kryddbringur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1959 KR.
Merkt verð 2798KR.
EKKERT BRUDL
KF SALAT
98 KR.
350g
Nú er það
Grænar baunir 720 ml
49 KR.
680g
Svínakótelettur ALI grill og úrbeinaðar hnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673KR.
30% afsláttur
við kassann
Ali grill svínakótelettur og úrb. svínahnakkasneiðar
200g
159 KR.
30% VERÐLÆKKUN!
LÉTT SÓSA
DIJONSINNEP OG PIPAR/
GRASLAUKUR OG STEINSELJA
HVÍTLAUKUR
ENGIFER OG JALAPENÓ
Einiberja lambalæri
40% afsláttur
við kassann
Spelt pitsudeig
259 KR.
400g
Fituminna hangiálegg
KÍLÓVERÐ NÚ:
1689 KR.
Merkt verð 2815KR.
40% afsláttur
við kassann
EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
Smyrill 300g
89 KR.


GRILLKRYDDAÐAR LAMBAFRAMPARTSSNEIÐAR
KF GRILL LAMBAFRAMPARTUR
kílóverð nú:
698 KR.
Merkt verð 998KR.
VILLIKRYDDAÐAR LAMBAKÓTELETTUR
VILLI LAMBAKÓTELETTUR
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Ferskir og blandaðir Bónus kjúklingabitar
FERSKIR BÓNUSBITAR
kílóverð nú:
275 KR.
Merkt verð 393KR.
Bónusopnan!
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð um:
250 KR.
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
3 XL
3 XL rúllur
298 KR.
GÓÐAR VIÐ GRILLIÐ
Bónus býður betur!
Stóri Túli
BRAUÐ+OSTUR+SÓSA
249 KR.
140g ungnaut
Verð á pakkningu
159 KR.
VELJIÐ SJÁLF!
30 glös 12 oz
18 glös 16 oz
VELJIÐ SJÁLF!
15 diskar 9"
10 djúpir 7"
8 hólfadiskar 10"
VELJIÐ SJÁLF!
24 gafflar
24 skeiðar
24 teskeiðar
24 hnífar
VELJIÐ SJÁLF!
Allt í grillveisluna!
www.bonus.is



ÉRIC CANTONA ER 41 ÁRS Í DAG

*„Ég gæti hafa sagt þetta, en þegar á heildina er litið segi ég yfirleitt tóma steypu.“*

***Knattspyrnukappinn víðfrægi fæddist þennan dag árið 1966.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. MAÍ 1949

## Fyrstu orrustu kalda stríðsins lýkur

Á þessum degi árið 1949 afléttu Sovétríkin einangrun Vestur-Berlínar og opnuðu aftur fyrir landsamgöngur inn í borgina.

Í kjölfar falls þriðja ríkisins skrifuðu bandamenn undir Potsdam-sáttmálann þar sem Þýskalandi var skipt niður í hernámssvæði. Vegna samninganna var Vestur-Berlín hersetin af Vesturveldunum á meðan sovéskt landsvæði umlukti borgarhlutann.

Sovétmenn töldu það nauðsynlegt að ganga úr skugga um að Þýskaland gæti aldrei aftur ráðist á Rússland. Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar vildu hins vegar endurbyggja Þýskaland. Úr varð fyrsta deila austur- og vesturblokkarinnar í kalda stríðinu.

Sovétmenn brugðust við uppbyggingu Vestur-Berlínar með því að loka á allar járnbrautateina og vegi sem lágu inn í borgarhlutann. Vesturveldin svöruðu með einni umfangsmestu loftbrú sögunnar þar sem stöðugt var flogið með mat og aðrar nauðsynjar til Vestur-Berlínar.



BERLÍNARMÚRINN

Alls stóð einangrunin í 321 dag. Á þeim tíma var farið í 278.228 flugferðir með 2.326.406 tonn af vörum. Þegar mest lét lenti ein flugvél í Vestur-Berlín á mínútu.

24. maí 1949 afléttu Sovétmenn einangruninni og ekki var þörf fyrir loftbrúna lengur.

### MERKISATBURÐIR

1830 Mæja átti lítið lamb eftir Sahara Hale kemur út.

1883 Brooklyn-brúin í New York opnuð fyrir almennri umferð. 14 ár tók að smíða brúna.

1941 Bismarck sekkur HMS Hood sem þá var stolt breska flotans. Allir nema þrír úr áhöfninni farast.

1956 Fyrsta Eurovisionkeppnin er haldin í Lugano í Sviss. Heimamenn sigra keppnina.

1973 Mótmælafundur, sá fjölmennasti á Íslandi, var haldinn í Reykjavík. Um þrjátíu þúsund manns mótmæltu flotaíhlutun Breta vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur.



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Egilsdóttir**
Sólvangi, Hafnarfirði,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi þriðjudaginn 22. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Jón Birgir Þórólfsson**
**Einar Jónsson**
**Guðný Agla Jónsdóttir**
**Jóhann Gunnar Jónsson**
**Brynja Einarsdóttir**
**Eygló Karlsdóttir**
**Ásmundur Ívarsson**
**Silja Þórðardóttir**
**og langömmubörn.**



†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Agatha Sesselja Sigurðardóttir**
ljósmóðir,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 25. maí kl. 15.00.

**Jóhanna Baldursdóttir**
**Stefanía Ellý Baldursdóttir**
**Sigrún Baldursdóttir**
**Jóhann Kröyer**
**Guðni Karl Brynjólfsson**



†

*Eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,*

**Karl Magnússon**
Tröð, Fróðárhreppi,

lést laugardaginn 19. maí á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.30.

**Hallfríður Eiðsdóttir**
**Hrafnhildur Karlsdóttir**
**Hörður Karlsson**
**Sigurborg Leifsdóttir**

†

*Elskulegur frændi,*

**Ólafur Ó. Guðmundsson**
sjómaður, Hrafnistu, Laugarási,

lést sunnudaginn 13. maí 2007. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda.

**Sigurður Óli Bjarnason**

**TÁKN AUSTUR-ÞÝSKALANDS:** TRABANT ER 50 ÁRA

## Tíu Trabantar á númerum

Fimmtíu ár eru frá því að fyrsti Trabantinn rann af færibandinu í Zwickau í Austur-Þýskalandi. Þessi snaggaralegi bíll var framleiddur í 34 ár og það í nær óbreyttri mynd. Alls voru þrjár milljónir bíla framleiddir.

Upphaflega átti Trabant að vera þríhjól en seint á hönnunarferlinu var honum breytt í fjögurra hjóla bíl. Vélarval í Trabant bendir hinsvegar til þess að upphaflega hafi bíllinn átt að vera sláttuvél, en hann var búinn tvígengismótor sem skilaði heilum 25 hestöflum. Hann var 21 sekúndu frá 0 upp í 100 km hraða og því ekki beint um kappakstursbíl að ræða.

Nei, Trabant var aldrei ætlað að þeysa um hraðbrautir. Þess í stað var hann hannaður til að flytja stolta kommúnista í og úr vinnu og út í sveit um helgar. Aðal kostur hans að mati framleiðenda var að þrátt fyrir smæð kæmust fjórir fullorðnir og farangur í bílinn. Nafnbótin undirstrikar þetta hlutverk hans en orðið Trabant þýðir ferðafélagi.

Þar sem biðtíminn eftir Trabant var langur, jafnvel svo skipti mörgum árum, hugsuðu eigendur vel um bíla sína og var meðallífftími Trabants í Austur-Þýskalandi 28 ár.

Á Íslandi var líftíminn ekki jafn langur, rétt eins og á við um flesta bíla. Í dag eru tíu Trabantar eftir á númerum en eitthvað er um gangfæra bíla sem bíða betri daga inni í skúr.

Eigandi eins slíks bíls er Guðbjartur Nilsson framkvæmdastjóri Kísildals ehf. „Ég keypti Trabant á námsárunum mínum og keyrði hann einhverja 30 þúsund kílómetra, þar á meðal milli Reykjavíkur og Akureyrar nokkrum sinnum, áður en ég lagði honum,“ segir Guðbjartur.

Bíll Guðbjarts hefur lifað tímana tvenna, er árgerð 1987 og fluttur hingað frá Afganistan. Hann ætti því hefðinni samkvæmt að eiga átta ár eftir. „Hann er ekki á númerum núna en hann er gangfær,“ segir Guðbjartur. „Það reyndist því miður of mikil vinna bæði að stýra fyrirtæki og halda Trabant við.“

Framleiðslu Trabants var hætt árið 1991.

tryggvi@frettabladid.is




**GRÆNN TRABANT** Þessi græni Trabant er í eigu Guðbjarts Nilssonar en í Austur-Þýskalandi gamla eru grænir Trabantar merki um lukku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í GÓÐU STANDI** Menn ganga mislangt í að halda Traböntum við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Legsteinar og fylgihlutir**
• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson · Hermann Jónasson · Geir Harðarson · Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Auglýsingar sendist á
**auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma **550 5000.**



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S.HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


## Nýtt tölublað Tímamóta

Afstaða, félag fanga á Litla-Hrauni, gefur út blað sem hefur sömu yfirskrift og þessi síða, það er að segja Tímamót. Þar koma þeir málefnum sínum á framfæri á skilmerkilegan hátt og fjalla meðal annars um hvernig fyrrverandi föngum er tekið úti í samfélaginu þegar þeir hafa afplánað sína dóma. Baráttan við fíknina er líka til umfjöllunar og ein grein er um æskilega meðferðardeild á Litla-Hrauni. Kjarabarátta fangavarða kemur við sögu og Ekron starfsþjálfunin sem stofnuð var árið 2004 fyrir einstaklinga sem ekki hafa gott aðgengi að hinum almenna vinnumarkaði.



**TÍMAMÓT, HIÐ NÝJA TÖLUBLAÐ FÉLAGS FANGA.**




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Evrópa unga fólksins

Ungmennaáætlun Evrópusambandsins

Þriðji umsóknarfrestur um styrki vegna nýrrar ungmennaáætlunar Evrópusambandsins, **Evrópu unga fólksins** „Youth in Action“ er **1. júní 2007**

Umsóknum þarf að skila á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Evrópu unga fólksins, EUF á Laugavegi 170, 2. hæð. Á sama stað er hægt að skoða handbók verkefnisins. Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 551 9300 eða á euf@euf.is

**www.euf.is**

## STUÐ MILLI STRÍÐA Verður heklað á netinu?

**KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR** LEITAR AÐ STÝRIPINNANUM



Fyrsta tölvan sem ég eignaði mér hét Amstrad en hana hafði frændi minn fengið í fermingargjöf einhvern tíma á áttunda áratugnum. Henni fylgdi þykk gormabók með forskriftum sem fylgja mátti til að láta skjáinn skipta um lit – og ef maður var verulega þolinmóður gat maður látið lítinn kall hlaupa yfir skjáinn með því að skrifa upp fjórar síður af kóða. Þessi tölva kenndi mér mikla þolinmæði og hjálpaði mér að ná upp miklum vélritunarhraða sem nýtist mér enn á hverjum degi. Í hana var einnig hægt að stinga kasettum (og bíða í korter) eftir að leikir hlæðust inn á hana. Í þeirri tölvu skaut ég niður mörg illmenni, setti heimsmeistaramet í sleggjukasti og tapaði oft í tvívíðum kappakstri.

Ég las á dögunum að helstu sóknarfæri tölvuleikjaframleiðenda væru hjá framtíðar eldri borgurum. Ég verð vonandi einn þeirra. Þó ég leiki mér ekki mikið í tölvunni núna hlakka ég til að taka fram stýripinnann aftur. Ég hef reynt að ímynda mér með hvernig leikjum við gamla liðið eigum eftir að drepa tímann. Verður rykið bara dustað af Pac-Man eða munum við bregða okkur í hlutverk smekkbuxnadvergsins Super Mario?

Eða verðum við kannski föst inn í veruleika Eve Online sem í dag virðist töluvert meira spennandi en spilakvöld á Grund? Verður kannski hægt að hekla á netinu?

Ég get ekki ímyndað mér um hvað leikirnir munu snúast en það verður ábyggilega heljarinnar fjör í framtíðinni. Reyndar verður ábyggilega eftirsóknarvert að vera gamall, fólk hlýtur brátt að fá leiða á þessari æskudýrkun. Ég er af mjög fjölmennri kynslóð, fædd á ári barnsins, og þegar sú kynslóð verður loksins komin með eitthvert eiginlegt mótunarvald mun hún í krafti stærðar sinnar koma því til leiðar að það sé svalt að eldast. Og þá verð ég vonandi á notalegu vistheimili með Ice-T í eyrunum að spila Tetris.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu breyt'eikkurru?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

# Til hamingju hönnuðir og útgefendur!

**Prentsmiðjan Oddi ehf. verðlaunaði íslenska hönnuði fyrir bestu bókarkápur ársins 2006 í gær. Alls bárust 118 bækur í keppnina. Einnig voru veittar sérstakar viðurkenningar fyrir athyglisverða bókagerð, Félag starfsfólks bókaverslana valdi kápu og almenningur útnefndi bókarkápu í netkosningu.**




1. sæti **Sendiherrann**
Hönnun Sigrún Pálsdóttir / Bjarney R. Hinriksdóttir
Mál og menning




2. sæti **Kvæðakver**
Hönnun Ragnar Helgi Ólafsson
Vaka-Helgafell




3. sæti **Draumalandið**
Hönnun Börkur Arnarson
Mál og menning



Athyglisverð bókagerð, einnig valin besta kápan að mati Félags starfsfólks bókaverslanna **Svavar Pétur & 20. öldin**
Hönnun Una Lorenzen
Nýhil



Athyglisverð bókagerð **Riceboy Sleeps**
Hönnun Jón Þór Birgisson / Alex Somers
Moss Stories




Besta bókarkápan í netkosningu
**Sér grefur gröf**
Hönnun Ragnar Helgi Ólafsson
Veröld

## Bókarkápan 2006, dómnefnd

Ragnheiður Sigurðardóttir frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa
Örn Smári Gíslason frá Félagi íslenskra teiknara
Halldór Guðmundsson rithöfundur og fyrrum útgáfustjóri

Oddi hönnun P07.04.411

# ÞÍN TILBOÐ FYRIR HVÍTASUNNUNA !



# KRÓNAN
fyrst og fremst.

... í verðsamkeppni



ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
25. maí kl. 20 Uppselt
26. maí kl. 20 Uppselt
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



AÐALFUNDUR VINAFÉLAGS SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Fimmtudaginn 31. maí 2007 kl. 17.30 verður aðalfundur Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands haldinn í Sunnusal Hótel Sögu.

DAGSKRÁ AÐALFUNDARINS

1. Skýrsla og reikningar stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Umræður um skýrslu og reikninga.
3. Kosning stjórnar fyrir komandi starfsár.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna.
5. Ákvörðun árgjalds.
6. Önnur mál.

Á eftir venjulegum aðalfundarstörfum mun Karólína Eiríksdóttir sjá um kynningu á tónleikum kvöldsins.

STJÓRN VINAFÉLAGS SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

LADDI 6-TUGUR
Þri 29/5 kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 UPPS. Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Mið 6/6 kl. 20
Sun 10/6 kl. 20
Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 25/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september

LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 25/5 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!
PARTÍLAND - eftir Jón Atla Jónasson. Alþýðuskemmtun með söng, leik og dansi. Leikfélagið Gilligogg í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Listahátíð í Reykjavík.
Lau. 26/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Fös. 25/5 örfá sæti laus. Síðasta sýning í vor! Umræður eftir sýninguna 25/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi.
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld, fim. 24/5 uppselt, fös.1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!
Kúlan
LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.
Fim. 7/6 örfá sæti laus, fös. 8/6.
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

**! Kl. 20.00**
*Orgelsnillingurinn Michael Radualescu stýrir tónleikum í kirkjunni þar sem fluttar verða tvær kantötur eftir J. S. Bach. Einsöngvarar eru Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Þorbjörn Rúnarsson og Bergþór Pálsson. Kór Langholtskirkju syngur og Kammersveit Langholtskirkju leikur en konsertmeistari er Júlíana Elín Kjartansdóttir.*



**> Ekki missa af...**
einstakri upplifun um borð í varðskipinu **Óðni**. **Vatnadansmeyjafélagið Hrafnhildur** stendur þar að sýningunni **Gyðjan í vélinni** í tilefni af Listahátíð í Reykjavík. Þar er leitað að gyðjunni í **nútímanum** með vopnum listarinnar en sýningin er **nýstárleg** blanda leik-, dans- og myndlistar. Tvær aukasýningar eru eftir, í kvöld og annað kvöld.

# menning
menning@frettabladid.is



**DJASSTRÍÓ ESBJÖRNS SVENSSONAR** Þeir eru óhræddir við að feta nýjar slóðir, þessir víðfrægu Svíar sem kæta munu djassgeggjara og aðra forvitna tónlistarunnendur á Listahátíð.

## Áheyrilegir og öðruvísi

Djassbandið E.S.T. fer sínar eigin leiðir en frumleiki þess og fagleg spilamennska hefur komið því ofarlega á lista djassaðdáenda um allan heim.

Gagnrýnendur hafa lofað sænska djasstríóið E.S.T í hástert, ekki aðeins fyrir tónlistina sem það semur heldur einnig líflegan flutning. E.S.T. leikur á tvennum tónleikum á Listhátíð í Reykjavík nú um helgina.

Meðlimir E.S.T. eru frá Stokkhólmi og tónlistin er léttur og auðheyrilegur djass með áhrifum víða að, meðal annars úr klassískri tónlist, poppi, raftónlist, og fönki. Styrkur þeirra er meðal annars fólginn í því hversu óhræddir þeir eru við að feta ótroðnar slóðir og er bæði um að ræða frumsamið efni og útgáfur þeirra á frægum djasslögum, til dæmis eftir Thelonius Monk.

Tríóið skipa Esbjörn Svensson á píanó, Magnus Öström á trommur og Dan Berglund á bassa. Esbjörn og Magnus eru æskuvinir og hófu snemma að bralla sitthvað saman í tónlist. Tilraunamennska þeirra vakti athygli og varð mörgum tónlistarmönnum, bæði í Svíþjóð og Danmörku, mikill innblástur. Árið 1993 spratt tríóið fram fullskapað í framhaldi af kynnum þeirra við Dan Berglund og hver geisladiskurinn af öðrum leit dagsins ljós.

Árið 1995 var tónlist þeirra farin að seljast eins og heitar lummur. Árin 1995 og 1996 var Esbjörn Svenson valinn djasstónlistarmaður ársins í Svíþjóð og 1998 lagahöfundur ársins. Ári síðar kom út sá geisladiskur E.S.T. sem vakti athygli umheimsins. Boltinn hefur rúllað og verðlaunin hlaðist utan á þá félaga, sem hafa til dæmis hafa fengið upphefðina „djassband ársins í Evrópu“ árið 2004 samkvæmt mati dómnefndar sem skipuð var fulltrúum rúmlega tuttugu Evrópuþjóða. E.S.T. varð enn fremur fyrst evrópskra hljómsveita til þess að prýða forsíðu hins virta bandaríska djasstímarits Downbeat. E.S.T hefur nú þegar gefið út ellefu geisladiska sem flestir hlotið hafa afbragðs viðtökur.

Tónleikar E.S.T eru töluvert frábrugðnir hefðbundnum djasstónleikum, til dæmis notast þeir gjarnan við ljós og reyk líkt og gert er á rokktónleikum. Í dag telja margir E.S.T. með frumlegri djassböndum heimsins og eru óteljandi viðurkenningar og verðlaun til marks um vinsældir þess. Koma tríóisins til landsins er því mikill fengur fyrir áhugafólk og aðra forvitna sem vilja kynna sér auðheyrilega og öðruvísi tónlist.

Tónleikar E.S.T. fara fram á Nasa föstudags- og laugardagskvöld.

## Kall austfirsku átthaganna

Austfirskt tónlistarfólk skipuleggur tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði um hvítasunnuna þar sem tónlist héraðsins verður í forgrunni. Megintilgangur tónleikanna er að minna á þann sterka menningararf sem fólginn er í austfirskri tónlist og textum og þýðingu þess menningararfs fyrir samfélagið.

Á tónleikunum verður flutt tónlist eftir Inga T. Lárusson, Svavar Benediktsson, Óðin G. Þórarinsson og bræðurna Þorvald og Þorlák Friðrikssyni. Textahöfundar eru flestir austfirskir, meðal annars Helgi Seljan, Hákon Aðalsteinsson, Kristján Ingólfsson, Kristján frá Djúpalæk, Páll Ólafsson og fleiri.

Margir kannast við lög Inga T. Lárussonar, til dæmis „Ég bið að heilsa“ og „Sumarkveðju“ og lög Óðins G. Þórarinssonar hafa hljómað víða en hann samdi til



**AUSTFIRSKUR MENNINGARARFUR RÆKTAÐUR Á HVÍTASUNNU** Eskfirðingar og nærsveitamenn fá notið tónlistar heimamanna um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

dæmis lögin „Nú liggur vel á mér“ og „Blíðasti blær“.

Í fyrra kom út geisladiskurinn Ljósbrot með lögum eftir Þorlák Friðriksson, eða Lalla á Skorrastað eins og Austfirðingar kalla hann. Allir textar við lögin eru eftir bróður hans, Helga Seljan. Á diskinum eru lög eins og Draumaveröld og Ljósbrot.

Fyrir fjórum árum kom út geisladiskurinn Lögin hans Valda sem inniheldur lög eftir Valda á Sigurðarhúsinu eða Þorvald Friðriksson, bróður þeirra Lalla og Helga. Á diskum bræðranna sáu synir þeirra að mestu um söng og hljóðfæraleik og nutu dyggrar aðstoðar Magnúsar Kjartanssonar.

Á annan tug flytjenda bæði söngvara og hljóðfæraleikara koma fram á tónleikunum og eru það að langmestu leyti þeir sömu og komu að gerð geisladiska þeirra bræðra, nær allir að austan.

Tónlistarstjórar og útsetjarar eru Ágúst Ármann Þorláksson, skólastjóri Tónskóla Neskaupstaðar, en skólinn er hinn formlegi tónleikahaldari, og hinn landskunni tónlistarmaður Magnús Kjartansson.

Tónleikarnir verða næstkomandi sunnudag kl. 20.30 og á mánudaginn kl. 15.

# Leiðsögn um Magma/Kviku

Þátttakendur í i hönnunarsýningunni Magma/Kvika sem nýlega var opnuð hjá Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum munu taka þátt í tuttugu mínútna hádegisleiðsögn á fimmtudögum þar sem fjallað er um verk þeirra og feril. Rífandi aðsókn hefur verið að sýningunni og muna aðstandendur vart annað eins; raðir hafa myndast við innganginn og munir selst upp í sérstakri verslun sem opnuð var í tengslum við sýninguna.

Fyrst til að kynna verk sitt er arkitektinn Theresa Himmer, sem starfar hjá Studio Granda. Verk Theresu er palíettufoss sem teygir sig eftir langvegg kaffiteríunnar. Fossinn er gerður úr næfurþunnum palíettum sem flökta til og frá og mynda þannig iðu vatnsfallsins.



Theresa hefur gert fleiri palíettufossa, t.a.m. þann sem líður niður vegg Hans Petersenshússins í Bankastrætinu og kenndur er við Skógarfoss. Fossinn á Kjarvalsstöðum, sem er ívið tilkomumeiri, er að sama skapi óður arkitektsins til hins tignarlega Goðafoss.

Leiðsögnin hefst kl. 12 en að henni lokinni er hægt að gæða sér á ljúffengum veitingum í kaffiteríunni í notalegu umhverfi. Vakin skal athygli á því að frítt er inn á safnið á fimmtudögum og opið líkt og aðra daga milli 10 og 17.

**LEIÐSÖGN Í HÁDEGINU** Theresa Himmer arkitekt ríður á vaðið og segir frá fossinum sem nú prýðir vegg Kjarvalsstaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

21 22 23 **24** 25 26 27

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Orgelsnillingurinn **Michael Radualescu** stýrir tónleikum í kirkjunni þar sem fluttar verða tvær kantötur eftir **J. S. Bach.** Einsöngvarar eru **Ólöf Kolbrún Harðardóttir**, **Sesselja Kristjánsdóttir**, **Þorbjörn Rúnarsson** og **Bergþór Pálsson**. Kór Langholtskirkju syngur og Kammersveit Langholtskirkju leikur en konsertmeistari er **Júlíana Elín Kjartansdóttir.**

☐ 20.00 **Lúðrasveit Reykjavíkur** fagnar 85 ára afmæli sínu með tónleikum **Seltjarnarneskirkju**. Sérstakir gestir á þessum afmælistónleikum eru **Sigurður Flosason** saxófónleikari. og klarínettuleikarinn **Kristján Rúnarsson**. Fjölbreytt efnisskrá verður leikin í tilefni dagins. Stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur er **Lárus Halldór Grímsson**. Aðgangur á tónleikana er ókeypis

☐ 21.00 Fjórtándu tónleikar vetrarins hjá **djassklúbbnum Múlanum** fara fram á **DOMO** í kvöld. Þar leikur hljómsveitin **Dr. Zhivago** lög ameríska gítarleikarans **Kurt Rosenwinkel** enn hann er einn áhrifamesti gítarleikari og tónskáld yngri kynslóðarinnar. Dr. Zhivago er skipuð þeim **Ásgeiri J. Ásgeirssyni** gítarleikara, **Ólafi Jónssyni** saxófónleikara, **Agnari Má Magnússyni** sem leikur á píanó, Þorgrími Jónssyni sem leikur á bassa og trommuleikarinn **Scott McLemore**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI**
**MR. SKALLAGRIMSSON** - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
fö. 25. maí kl. 20 örfá sæti laus, 1. júní kl. 20 uppselt, 2. júní kl. 20 uppselt
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20
**MÝRAMAÐURINN** - höf. og leikari Gísli Einarsson
mán. 28.maí kl.20 - annar í hvítasunnu
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20
**SVONA ERU MENN** - höf. og flytjendur KK og Einar Kárason
lau 26. maí kl. 20 Svona eru menn (KK og Einar) Síðasta sýning
**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS













## > GOTT GLÁP

**Fracture:** Anthony Hopkins fer létt með að túlka miðaldra verkfræðing sem ákveður að launa eiginkonunni og viðhaldi hennar lambið gráa.
**Zodiac:** Vel útfærður raðmorðingjatryllir eftir spennumeistarann David Fincher sem virðist ekki geta stigið feilspor.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN BEN FROST TÓNLISTARMAÐUR

# *Draugar, slím og kaldhæðni*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Ég sá Pan´s Labyrinth.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Kiss of the Spider Woman.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Ég gat hvorki borðað né sofið í þrjá daga eftir að ég sá Requiem for a Dream eftir Aronofsky. Það var ansi mikið.
**Hefur þú grátið í bíó?**
Já. Á öllu með Bruce Willis og Steven Seagal, þeir eru bara svo miklar tilfinningaverur.
**Uppáhalds íslenska persónan:**
Mér dettur engin í hug. Ég hef ekki séð svo margar íslenskar myndir.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Bill Murray.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
James Bond, bara þegar hann var leikinn af Roger Moore, ég er leiður á of miklum hefðarmönnum. Ég vil meira „sleaze“.
**Mesti skúrkurinn:**
Ratched hjúkka í One Flew Over the Cuckoo's Nest. Þegar Jack ræðst á hana í lokin hatar maður hana svo mikið að það skiptir ekki einu sinni máli að hún sé kona.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Verandi tónskáld hlusta ég á tónlistina. Allar myndir með „sándtrakki“ eftir Hans Zimmer mega kallast verstu myndir allra tíma og þær eru svo margar! Leikstjóri sem sjálfviljugur borgar Hans Zimmer til að semja kvikmyndatónlist fyrir sig hefur augljóslega ekki hugmynd um hvað hann er að gera.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Ég væri vondi kallinn að reyna að eyða heiminum í Ghostbusters 3. Bill Murray og Dan Ackroyd léku á móti mér og Harold Ramis leikstýrði. Draugar, slím og þurr kaldhæðni. Tær B-mynda snilld.



# Rodriguez endurgerir Barbarellu

Sin City leikstjórinn Robert Rodriguez hyggst endurgera „költ“-kvikmyndina Barbarellu sem skartaði á sínum tíma líkamsræktarfrömuðinum Jane Fonda í aðalhlutverkinu. Þetta var tilkynnt á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Framleiðandi myndarinnar verður Dino De Laurentis en hann framleiddi einnig upphaflegu myndina. „Möguleikarnir eru óþrjótandi. Ég elska þessa persónu og allt sem hún stendur fyrir,“ sagði Rodriguez við blaðamenn af þessu tilefni. Laurentis sagði í yfirlýsingu að Barbarella væri hinn fullkomna hetja vísindaskáldskapar. „Hún er gáfuð, sterk og kynþokkafull,“ lýsti framleiðandinn yfir.

Barbarella var frumsýnd 1968 en var slátrað af gagnrýnendum og áhorfendum. Á einhvern undarlegan hátt varð kvikmyndin þó að „költ“-fyrirbæri síðar meir og má víða finna tilvísanir í hana í nútíma poppmenningu. Nægir þar að nefna popphljómsveitina Duran Duran sem var nefnd eftir illmenni myndarinnar. Þá endurskapaði Kylie Minogue atriði úr myndinni í myndbandinu Put Yourself in My Place þegar hún afklæddist í þyngdarleysi en þegar Jane Fonda gerði það sumarið ´68 vakti það mikla hneykslan.



**BARBARELLA**
Geimskutlan fræga fær nýtt líf á næsta ári.






**BARBOSSA, ELIZABETH OG JACK** Þríeykið góðkunna sem hyggst binda landfestar eftir þriðju myndina. Í það minnsta þangað til annað kemur í ljós.

# Gullmolinn Jack Sparrow

**Þriðju og síðustu kvikmyndarinnar í þríleiknum Pirates of the Caribbean hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu og nú hefur hefur hinu eina og sanna gullskipi verið siglt til Íslands.**

Þegar framleiðandinn Jerry Bruckheimer tilkynnti árið 2002 að hann hygðist gera kvikmynd eftir söguþræði sjóræningjaleiktækis í Disney-garðinum töldu flestir að hann hefði endanlega glatað glórunni. Sjóræningjar höfðu ekki sést á hvíta tjaldinu í háa herrans tíð og voru jafn útdauðir og hetjur villta vestursins. Sjóræningjamynd væri því bara eins og að kasta peningum á haf út. En Bruckheimer skellti skollaeyrum við slíkum hrakspám og hélt ótrauður áfram enda lumaði hann á óvæntu trompi uppi í erminni: Johnny Depp.

Þeir voru ófáir sem ráku upp stór augu þegar framleiðandinn með peninganefið tilkynnti að Depp myndi leika aðalhlutverkið enda hefur leikarinn ekki verið þekktur fyrir að leggja lag sitt við Hollywood-„blockbuster“ myndir. Og varla eru þeir margir sem hefðu spáð því að gæðaleikarinn ætti eftir að bindast tryggðaböndum við Bruckheimer, sem er hvað þekktastur fyrir að framleiða innihaldslausar gróðrarstíur. En Depp sá ekki eftir ákvörðun sinni. Jack Sparrow tryggði honum meira að segja tilnefningu til Óskarsverðlauna.

Eftir að fyrsta myndin var frumsýnd sumarið 2003 varð öllum ljóst að Buckerheimer og félagar höfðu veðjað á réttan hest; Pirates of the Caribbean kostaði litlar 140 milljónir dollara í framleiðslu en rakaði inn rúmum 300 milljónum dollara í Bandaríkjunum. Og ekki þýddi neitt annað en að framleiða aðra mynd. Og þriðju.

Þrátt fyrir að annarri myndinni hafi ekki verið tekið neitt sérstaklega vel af gagnrýnendum kom það bersýnilega í ljós að áhorfendur höfðu áhuga á ævintýrum Sparrow, Elizabeth og Will Turner. Dead Man's Chest fékk aukið fjármagn enda tæknibrellurnar ögn flóknari en í fyrstu myndinni. Sæskrímsli eltu Sparrow á röndum og heimtuðu líf hans. Bruckheimer og félagar reiddu fram 225 milljónir dollara til framleiðslunnar. Og líkt og síðast fengu þeir peningin til baka og vel það. 425 milljónir Bandaríkjadala komu í kassann eftir sýningar í Bandaríkjunum.

Og Bruckheimer opnaði veskið upp á gátt fyrir síðustu myndina enda skyldu örlög Sparrow og félaga þá ráðast endanlega. Þrjú hundruð Bandaríkjadölum var pungað út og er At World's End því ein dýrasta myndin sem framleidd hefur verið. En Jerry missir varla svefn yfir þessum gríðarlegu fjármunum. Og varla skiptir dómur sérfræðinga neinu því áhorfendur virðast elska skylmingar og seglskip. Enda hefur því verið spáð að hvorki Lóa Köngulóarmanni, Skrekki hinum þriðja né öðrum væntanlegum stórmyndum takist að skáka sjóræningjastuðinu með Depp og Keith Richards fremsta í flokki. Nema að John McClane setti strik í reikninginn en það væri þá ekki í fyrsta skipti.

freyrgigja@frettabladid.is

# *Scorsese bjargar kvikmyndum*

Bandaríski leikstjórinn Martin Scorsese tilkynnti á kvikmyndahátíðinni í Cannes að hann hefði stofnað sérstakan sjóð sem hygðist forða gömlum kvikmyndum frá gleymsku og glötun. Sjóðurinn hefur fengið nafnið World Cinema Foundation eða Heimskvikmyndasjóðurinn. Scorsese hefur fengið til liðs við sig marga af fremstu leikstjórum kvikmyndaiðnaðarins og mun hlutverk sjóðsins vera fólgið í því að bjarga kvikmyndum í heimalandi hvers og eins.

Scorsese sagðist myndu einbeita sér að horfnum kvikmyndum þróunarlandanna. „Ef ekkert verður að gert munu þessar kvikmyndir hverfa af sjónarsviðinu,“ sagði hann við blaðamenn. „Foreldrar mínir voru verkamenn í New York og því var ekki mikil hefð fyrir bókalestri. Þess í stað horfði ég mikið á kvikmyndir frá öllum heimshornum í sjónvarpi og þær opnuðu fyrir mér nýja menningarheima,“ útskýrði Scorsese. Stephen Frears, sem er í forsvari fyrir Cannes-dómnefndina, lýsti því yfir við blaðamenn að meginmarkmið hans yrði að varðveita gamlar breskar kvikmyndir. „Breska kvikmyndastofnunin þarf á meiri fjárstyrk að halda til að standa straum af slíku verkefni. Þetta er líf okkar og menning en yfirvöld sýna þessu ekki nógu mikinn áhuga,“ sagði Frears.



**SCORSESE** Hyggst bjarga kvikmyndum frá þróunarlöndunum með stofnun World Cinema Foundation.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10:00-18:30 OG LAUGARDAGA FRÁ 11:00-16:00

# SUMAR TILBOÐ

SKOÐIÐ SUMARTILBOÐ Á WWW.TOLVUTEK.IS GLÆSILEGUR 8 BLS BÆKLINGUR

FRÍTT HEIM AÐ DYRUM
Þar sem Pósturinn býður þá þjónustu annars á næsta pósthús
ÚT MAÍ ER HEIMSENDING FRÍ UM LAND ALLT

## Sjóðandi heit tilboð á tölvum og tölvubúnaði

### GIGABYTE
TRITON 3 OFURTÖLVUTILBOÐ

- Intel Core 2 Duo E6420 2.13GHz 4MB
- 2GB DDR2 667MHz OCZ vinnsluminni
- 320GB SATA2 16MB NCQ harðdiskur
- 18xDVD SuperMulti DL skrifari
- 19" LCD Gamers 4ms 700:1 skjár
- 256MB 8500GT Silent Pipe2 skjákort
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
- Logitech Media Elite lyklaborð og mús
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**
VE12 **12.295** Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI

ÓTRÚLEGA NETTUR

Lykill lokaður
Smellur út
Klár í slaginn

### Roadster
Vandaður 1GB minnislykill frá OCZ sem lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna. Ekki nóg með það heldur er minnislykillinn líka handhæg lyklakippa.

- Hágæða vara frá OCZ
- Snilldar hönnun ekkert lok
- Einnig handhæg lyklakippa
- 1GB hraðvirkt og öruggt minni
- Minnsti USB minnislykillinn!

OCZ Technology

**1.990**

### 1GB MINNI
1GB DDR2 667MHz System Elite Edition minnið frá OCZ er vandað, áreiðanlegt og hraðvirkt vinnsluminni með sérstökum HeatSpreader XTC kæliplötum og CL 5-5-5-12 timing.

- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- XTC System Elite kæliplötur
- Óaðfinnanleg afköst og gæði
- Lífstíðar ábyrgð
- Hvergi á betra verði!

**5.990**

### Packard Bell
FERÐATÖLVA Á KYNNINGARTILBOÐI

- Intel Core Duo T2250 1.73GHz örgörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View 16ms skjár
- 128MB GeForce Go7400 skjákort
- 2.1 hátalarakerfi, innbyggt bassabox
- BlueTooth 2.0 og 54Mbps þráðlaust net
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- Hágæða vefmyndavél innbyggð í skjá
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**
VE12 **11.355** Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðað við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

### GIGABYTE 256MB 8500GT
Skjákort með GDDR2 800MHz minni, Silent-Pipe kælitækni og einstakri grafík, frábært verð

**12.900**

### 320GB Harðdiskur
Western Digital

320GB Western Digital ATA 7200RPM hljóðlátur harður diskur með 8MB buffer

**7.990**

### ÞJÓNUSTUDEILD
Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**
HVER HAFIN KLUKKUSTUND

### Uppfærsla 2
GIGABYTE Uppfærslutilboð

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- 100% GIGABYTE gæði í gegn

**22.900**
VE6 **4.198** Á MÁN | VE lán í 6 mánuði

# TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**Kotasæla...**
*ber sælunafnið með rentu. Hún er ljómandi ljúffengt álegg og tilvalin fyrir þá sem vilja skipta smjöri og osti út fyrir eitthvað skemmtilegra. Snúið henni á hvolf í ísskápnum, þá geymist hún lengur.*




# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN PÉTRÚN PÉTURSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR HAFNARBORGAR

# Snæddi emúfuglasteik í Kaupmannahöfn



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Íslenska lambakjötið er tvímælalaust sá matur sem ég gæti síst verið án, en skyr er líka í miklu uppáhaldi hjá mér.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Ég minnist margra frábærra máltíða. Ég held þó að nýveiddur lax úr íslenskri á, sem vinir okkar færðu okkur fjölskyldunni þegar við vorum við nám í Bandaríkjunum, sé í minningunni einhver sú besta máltíð sem ég hef fengið. Eða kannski fiskisúpan hennar móður minnar sem mér hefur aldrei tekist að leika eftir.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Í raun ekki. Mér finnst ákaflega skemmtilegt að bragða framandi rétti. Ég hef ferðast víða, m.a. til Ástralíu, Japan, Kína og Kóreu, og borðað ótrúlegustu rétti. Það eina sem mér dettur í hug í þessu sambandi eru sniglar, ég á svolítið erfitt með að koma þeim niður, jafnvel þótt þeir syndi um í hvítlaukssmjöri.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég er enginn meistarakokkur, þar eru börnin mín mér miklu fremri, en ég á mér þó leyndarmál sem hefur bjargað mér ef mér verður það á að ofkrydda súpur eða sósur. Það er að setja nokkra dropa af hunangi út í.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ávextir eru opinbera svarið, en dökkt súkkulaði er einnig í miklu uppáhaldi og eykur tvímælalaust vellíðan.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Mjólk, ost, ávaxtasafa og þorskalýsi.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Salt og pipar. Ég geri ráð fyrir að veiða mér til matar. Einhvern tíma heyrði ég svar við álíka spurningu sem var á þann veg að maður ætti að taka með sér franskbrauð, skera af því endana og eta síðan endalaust franskbrauð.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Krókódílasteik og emúfuglasteik, held ég. Það var reyndar ekki í Ástralíu heldur á veitingahúsi í Kaupmannahöfn á heimleið frá Ástralíu.

# Úrvals smakkari

Árni Ragnarsson, brennslumeistari hjá Te og kaffi og Íslandsmeistari í kaffismökkun, keppti nýlega á heimsmeistaramóti kaffismakkara í Antwerpen í Belgíu. Árni hreppti annað sætið í keppninni, sem alls nítján þjóðir tóku þátt í.

„Þetta var fyrsta keppnin sem ég fer í og þetta gekk bara vonum framar,“ sagði Árni, sem hefur starfað hjá Te og kaffi í ein sex ár. „Ég er sem sagt brennslumeistari. Í því felst að ég rista allt kaffið sem við fáum, bý til blöndurnar okkar og smakka kaffið til,“ sagði hann.

Fleiri hafa heyrt af kaffibarþjónakeppnum en kaffismökkunarkeppnum, og ekki nema von. „Þetta er tiltölulega nýtt, keppnin í ár var bara sú þriðja sem er haldin,“ útskýrði Árni, sem var að vonum ánægður með árangurinn.



**Í FREMSTA FLOKKI** Árni Ragnarsson, brennslumeistari Te og kaffis, lenti í öðru sæti á heimsmeistaramóti í kaffismökkun á dögunum.
MYND/ANNA KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR

# Árleg nemakeppni

Árleg Nemakeppni Kornax fór fram í tíunda sinn í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi dagana 17.–18. maí. Keppnin hefur verið haldin árlega frá árinu 1998. Auk Hótel- og matvælaskólans standa Landssamband bakarameistara, Klúbbur bakarameistara og Kornax að keppninni, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Fjórir nemar kepptu til úrslita í ár. Það voru þeir Aron Egilsson, hjá Bakarameistaranum, Axel Þorsteinsson, Kökuhorninu, Björgvin Páll Gústavsson, Hjá Jóa Fel og Þorkell Marvin Halldórsson, Brauðgerð Ólafsvíkur. Björgvin Páll bar sigur úr býtum og hlýtur að launum eignarbikar frá Kornaxi, ásamt farandbikar frá Klúbbi bakarameistara.

Stjórnandi keppninnar var Ingólfur Sigurðsson, bakarameistari og kennari. Að lokinni verðlaunaafhendingu bauð Kornax keppendum, aðstandendum þeirra og starfsmönnum bakaría til móttöku, en á laugardeginum voru afurðirnar sýndar í Smáralind, í tilefni af 20 ára afmæli Kornax.



**SIGURVEGARINN** Björgvin Páll Gústavsson, frá Hjá Jóa Fel, bar sigur úr býtum í árlegri nemakeppni Kornax.

# Hagkvæmni og húsráð

**Hafdís Bjarnadóttir tónlistarkona ber hag fátækra námsmanna fyrir brjósti og eldar fram í tímann.**

Hafdís hefur sjálf reynslu af aðstæðum fátækra námsmanna, þar sem hún tilheyrir þeim hópi. „Ég er að klára BA í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands. Ég útskrifast 2. júní,“ útskýrði hún. Námsárum hennar lýkur þó ekki þar. „Nei, ég hef þessa dagana verið að reyna að ákveða hvort ég ætla í framhaldsnám í tónsmíðum í Svíþjóð eða Danmörku. Ég þarf að ákveða það fyrir morgundaginn, svo þetta er mjög skrautlegt allt saman,“ sagði hún og hló við.

Eitt besta húsráð Hafdísar er að elda stærri uppskriftir og frysta afganga í smáskömmtum. „Ef maður er mjög latur að elda er til dæmis ágætt að sjóða fullt af ýsu. Svo má borða hana með kartöflum en frysta afgangana, til dæmis til að búa til fiskitós úr,“ sagði Hafdís, sem deilir hér hagkvæmri uppskrift að svokölluðum fiskitós með Fréttablaðslesendum.

Hún hefur safnað fleiri húsráðum í sarpinn, þó að ekki sé víst að þau fengju öll pláss í húsmæðrahandbókum. „Annað húsráð sem ég luma á er að borða aldrei saman grænar ólífur og heitt súkkulaði með rjóma,“ sagði Hafdís grafalvarleg. „Ég rak mig á þetta þegar ég fór á kaffihús eftir eldhúsinu þar var lokað. Þetta var það eina sem var eitthvað saðsamt, en reyndist alveg hræðilegt saman,“ bætti hún hlæjandi við.

Hafdísi reynist vel að elda sér í haginn, enda önnum kafin kona. Utan námsins er hún meðlimur í Hljómsveit Hafdísar, sem treður upp á AIM festival eftir viku. „Hljómsveitin hefur verið starfrækt í svona fimm ár. Hún er reyndar alltaf síbreytileg eftir því hverjir eru lausir hverju sinni,“ sagði Hafdís og hló. Hún verður á Græna hattinum ásamt VilHelm og Shadow Parade að viku liðinni.



**HÚSMÓÐIRIN HAFDÍS** Hafdís Bjarnadóttir tónlistarkona lumar á ýmsum húsráðum sem nýtast fátækum námsmönnum einkar vel.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Afgangsfiskurinn má vera ýsa, steinbítur, lax, rækjur eða hvað sem er. Grænmetið er það sem til er hverju sinni, s.s. sveppir, tómatar, laukur, maísbaunir eða kapers. Smyrjið pönnukökuna með sósu. Hrúgið fiski og grænmeti inn í, passið að hægt sé að loka kökunni. Setjið ost með ef vill. Rúllið pönnukökunni upp og hitið í ofni. Takið fiskitóinn úr ofninum þegar hann er farinn að líta sannfærandi út.

Gott er að bera hann fram með meiri sósu ofan á og smá slettu af sýrðum rjóma eða ab-mjólk. Ég mæli með því að kveikja á kerti og góðri tónlist til að maturinn smakkist betur. sunna@frettabladid.is

**Fiskitós að hætti Hafdísar**
Afgangsfiskur
Grænmeti eftir smekk
Ostur
Tacosósa,
Burritos-pönnukökur




# Kveðja reykinn með hvelli

Argentína steikhús efnir til sérlegs vindlakvölds fimmtudaginn 31. maí, degi áður en reykbannið tekur við. „Þessi hugmynd kom upp fyrir svona tveimur vikum. Við erum að hætta að selja vindla, því nú er að koma reykbann,“ útskýrði Jón Eggert Víðisson, yfirþjónn á Argentínu. „Hjá mörgum viðskiptavinum okkar hefur það verið partur af því að fara út að borða að fá sér stóran vindil eftir matinn. Við höfum stílað svolítið inn á þann markhóp líka. Svo okkur datt í hug að kveðja vindlana og reykinn með hvelli. Það er alls ekkert neikvætt. Yfirskrift kvöldsins er að við kveðjum góða tíma og fögnum nýjum,“ sagði Jón Eggert.

Kokkar steikhússins hafa sett saman sérstakan matseðil fyrir kvöldið. „Á honum er meðal annars að finna cohiba tóbaksís, sem er víst mjög góður, þó að hann hljómi kannski skringilega. Kokkarnir hafa séð hann erlendis,“ sagði Jón Eggert. „Svo erum við með Davidoff reykt hreindýr, sem er reyndar ekki tóbaksreykt,“ bætti hann við. Eftir matinn geta gestir svo notið síðasta vindilsins á Argentínu, en þeir verða seldir á heildsöluverði.

Jón Eggert segir fastagesti hafa tekið vel í hugmyndina. „Svo munum við auglýsa þetta í Boston Legal-þáttunum, af því að þeir reykja alltaf vindil í lok hvers þáttar,“ sagði Jón Eggert sposkur. „Þetta verður mjög skemmtilegt,“ bætti hann við. - sun



**ENDALOK VINDLANNA** Jón Eggert Víðisson yfirþjónn segir marga viðskiptavini Argentínu hafa fengið sér vindil eftir matinn. Steikhúsið kveður reykinn með þemakvöldi á síðasta degi fyrir reykbann.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 20-30% afsláttur

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgar-svæðinu og á Akureyri*



27% AFSLÁTTUR

## Sterling 1716

- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhalda-krókum

**TILBOÐ 21.999kr**

Verð áður 29.999,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



24% AFSLÁTTUR

## Sterling 1104

- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- 1Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbygður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellan-leg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 cm / 7" hjól

**TILBOÐ 18.999kr**

Verð áður 24.999,-



25% AFSLÁTTUR

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

**TILBOÐ 74.900kr**

Verð áður 99.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



30% AFSLÁTTUR

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

**TILBOÐ 104.900kr**

Verð áður 149.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



20% AFSLÁTTUR

## BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

**TILBOÐ 39.999kr**

Verð áður 49.990,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



24% AFSLÁTTUR

## Grandhall Elite 791

- Hitamælir í loki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Snúnings grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

**TILBOÐ 189.900kr**

Verð áður 249.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til 28. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla




# McCartney verndar íslenska afmælisgjöf

Ingi Þór Jónsson skipuleggur veglega afmælisgjöf frá Íslendingum til íbúa Liverpool dagana 30. nóvember til 2. desember en Bítlaborgin fagnar átta hundruð ára afmæli sínu á þessu ári. Ísland er eina landið sem hyggst gefa borginni afmælisgjöf og segir Ingi íbúana vera ákaflega spennta yfir þessu framtaki. „Enda verður það tilkynnt tveimur vikum áður en afmælisgjöfin verður afhent að íbúar Liverpool séu miklu skyldari norrænum víkingum en Keltum eins og upphaflega var talið,“ útskýrir Ingi.

Meðal þess sem verður á dagskrá er ensk þýðing á leikverki Völu Þórsdóttur, Eldhús eftir máli, sem sett verður upp í samstarfi við leikhús borgarinnar og Þjóðleikhúsið. Eldhús eftir máli er byggt á verkum Svövu Jakobsdóttur og var sýnt fyrir fullu húsi á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins á síðasta ári. „Við reiknum síðan með því að stofnaður verði minningarsjóður um Svövu af þessu tilefni,“ segir Ingi Þór.

Hápunkturinn verður hins vegar smásagnakeppni um íslenska víkinga og náttúru Íslands en dómnefndina skipa hjónakornin Andri Snær Magnason og eiginkona hans, Margrét Sjöfn Torp auk Mike McCartney, verndara afmælisgjafarinnar. Mike þessi var skipaður sérlegur sendiherra Liverpool þegar hún var útnefnd menningarborg Evrópu 2008 og er yngri bróðir sjálfs sir Paul McCartney, bítilsins góðkunna. „Okkur hafa þegar borist yfir sex hundruð sögur en við búumst við þrjú þúsund sögum,“ segir Ingi en verðlaunin eru ekki af verri endanum, ferð til Íslands.

Liverpool er heimsþekkt fyrir synina sína fjóra úr Bítlunum og segir Ingi að tónlist muni skipa veglegan sess í afmælisgjöfinni. Þegar hefur verið gengið frá tónleikum Garðars Thors Cortes í tónleikahöll Fílharmóníusveitarinnar og þá sé allt útlit fyrir að haldin verði sérstök tónlistarhátíð með hljómsveitum frá borginni og Íslandi. - fgg



**ANDRI SNÆR MAGNASON** Situr í dómnefnd ásamt eiginkonu sinni og Mike McCartney, yngri bróður bítilsins sir Paul.

**GARÐAR** Syngur á afmælistónleikum Liverpool í tónlistarhúsi Fílharmóníusveitar borgarinnar.

**INGI ÞÓR** Skipuleggur afmælisgjöf frá Íslendingum til Liverpool.

# Drottningin merkasti Bretinn

Elísabet Englandsdrottning var í gær valin „merkasti núlifandi Bretinn“ á verðlaunahátíð sem ITV-sjónvarpsstöðin þar í landi stóð fyrir í vikunni í fyrsta sinn. Hún hafði betur í samkeppni við sir Paul McCartney, Julie Andrews, Margaret Thatcher og Robbie Williams, sem einnig voru tilnefnd, en það voru áhorfendur ITV sem stóðu að valinu. Verðlaun Elísabetar voru þau eftirsóttustu á hátíðinni en einnig voru veitt verðlaun í ýmsum öðrum „minni“ flokkum. Elísabet var ekki á staðnum til að taka á móti viðurkenningu sinni en sonur hennar, Edward prins, hélt þakkarræðu fyrir hönd móður sinnar í gegnum gervihnött.

Knattspyrnumaðurinn David Beckham flaug til London frá Madríd til að vera viðstaddur hófið og tók hann á móti sérstakri viðurkenningu fyrir „alþjóðleg afrek“. Mikla athygli vakti þegar hann og leikkonan Helen Mirren rákust á hvort annað á rauða dreglinum. „Guð minn góður, en spennandi!“ kallaði Mirren er hún sá hver stóð við hlið hennar og lét hún síðar hafa eftir sér að hún væri mikill aðdáandi Beckham.

Af öðrum verðlaunum má nefna að títtnefnd Mirren fékk verðlaun sem merkasti kvikmyndaleikarinn, Ricky Gervais var kjörinn merkasti sjónvarpsleikarinn og Amy Winehouse er merkasti tónlistarmaðurinn.



**MERKASTI BRETINN** Elísabet drottning er merkilegri en Paul McCartney og Robbie Williams.



**GUÐ MINN GÓÐUR, EN SPENNANDI!** Helen Mirren roðnaði og vissi ekkert hvernig hún átti að haga sér þegar hún rakst á David Beckham á rauða dreglinum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**Í KVENNAFANS** Tarantino með leikkonunum úr Death Proof í Cannes. Frá vinstri eru þær Tracie Thoms, Rose McGowan, Zoe Bell og Rosario Dawson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Tarantino á útopnu

**Death Proof, nýjasta mynd leikstjórans Quentin Tarantino, tekur þátt í keppninni um Gullpálmann. Íslandsvinurinn svaraði spurningum blaðamanna eftir frumsýningu í Cannes.**

Gagnrýnendur voru ekki sérstaklega hrifnir af þessari nýjustu afurð Tarantino og hefur hún fengið fremur slaka dóma og þykir ekki eiga mikið erindi í keppnina. Áhorfendur í Cannes voru þó flestir ánægðir með verkið.

Death Proof var upphaflega framleidd undir titlinum Grindhouse sem eru tvær myndir sýndar saman og er hinn helmingurinn Planet Terror eftir Robert Rodriguez. Grindhouse hefur nú þegar verið frumsýnd í Bandaríkjunum en verkefnið er lofsöngur til B-mynda sjöunda áratugsins með tilheyrandi bílaeltingarleikjum, spennu og hryllingi.

### Dead-þema

Tarantino tekst vel til í að skapa „seventís“-stemningu í myndinni sem er ofursvöl og leikur hann sjálfur hlutverk barþjóns sem að sjálfsögðu klæðist Dead-skyrtu eftir Jón Sæmund. Hostel-leikstjórinn Eli Roth fer einnig með hlutverk í myndinni í Dead-hauskúpubol.

Tarantino mætti aftur á móti á blaðamannafundinn í AC/DC bol og sagði óvart „au revoir“ (bless á frönsku) þegar hann settist niður í staðinn fyrir „bon jour“ (góðan daginn). En hann hélt sig við enskuna eftir það.

Kurt Russell, sem var stórkostlegur sem Stuntman Mike í myndinni, var einnig á fundinum ásamt leikkonuhópnum, þar á meðal áhættuleikkonunni Zoe Bell sem lék hættuleg atriði Umu Thurman í Kill Bill en leikur sjálfa sig í Death Proof.

### Kann vel við sig í Cannes

Tarantino talaði brjálæðislega mikið og hratt á fundinum og minnti helst á ofvirkan krakka. Það er greinilegt að hann kann vel við sig í Cannes enda er hann nokkurs konar eftirlætisbarn á rauða dreglinum hér. Hann vann Gullpálmann fyrir Pulp Fiction árið 1994. „Það var stærsta stund lífs míns,“ sagði Tarantino. „Allar bestu myndirnar í heiminum eru frumsýndar í Cannes, það er mikill heiður að fá að vera með í keppninni.“ Mikið hefur einmitt verið rætt um það að mynd eins og Death Proof eigi ekki heima í keppninni og eina ástæðan fyrir því að hún er þarna sé að Tarantino er eftirlætisbarn hátíðarinnar.

### Stelpumynd

Áhorfendur í Cannes voru samt sem áður sáttir við myndina en athyglisvert er að stelpurnar voru almennt hrifnari en strákarnir þótt þeir séu yfirleitt meira fyrir eltingarleiki og hrylling. Kannski er það vegna alls stelputalsins hjá vinkonugenginu ógurlega en myndin hefur mikið „girl-power“ og stelpurnar eru harðar í horn að taka.

Tarantino, sem er þekktur fyrir snilldar samtalssenur, var einmitt spurður út í það hvernig hann vissi hvernig stelpur töluðu sín á milli en Rosario Dawson svaraði fyrir hann: „Hann hlustar á okkur. Hann er eini strákurinn sem fær að fara út með okkur og hlera þegar við tölum saman.“

hannabjork@frettabladid.is










TOPPSKÓR
Á
BOTNVERÐI
Rugldagar
Ruglverð á
Skóm
í Toppskónum
TROÐFULL BÚÐ
AF
SKÓM
SKÓR
Á
BOTNVERÐI
24. maí- 3. júní
GREIND EHF - Ts20070509
Ekta leður
NEUR30543601
Stærðir 40-46
Verð áður:
4.995 kr.-
Verð nú:
2.997 kr.-
Ekta leður
NEURJACK50051-1
Stærðir 36-41
Verð áður:
5.995 kr.-
Verð nú:
2.997 kr.-
NEUR2102260
Stærðir 36-41
Verð áður:
3.995 kr.-
Verð nú:
1.997 kr.-
Ekta leður
NEUR30543501
Stærðir 40-46
Verð áður:
4.995 kr.-
Verð nú:
2.997 kr.-
NEUR31536705660
Stærðir 41-46
Verð áður:
3.995 kr.-
Verð nú:
1.997 kr.-
SPR17761
Stærðir 41-46
Verð áður:
2.995 kr.-
Verð nú:
1.497 kr.-
SPR18054
Stærðir 41-46
Verð áður:
2.995 kr.-
Verð nú:
1.497 kr.-
NIK310060011
Stærðir 32-38,5
Verð áður:
3.995 kr.-
Verð nú:
1.997 kr.-
NEUR21536803268
Stærðir 36-41
Verð áður:
3.995 kr.-
Verð nú:
1.997 kr.-
NEUR17514105
Stærðir 19-32
Verð áður:
2.995 kr.-
Verð nú:
1.797 kr.-
NEUR17513606
Stærðir 19-32
Verð áður:
2.995 kr.-
Verð nú:
1.797 kr.-
SPR558
Stærðir 35-42
Verð áður:
1.795 kr.-
Verð nú:
897 kr.-
EURA63062F
Stærðir 36-41
Verð áður:
4.995 kr.-
Verð nú:
1.997 kr.-
NEUR31536901
Stærðir 40-47
Verð áður:
3.995 kr.-
Verð nú:
1.997 kr.-
Sendum
í póstkröfu!
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
PETER KAISER
ecco
ara
LLOYD
ZINDA

# Kallaði Ísland Björkistan

Bandaríski þáttastjórnandinn Stephen Colbert kallaði Ísland „Björkistan“ í þætti sínum á dögunum. Gerði hann grín að mótmælunum sem voru haldin hér á landi í tilefni þess að fimm ár voru liðin síðan fyrstu meintu hryðjuverkamennirnir voru fangelsaðir í Guantanamo á Kúbu. Slepptu íslenskir mótmælendur þá appelsínugulum blöðrum lausum og taldi Colbert að þessar aðgerðir „hóps íslenskra hippa“ myndu ekki hafa mikil áhrif á stefnu bandarískra stjórnvalda.

Colbert, sem stjórnar þættinum The Colbert Report, hefur hlotið þrenn Emmy-verðlaun fyrir frammistöðu sína. Hann sló í gegn í þættinum The Daily Show en ákvað að byrja með sinn eigin þátt fyrir tveimur árum. Colbert var nefndur sem einn af hundrað áhrifamestu mönnum heimsins af tímaritinu Time árið 2006.



**BJÖRK** Colbert kallaði Ísland „Björkistan“ í þætti sínum.



**STEPHEN COLBERT** Bandaríski þáttastjórnandinn hefur unnið til þrennra Emmy-verðlauna.

# Trabant þeysist um Bretland undir merkjum NME

**Hljómsveitin Trabant er að halda í hljómleikaferð um Bretlandseyjar. Norman Cook, betur þekktur sem Fat Boy Slim, hefur lýst því yfir að allir verði að sjá þá spila á tónleikum til að geta dáið sáttir.**



**GLIMMER OG PALLÍETTUR** Bretar hrífast af Trabant á tónleikum.

„Við erum búnir að fá rosa góð viðbrögð úti. Lagið The One kemur út 5. júní og það er búið að fá mjög góða dóma, bæði lagið sjálft og „remixin“ af því,“ segir Gísli Galdur, liðsmaður hljómsveitarinnar Trabant. Sveitin er að leggja upp í tónleikaferðalag um Bretland til að fylgja eftir útgáfu plötunnar Emotional sem kemur út þar í landi um miðjan júní.

**Kynnt á Myspace**

Í tengslum við útgáfuna var Trabant kynnt á forsíðu netsíðunnar Myspace.com. Einungis ein hljómsveit er kynnt í einu, í nokkra daga í senn og allir notendur Myspace, sem eru einhverjir tugir milljóna, verða að fara í gengum forsíðuna til að skrá sig inn. Kynningin er því gríðarleg. „Þessi kynning á Myspace fór reyndar alveg fram hjá mér en „traffíkin“ á síðunni hefur aukist töluvert eftir hana. Það er líka búið að vera að gerast undanfarna tvo til þrjá mánuði. Við erum búnir að fara í nokkra stutta túra í vetur, svona eina til tvær vikur í senn, og það hefur einhver áhrif.“

**NME styðja Trabant**

Trabant mun í þessum túr spila 20 tónleika á tæpum mánuði. Þar af eru fjórir undir formerkjum Club NME, tengt tónlistarblaðinu fræga. „NME gera þetta oft með bönd í samstarfi við minni „label“, það eru oft svona NME-túrar með böndum sem þeim líst vel á. Þetta er mjög spennandi allt saman.“ Platan er gefin út af plötufyrirtækinu Southern Fried Records sem er í eigu tónlistarmannsins Norman Cook, betur þekktum sem Fat Boy Slim, og umboðsmanni hans. Norman Cook hefur verið duglegur við að auglýsa Trabant í viðtölum og hefur meðal annars lýst því yfir að það verði allir að sjá Trabant á tónleikum áður en þeir deyja.

„Það er búið að vera rosa gaman hjá okkur eftir að Doddi hætti við að hætta. Við tókum okkur frí í lok síðasta árs þegar hann hætti og fórum í pásu. Það var í rauninni mjög gott fyrir okkur að hugsa ekkert um Trabant í nokkra mánuði. Svo fengu allir að vera dramadrottningar og segja allt sem þeir vildu segja og við ákváðum að halda áfram og hlökkum mikið til,“ segir Gísli Galdur að lokum.

Trabant er byrjuð að taka upp demó fyrir nýja plötu. Þeir hafa þó ekkert ákveðið enn um hvenær hún muni koma út, mögulega fyrit jólin en þó er líklegra að það verði ekki fyrr en á næsta ári.

**jara@frettabladid.is**


SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA

SAMbíóin www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4:30 - 6-8-10-11:30 | 10 | SPIDER MAN 3 | kl. 6 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 4:45 - 8 - 11:10 | | BLADES OF GLORY | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 12 |
| ZODIAC | kl. 8 - 9 - 11:30 | 16 | ROBINSON FJ... ÍSL TAL | kl. 3:50 | L |
| THE REAPING | kl. 5:50 - 10:10 | 16 | | | |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBEAN 3 kl. 4 - 6:15 - 8 - 10 - 11:10 - 11:30 DIGITAL | | 10 |
| GOAL 2 | kl. 5:50 | 7 |
| ROBINSON F.. M/- ÍSL TAL | kl. 4 DIGITAL-3D | L |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 3:50 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl 6 - 8 - 10 | 10 |
| GOAL 2 | kl 6 | 7 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

Nánari upplýsingar á www.SAMbio.is

BÍÓ Nýtt í bíó




| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 3.15, 6.30 og 10-POWER | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| SEVERANCE | kl. 8 | 16 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11 | 10 |
| PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS | kl. 5 - 9 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 10.50 | 7 |

SÍMI 564 0000

REGNBOGINN

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 9 | 7 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

SÍMI 551 9000

HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE CONDEMNED | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 | |

SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 6 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 9 | 10 |

SÍMI 462 3500

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

Coca-Cola býður áhorfendum frítt á Stuttmyndadaga

Klippið auglýsinguna út og mætið með hana í Tjarnarbíó

gildir fyrir 2

Dómnefnd; Ásgrímur Kr. Sverrisson, Ari Gísli Bragason, Lárus Ýmir Óskarsson

60 NÝJAR STUTTMYNDIR FRUMSÝNDAR

CAOZ kynnir teiknimyndina THOR

Ragnhildur Steinunn fjallar um kvikmyndaleik

Bútar sýndir úr nýjum væntanlegum íslenskum bíómyndum - ASTRÓPÍA - Stóra Planið

Kynnir Lilja Nótt

Stuttmyndadagar í Reykjavík 2007

Dagskráin hefst kl. 20.00 þann 23. og 24. maí

Miðaverð 500 kr hvort kvöld

nánari upplýsingar á www.stuttmyndadagar.is

ICELANDIC Film Centre Reykjavíkurborg Kvikmyndafélag Íslands ehf. Coca-Cola www.kisi.is

# Ágætis Hopkins-spennumynd

Hinn fullkomni glæpur hefur lengi heillað framleiðendur í Hollywood og nægir þar að nefna Dial M for Murder eftir meistara Hitchcock. Siðferðispostularnir sem öllu stjórna bak við tjöldin í kvikmyndaborginni koma þó yfirleitt í veg fyrir að slíkt nái brautargengi enda er það ekki kvikmyndinni til framdráttar að glæpamenn komist upp með verknað sinn.

Fracture kemst ansi nærri því að láta formúluna virka. Myndin segir frá verkfræðingnum Ted Crawford sem kemst á snoðir um framhjáhald ungrar eiginkonu sinnar með gíslatökusamningamanninum Rob Nunally. Crawford ákveður að launa konu sinni lambið gráa og skýtur hana. Málið virðist borðleggjandi fyrir saksóknarann Willy Beachum, sem hyggst ganga til liðs við einkarekna lögmannastofu. Játning liggur fyrir og verkfræðingurinn hyggst verja sig sjálfur fyrir dómi. En Crawford lumar á nokkrum trompum uppi í erminni sem eiga eftir að gera málareksturinn ögn flóknari en Beachum hafði gert ráð fyrir.

Leikstjórinn Gregory Hoblit sýndi það með Primal Fear að hann hefur hæfileikann til að stjórna „flóknum“ söguþræði og bregst ekki bogalistin að þessu sinni. Fracture byggist að mestu leyti á samskiptum Beachum og Crawford og gengur sá hluti myndarinnar fullkomlega upp, er bæði útsmoginn og hnyttinn. Aðrar persónur eru nánast óþarfa krúsídúllur. Sumar draga jafnvel myndina niður að



undanskildum ríkissaksóknaranum Joe Lobruto í meðferð gæðaleikarans Davids Strathairn.

Ted Crawford er sem leir í höndunum á Anthony Hopkins. Þetta er hlutverk sem hann veldur manna best og fáir komast með tærnar þar sem hann hefur hælana í að leika miðaldra, sjálfsörugga en snarbilaða menn. Ryan Gosling virkar vel í hlutverki hins sjálfumglaða Beachum sem fær kærkomna rassskellingu og áttar sig á sjálfhverfu sinni og ofuregói.

Fracture er á köflum skemmtilega skrifuð sakamálamynd þar sem samleikur þeirra Hopkins og Goslings slær allt annað út. Plottið gengur ágætlega upp þó að hver sem er gæti ef til vill sagt fyrir um lokin.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

**KVIKMYNDIR**

**Fracture**

Leikstjóri: Gregory Hoblit

Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Ryan Gosling og David Strathairn

★★★

Hinn fullkomni glæpur gengur næstum því upp. Anthony Hopkins er í hlutverki sem hann kann upp á hár og Gosling stendur sig ágætlega. Aðrir leikarar fá að njóta vafans.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Simon Cowell** hefur ákveðið að hætta sem dómari í American Idol eftir þrjú ár. Dómarinn harðorði er ákveðinn í að þá verði kveðjustundin, enda verði þá tíu þáttaraðir að baki. „Þá verður tími til kominn að gera eitthvað annað. Tíu ár eru langur tími og þá er tilvalið að fá inn nýtt fólk,“ segir Cowell.



Breska karlfyrirsætan **Calum Best** hefur í fyrsta sinn tjáð sig um ástarsamband sitt við Hollywood-stjörnuna **Lindsay Lohan. Best**, sonur knattspyrnuhetjunnar **George Best**, segist hafa verið laus og liðugur síðan hann var fimmtán ára og nú sé hann tilbúinn að festa ráð sitt. „Þetta er enn bara nýbyrjað en það gengur allt frábærlega. Ég væri tilbúinn að helga mig þessu sambandi 110 prósent.“



**Katie Holmes** hefur hótað að fara í mál við bandaríska klámmyndaleikkonu. Um er að ræða 18 ára stúlku sem breytti nafni sínu í **Katee Holmes** og hyggst missa meydóminn fyrir framan myndavélarnar. „Þetta er mjög ódýrt hjá þessari stelpu. Og **Tom Cruise** styður Katie í þessari baráttu,“ segir talsmaður hinar upprunalegu Katie Holmes. Talsmenn klámmyndastjörnunnar tilvonandi segja nafnabreytinguna gerða Katie til heiðurs. „Katee vill heiðra Katie því hún hefur alltaf verið saklaus í sínum hlutverkum, allt frá því hún byrjaði í Dawson's Creek.“



Minnst þrennir áhugaverðir tónleikar eru í miðborg Reykjavíkur í kvöld. **Motion Boys** leika á fyrstu tónleikum sínum í Iðnó klukkan 21. Auk þess koma fram **Sprengjuhöllin**, **Hjaltalín** og **FM Belfast**. Á Gauknum leika **Dúndurfréttir** bestu lög sveita eins og Led Zeppelin. Á Barnum leika svo **Product 8** og **Stereo Hypnosis**. Product 8 er hugarfóstur **Jóhanns Eiríks** sem var eitt sinn í hljómsveitinni Reptilicus. Fyrsta plata sveitarinnar er væntanleg á næstu mánuðum. Stereo Hypnosis er skipuð feðgunum **Óskari Thorarensen** og **Pan Thorarensen**. Óskar er þekktur sem Jafet Melga, einn af meðlimum Inferno 5 sem vakti athygli á níunda áratugnum. Tónleikarnir byrja klukkan 22 og er frítt inn.




FRAMKVÆMDASVIÐ



## *Úlfarsárdalur – glæsilegt útsýni, blómleg byggð*

# Sólríkar suð

Úlfarsárdalur er nýtt íbúðasvæði í sólríkum suðurhlíðum Úlfarsfells og inn eftir Úlfarsárdal. Næsta nágrenni Úlfarsárinnar verður varðveitt en um leið nýtt sem best fyrir þá sem búa og starfa á svæðinu. Fellið, áin og dalurinn mynda einstakan ramma um svæðið og gera það mjög eftirsóknarvert til búsetu. Byggðin og nágrenni hennar einkennist af einstakri náttúrufegurð og góðu útsýni. Hér er í senn fjallasýn og nálægð við víðáttumikil útivistarsvæði – fellið, dalinn og ána. Úlfarsárdalur er í raun síðasta byggingarsvæði í Reykjavík í suður- og suðvesturhlíðum, svæði sem býður upp á mikla möguleika með þarfir borgarbúa til búsetu að leiðarljósi.

**Breyting á skipulagi**

Byggð í Úlfarsárdal byggir í meginatriðum á rammaskipulagi fyrir Úlfarsárdal frá 2001, en nokkrar breytingar hafa þó orðið á uppbyggingarhugmyndum með nýju skipulagsráði 2006. Aðalbreytingin felst í fækkun íbúða í hverfinu, dreifðari byggð og auknum hluta sérbýlis.

Hverfið einkennist af þéttari byggð í vestari hluta þess og aukinni hlutdeild sérbýlishúsa þegar austar dregur. Tengsl íbúða og atvinnustarfsemi eru eðlileg og góð og nýta til fullnustu náttúrulega kosti svæðisins. Byggðin er í suður- og vesturbrekku með mikla útsýnismöguleika. Byggðin einkennist af fjölbreytilegri blöndu íbúða í fjölbýli og sérbýli af ýmsum gerðum með skjólgóðu útirými. Lögð er áhersla á að skólar og önnur þjónusta séu í göngufæri við íbúðir og fjölbreytileg atvinnutækifæri geti boðist innan hverfisins. Með því móti er stefnt að því að draga úr þörf fyrir lengri ferðir og mynda jafnframt líflegt borgarhverfi.

**Náttúra inni í borg**

Leirtjörn verður eins konar miðja hverfisins. Á miðsvæðinu verður blanda verslunar, þjónustu, stofnana og íbúðarhúsnæðis ásamt almenningsgarði fyrir alla aldurshópa sem tengdur er Skyggnisbraut. Í heild verður hér því fjölskrúðugt hverfi, með kostum þéttýlis og sérbýlis í einstöku umhverfi.

kaktus FRA0507-05 ulfaropn

**Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is og í síma 411 1111. Umsóknir þurfa að berast til Framkvæmdasviðs fyrir kl. 16.15 þann 13. júní 2007.**

# Hvar viltu búa? – veldu þinn stað

## Byggingalóðir í Úlfarsárdal




- Góðar lóðir fyrir íbúðarhúsnæði af öllu tagi, allt frá fjölbýli til glæsilegs einbýlis með miklu rými
- Sólrík og skjólsæl íbúðabyggð með góðu útsýni til suðurs
- Þétt byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis – sjálfbærni í þjónustu og afþreyingu
- Dreift umferðarflæði innan hverfis og út úr því
- Samspil byggðar og náttúru

# urhlíðar

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um eftirtaldar lóðir:

- **4** lóðir fyrir fjölbýlishús með 216 íbúðum
- **11** lóðir fyrir raðhús með samtals 45 íbúðum
- **27** lóðir fyrir parhús með 54 íbúðum
- **73** lóðir fyrir einbýlishús

### Umsóknargögn

Umsóknareyðublöð ásamt deiliskipulagsgögnum, úthlutunarreglum og öðrum skilmálum verða afhent í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2. Þessi gögn fást afhent endurgjaldslaust á geisladiskum eða útprentuð gegn 5.000 króna gjaldi. Þau er einnig að finna á vef Framkvæmdasviðs: www.reykjavik.is/fs. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411 1111.

### Skilafrestur umsókna

Umsóknum ásamt tilskildum fylgigögnum skal skila **fyrir kl. 16:15 miðvikudaginn 13. júní nk.** Umsóknum verður veitt viðtaka í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2.
Undirstrikað skal að umsóknir teljast ekki gildar nema öll tilskilin gögn fylgi þeim. Sjá nánar í almennum reglum um úthlutun íbúðarhúsalóða í Reykjavík.

## > Slóvenarnir of dýrir fyrir ÍA

Ekkert verður úr því að slóvenska tríóið sem koma átti til ÍA á reynslu komi hingað til lands. Gísli Gíslason, formaður rekstrarfélags meistaraflokks ÍA, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að leikmennirnir voru einfaldlega of dýrir fyrir Skagamenn. Launakröfur þeirra væru óraunhæfar og því kæmi ekki til greina að þeir kæmu. Gísli sagði jafnframt að leit að nýjum leikmönnum væri þegar hafin og vonaðist hann eftir því að boða leikmenn til reynslu fyrr en síðar.



# sport

sport@frettabladid.is

JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON: ÚTI Í KULDANUM HJÁ EYJÓLFI SVERRISSYNI LANDSLIÐSÞJÁLFARA

# *Ég virði ákvörðun landsliðsþjálfarans*

Það var margt í landsliðsvali Eyjólfs Sverrissonar landsliðsþjálfara sem vakti athygli. Meðal annars valdi Eyjólfur fjóra nýliða í hópinn og gekk framhjá reynsluboltum á borð við Indriða Sigurðsson og Jóhannes Karl Guðjónsson sem hafa verið fastamenn á undanförnum árum og eru ekki beint að renna út á tíma heldur á fínum aldri sem knattspyrnumenn.

Sitt sýnist hverjum um þessar ákvarðanir landsliðsþjálfarans úr Skagafirðinum en Jóhannes Karl tekur ákvörðun Eyjólfs með jafnaðargeði og lætur hana ekki raska ró sinni.

„Ég ætlaði að vera með í þessum leikjum en Eyjólfur ákvað að gefa mér frí. Ég verð bara að taka því og er þar með farinn í sumarfrí," sagði Jóhannes Karl en Eyjólfur hringdi í hann og tilkynnti honum ákvörðun sína. „Ég sagði á móti að ég væri þá bara klár í næsta verkefni ef hann þyrfti á mér að halda. Ég gekk ekkert á eftir svörum um af hverju hann væri að gefa mér frí heldur virti bara hans ákvörðun. Ég hélt að hann hefði ekki fyrir mig í þessi verkefni en Eyjólfur virðist ætla að prófa einhverja nýja leikmenn. "



Jóhannes Karl kom til Íslands á dögunum og heldur sér í formi þessa dagana með því að æfa með ÍA, sem faðir hans, Guðjón Þórðarson, stýrir og fjöldi bræðra hans spilar með. ÍA reyndi hvað það gat að fá Jóhannes að láni frá Burnley en það gekk ekki eftir þó svo Jóhannes Karl hefði verið tilbúinn að hjálpa Skagamönnum í þeim ólgusjó sem þeir svamla í þessa dagana.

Jóhannes er ekki af baki dottinn þó svo að hann hafi ekki hlotið náð fyrir augum landsliðsþjálfarans að þessu sinni. „Ég tel mig fyllilega eiga erindi í landsliðið en Eyjólfur þarf ekki á mínum kröftum að halda núna og það verður bara að vera þannig. Auðvitað er ég samt pínu fúll enda finnst mér gaman að spila með landsliðinu og vil vera með í hverju verkefni."



**EIN AF 52** Fylkismaðurinn Valur Fannar Gíslason brýtur hér á Baldri Aðalsteinssyni úr Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsbankadeild karla:

## Grófasta byrjun liðs síðan 2000

**FÓTBOLTI** Fylkismenn hafa fengið dæmdar á sig 52 aukaspyrnur í fyrstu tveimur umferðum Landsbankadeildar karla. Ekkert lið hefur brotið oftar af sér í fyrstu tveimur umferðunum frá því að tölfræði yfir aukaspyrnur var fyrst tekin saman sumarið 2000.

Fylkismenn fengu á sig 28 aukaspyrnur í 1-0 sigri á Blikum í 1. umferð og brutu síðan 24 sinnum af sér í 1-2 tapi fyrir Valsmönnum í 2. umferð.

Það sem vekur einnig mikla athygli er að Fylkismenn hafa aðeins fengið 19 aukaspyrnur sjálfir í þessum tveimur leikjum, eða 33 færri en mótherjar þeirra. - óój

# Ristarbrotinn Bjarni Ólafur fer í Val

**Bjarni Ólafur Eiríksson er ristarbrotinn og gengur um á hækjum þessa dagana. Hann mun samt sem áður skrifa undir fjögurra ára samning við sitt gamla félag Val en er hættur að hugsa um atvinnumennskuna.**

**FÓTBOLTI** Bjarni Ólafur Eiríksson mun semja við Val til fjögurra ára þegar hann hefur náð samkomulagi við félagið um samning sinn. Bjarni fékk þau slæmu tíðindi í gær að hann væri ristarbrotinn en hann gat ekki spilað með Silkeborg í síðustu leikjunum á tímabilinu sem enn er reyndar ekki lokið.

„Það er ekki búið að ganga frá neinu en við erum að nálgast samkomulag," sagði Bjarni, sem vildi ekki segja hvort hann væri að hækka eða lækka í launum við að ganga í raðir Vals. „Ég er nokkuð sáttur með samninginn," sagði Bjarni, sem fer væntanlega í aðgerð í dag.

„Ég get ekki stigið í löppina núna og eftir aðgerðina verð ég í gifsi í um fjórar vikur. Það verða því líklega fjórar til sex vikur áður en ég get nokkuð farið að æfa," sagði Bjarni, sem var í óða önn að vinna í því að fá leyfi til að fara í aðgerð frá Silkeborg, sem hann er enn samningsbundinn til eins árs. Bjarni var ekki viss hvað gerðist næst en Ótthar Edvardsson, framkvæmdarstjóri Vals, sagði að meiðslin breyttu engu og gengið yrði frá samningum fljótlega.

Hinn 25 ára gamli vinstri bakvörður segir alls óvíst að hann reyni fyrir sér í atvinnumennskunni aftur eftir misjafna tíma hjá Silkeborg. Félaginu gekk afleitlega á tímabilinu og er fallið niður í 1. deildina.



**KOMINN Á HEIMASLÓÐIR** Bjarni Ólafur Eiríksson mun spila með sínu gamla félagi, Val, í sumar. Hann gerir langan samning við félagið.

„Ég er ekkert að hugsa um að leika erlendis núna. Ég vil einfaldlega bara koma heim og spila fótbolta til að reyna að hafa gaman af þessu aftur, þetta var mjög erfiður tími þarna úti. Gengi liðsins er búið að vera skelfilegt og það er ekkert víst að ég fari aftur út þó svo að það bjóðist," sagði Bjarni.

KR sýndi Bjarna áhuga auk Valsmanna en leikmaðurinn segir að hann hafi ekki velt því lengi fyrir sér að halda í Vesturbæinn þrátt fyrir að hann hafi gefið það út fyrir nokkru að það yrði ekki sjálfgefið að hann spilaði með Val kæmi hann heim. „Valshjartað spilaði auðvitað mikið inn í. Síðan líst mér líka vel á allt í kringum Val, þjálfarann, leikmannahópinn, stjórnina og umgjörðina auk þess sem aðstaðan er að verða frábær. Ég skoðaði það ekki mikið að ganga til liðs við KR en þó eitthvað. Þetta var samt sem áður tiltölulega auðveld ákvörðun fyrir mig."

Ótthar sagði við Fréttablaðið í gær að kaupverðið á Bjarna væri trúnaðarmál en það væri þó fjarri því að vera sex milljónir króna eins og haldið hefur verið fram. „Sex milljónir eru fjarri lagi en þetta er hagstæður samningur fyrir báða aðila, annars værum við ekki að standa í þessu og Silkeborg er búið að samþykkja tilboðið," sagði Ótthar.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, fagnar endurkomu Bjarna í Val en hann hefur notað Rene Carlsen í uppháldsstöðu Bjarna, vinstri bakvarðarstöðunni. „Það er alltaf hægt að nota góða menn," sagði Willum.

„Tíminn verður að leiða í ljós hvar við notum hann en Bjarni er geysilega fjölhæfur leikmaður og kemur auðvitað til með að styrkja okkur hóp mikið. Auk þess á Bjarni heima í Val," sagði Willum, sáttur við framgang mála.

hjalti@frettabladid.is


# Opna Mapei golfmótið

**Verður haldið í Öndverðarnesi laugardaginn 26. maí**

Glæsileg verðlaun, keppt er í einum flokki og verðlaun veitt fyrir 5 efstu sætin.
Nándarverðlaun á öllum par 3 holum.
Dregið verður úr skorkortum viðstaddra í mótslok.

Þátttökugjald: **3.500** kr.
Skráning: golf.is og í síma: **482 3380**



MAPEI®




**SPJALD Á LEIÐINNI** Bjarni Guðjónsson fékk tvö gul spjöld í síðasta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsbankadeild karla:

## Skagamenn að spila of fast?

**FÓTBOLTI** Skagamenn hafa ekki byrjað vel í Landsbankadeild karla í sumar og eru stigalausir og neðstir eftir fyrstu tvær umferðirnar.

Það hefur ekki hjálpað til að liðið hefur þurft að spila manni færri í 88 mínútur, missti mann út á 24. mínútu í fyrsta leiknum og svo aftur á 68. mínútu í annarri umferð.

Þegar tölfræði yfir spjöld og aukaspyrnur er skoðuð kemur í ljós að það er mikill munur á því hversu mörg brot eru á bak við hvert spjald. Skagamenn, sem hafa fengið 8 spjöld (6 gul og 2 rauð), hafa brotið 31 sinni af sér og fá því spjald fyrir tæplega fjórðu hverja aukaspyrnu.

Það er allt önnur saga hjá Valsmönnum sem hafa brotið 34 sinnum af sér en aðeins fengið að líta eitt gult spjald. - óój

# FRÁBÆR TILBOÐ

FRÁ 2.618 KR Á MÁNUÐI

## ACER ASPIRE 5612ZWLMi INTEL CORE DUO

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.6Ghz Core Duo T2060 Intel 945PM Express - 1MB |
| Minni | 1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið |
| Harður diskur | 80GB Ultra ATA 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | DVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 224MB Intel GMA950 Skjákortið nýtir DDR minni tölvunnar |
| Hátalarar | High Definition hljóðkerfi Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | 10/100 base netkort Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium Öruggara og öflugra |
| Annað | Hugbúnaður sem fylgir Norton vírusvörn, CyberLink og fleira |

**INTEL CORE DUO** Core Duo er með tvo örgjörva fyrir meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu

**15,4" CRYSTALBRITE** 15,4" Widescreen WXGA skjár með CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**DVD ± SKRIFARI** Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**INTEL GMA950** Intel GMA950 skjákortið með allt að 224MB samnýtingu á minni tölvunnar. Windows Vista samhæft

**WINDOWS VISTA** Tölvan er uppsett með Windows Vista Basic ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

**TENGI 5612ZWLMi** Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, VGA, hljóð inn/út, 10/100 netkort, Type II PC Card o.fl

**VERÐ 89.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

## SÚPERTURN 7

FRÁ 2.036 KR Á MÁNUÐI

COOLER MASTER

2.13GHz Intel Core 2 Duo E6420 örgjörvi með 4MB flýtiminni
1GB DDR2 667MHz minni • 320GB WD SATA2 harður diskur
256MB MSI Geforce8 NX8500GT viftulaust PCI-Ex 16x skjákort
Gigabit netkort • SATA og ATA diskstýringar og margt fleira

**VERÐ 69.900**

## 500GB HÝSING

FRÁ 580 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

WD Western Digital

500GB My Book er flott svört hýsing frá Western Digital, sem kveikir og slekkur á sér um leið og tölvan. Geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 19.900**

## 22" ACER SKJÁR

FRÁ 1.075 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

22" Acer AL2216WSD LCD breiðtjaldsskjár 1680x1050 • 700:1 í skerpu, 5ms viðbragðstími • VGA/DVI tengi • silfurlitur

**VERÐ 36.900**

## MSI 8600GTS

Nýtt frá MSI, viftulaust GeForce8 NX8600GTS skjákort. 256MB DDR3. PCI-Ex 16x, Dual DVI, styður DirectX 10

**VERÐ 26.900**

## HARÐUR DISKUR

ÁBYRGÐ 5 ár

500GB

WD Western Digital

500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer

**VERÐ 14.900**

## CANNON iP4300

Canon

Canon iP4300 er 5 hylkja ljósmynda-prentari með Cromalife 100 tækni og 9600x2400 punkta upplausn

**VERÐ 12.900**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 50stk spindill 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R | 25stk spindill 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R | 10stk Slim Jewel 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R | 10stk spindill 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R | Memorex 25stk 700MB 52x CD-R í spindli | 10stk Slim Jewel 700MB CD-R diskar í Jewel Case | 5stk Slim Jewel 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R | 10stk spindill 700MB CD-R diskar í spindli |
| VERÐ 4.790 | VERÐ 2.490 | VERÐ 1.290 | VERÐ 990 | VERÐ 990 | VERÐ 790 | VERÐ 790 | VERÐ 490 |

# TÖLVULISTINN

Nóatúni 17 Reykjavík. ☎ 414 1700
Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 414 1730
Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 414 1740
Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. ☎ 414 1735



**EGGERT** Mun líklega gera margar breytingar á leikmannahópi West Ham í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eggert Magnússon:

## Að vekja hinn sofandi risa

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon er sannfærður um að hann nái að gera West Ham að stórveldi í ensku knattspyrnunni áður en langt um líður. Eggert, sem er eigandi og stjórnarformaður félagsins, gefur sér eitt eða tvö ár til að vekja hinn sofandi risa sem bjargaði sér á ævintýralegan hátt frá falli úr deildinni.

„West Ham er sofandi risi og ég vil vekja þann risa hægt en örugglega. Á næstu einu eða tveimur árum vil ég afreka eitthvað virkilega jákvætt á Upton Park," sagði Eggert sem er þegar farinn að undirbúa uppstokkun á liðinu fyrir næstu leiktíð. - hþh

Formaður KR-Sports:

## Dalibor mátti fara á Skagann

**FÓTBOLTI Jónas Kristinsson, formaður KR-Sports, sagði við Fréttablaðið í gær að það væri ekki rétt sem Gísli Gíslason, formaður rekstrarstjórnar ÍA, sagði í blaðinu fyrir nokkrum dögum. Þá sagði Gísli að KR hefði ekki viljað leyfa Dalibor Pauletic, leikmanni liðsins, að semja við ÍA.**

**„Hann bara vildi ekki fara upp á Skaga. Hann vildi fara heim til sín, til Króatíu," sagði Jónas. „Það er hið sanna í málinu."** - esá



**GÓÐUR** Jón Arnór Stefánsson stóð sig vel gegn gömlu félögum sínum í Napoli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ítalski körfuboltinn:

## Jón Arnór inn í undanúrslitin

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson átti góðan leik þegar Lottomatica Roma tryggði sér sæti í undanúrslitum úrslitakeppni ítalska körfuboltans með 83-58 sigri á Eldo Napoli, en með því spilaði Jón Arnór einmitt í fyrra.

Jón Arnór var með 12 stig, 3 fráköst og 2 stoðsendingar á 20 mínútum og hitti úr 4 af 7 skotum sínum. Lottomatica Roma vann alla þrjá leiki einvígisins.

Lottomatica Roma mætir Montepaschi Siena í næstu umferð en Montepaschi-liðið vann deildina með yfirburðum. - óój

Norska úrvalsdeildin:

## Jóhannes Þór í byrjunarliðið?

**FÓTBOLTI Líklegt er að Jóhannes Þór Harðarson verði í byrjunarliði Start sem mætir Strömsgodset í norsku úrvalsdeildinni á morgun. Þessu heldur staðarblaðið í Kristjánssandi, Fædrelandsvennen, fram.**

**Ef rétt reynist verður það í fyrsta sinn í rúmt ár sem hann verður í byrjunarliði Start en Jóhannes Þór hefur átt við erfið meiðsli að stríða.** - esá



**HETJAN** Filippo Inzaghi skoraði bæði mörk AC Milan í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY



**Í SÁRUM** Steven Gerrard var skiljanlega svekktur í leikslok. NORDIC PHOTOS/GETTY

# AC Milan náði fram hefndum í Aþenu

**AC Milan er Evrópumeistari í knattspyrnu eftir sigur á Liverpool í úrslitum, 2-1. Þar með hefndi liðið ófaranna frá úrslitaleiknum fyrir tveimur árum þegar Liverpool bar sigur úr býtum í vítaspyrnukeppni.**

**FÓTBOLTI** AC Milan frá Ítalíu er Evrópumeistari eftir að hafa borið sigurorð af Liverpool, 2-1, í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu sem fór fram í Aþenu í gær. Filippo Inzaghi skoraði bæði mörk Milan en Dirk Kuyt minnkaði muninn fyrir Liverpool skömmu fyrir leikslok. Um tíma leit út fyrir að Liverpool gæti endurtekið leikinn frá Istanbúl fyrir tveimur árum er liðið lenti 3-0 undir gegn AC Milan en náði að jafna metin og knýja fram framlengingu. Ekkert slíkt var þó uppi á teningnum í gær og náðu leikmenn AC Milan því að hefna ófaranna frá Istanbúl.

Liverpool var betri aðilinn í fyrri hálfleik en fékk svo kalda vatnsgusu í andlitið er Inzaghi kom Milan yfir. Hann fékk þá boltann í sig eftir aukaspyrnu Andrea Pirlo sem ruglaði Pepe Reina markvörð í ríminu og inn fór boltinn.

Boltinn fór reyndar af hendi Inzaghi en markið stóð engu að síður.

Liverpool átti eftir að naga sig í handarbökin að hafa ekki nýtt eitthvað af færunum sínum í fyrri hálfleik en kannski helst færið sem Steven Gerrard fékk í seinni hálfleik. Hann náði þá að prjóna sig í gegnum vörn Ítalanna en fór illa að ráði sínu gegn Dida, markverði Milan.

Eftir því sem Liverpool freistaði þess að skora jöfnunarmarkið tókst Milan að komast tveimur mörkum yfir. Kaka gaf laglega stungusendingu á milli varnarmanna Liverpool og Inzaghi tímasetti hlaup sitt hárrétt. Hann lék á Reina með einni snertingu og náði að renna boltanum í markið.

Tíminn var að renna út þegar Kuyt skoraði jöfnunarmarkið með skalla af stuttu færi. Daniel Agger hafði þá skallað boltann áfram eftir hornspyrnu Jermaine Pennant.

En það var of seint. Liverpool tókst ekki að leika sama leikinn og í Aþenu og fyrirliði Milan, Paolo Maldini, lyfti bikarnum góða í leikslok. Þetta var fimmti Evrópumeistaratitill Maldini og hans áttundi úrslitaleikur í Evrópukeppni.

Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, boðaði betri tíð fyrir sína menn. „Við getum verið stoltir af okkur. Við lögðum mikið á okkur til að komast í úrslitaleikinn og ég veit að við munum spila í öðrum slíkum aftur," sagði Gerrard. „Nú verðum við að taka okkur saman í andlitinu, hvíla okkur vel í sumar og kýla svo aftur á það næsta tímabil. Við ætlum okkur mikið, það er óumflýjanlegt."

Hann óskaði einnig AC Milan til hamingju. „Þeir eiga hól skilið. Þeir unnu og áttu það kannski skilið líka." eirikur@frettabladid.is



**ÞJÁLFARINN** Carlo Ancelotti og bikarinn góði fá tolleringu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Clarence Seedorf í sögubækurnar:

## Unnum fyrir sigrinum

**FÓTBOLTI** Clarence Seedorf, leikmaður AC Milan, sagði að vinnusemi sinna manna hafi verið lykillinn að sigri liðsins gegn Liverpool í gær. „Þetta var ekki besti knattspyrnuleikur í heimi. Við vorum þéttir fyrir og vissum að við máttum ekki gera nein mistök. Vinnusemi okkar gerði það að verkum að við unnum. Ég er afar stoltur að vera hluti af þessu liði," sagði Seedorf.

Hann varð í gær fyrsti maðurinn til að vinna Meistaradeild Evrópu í fjórða skiptið á ferlinum. Fyrst með Ajax árið 1995. Svo með Real Madrid þremur árum síðar og tvívegis með AC Milan (2003 og 2007).

Markahetjan Filippo Inzaghi var vitanlega kátur. „Maður gleymir aldrei kvöldstund sem þessari. Ég hef skorað nokkrum sinnum í Evrópukeppninni en að skora í úrslitaleiknum er mjög sérstakt." - esá

Rúnar Kristinsson æfði með KR-ingum í gær:

## Tilfinningin er góð

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson mætti á sína fyrstu æfingu hjá KR í gær og verður í leikmannahópi liðsins sem mætir Val á Laugardalsvelli í kvöld.

Hann lék í stöðu afturliggjandi miðjumanns á æfingunni í gær en búast má fastlega við því að hann komi við sögu í leiknum í kvöld.



**MEÐ ÞJÁLFARANUM** Rúnar Kristinsson ræðir málin við Teit Þórðarson, þjálfara KR, á æfingunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er glaður og feginn því að ég náði þessari æfingu," sagði Rúnar við Fréttablaðið í gær en hann kom til landsins fyrr um daginn. „Tilfinningin er góð og ég er mjög sáttur."

Síðustu dagar hafa verið viðburðaríkir hjá Rúnari en á laugardaginn lék hann kveðjuleik sinn með Lokeren í belgísku úrvalsdeildinni.

„Það er búið að vera smá stress í kringum þetta allt saman. Ég er nýbúinn að klára eitt ævintýri og er að byrja hér á nýju. Það er vonandi að ég verði heill heilsu og nái að sýna mitt besta."

Í leiknum á laugardaginn fékk hann högg á lærið undir lok leiksins. „Ég fékk smá krampaeinkenni en það lítur allt vel út í dag. Ég reikna með að verða fínn á morgun. Ég væri annars ekki í hópnum nema að ég væri fyllilega tilbúinn til að taka þátt í leiknum."

Rúnar fékk úthlutað númerinu 12 hjá KR en hann hefur hingað til yfirleitt verið númer 6 og 10 hjá sínum liðum. „Blessaður vertu, þetta skiptir mig engu máli. Ég er bara ánægður með það númer sem mér er úthlutað," sagði hann. - esá



**KOMINN HEIM** Rúnar Kristinsson gengur hér inn á aðalvöll KR þar sem liðið æfði í gær. Hann fékk númerið 12 eins og sést. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VERTU VELKOMINN** Félagar Rúnars í KR bjóða hann velkominn á fyrstu æfinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

WWW.SVAR.IS

# acer FARTÖLVUR

## ÞÆR ERU KOMNAR AFTUR!

3 ÁRA ÁBYRGÐ




## Acer ASPIRE 3693

- Intel Celeron M 1.73Ghz örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- 15.4" CrystalBrite bjartur og góður skjár
- Innbyggð vefmyndavél
- Intel GMA 950 skjákort allt að 224MB
- Microsoft Vista Home Basic
- 3 ára ábyrgð

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Windows Vista

TILBOÐ: **69.900-**




## Acer ASPIRE 5103WLMi

- AMD Turion X2 TL-52 tveggja kjarna örgjörvi
- 1024MB DDR2 hraðvirkt vinnsluminni
- 120GB SATA harður diskur
- CD og DVD skrifari
- 15.4" breiðtjaldsskjár- CrystalBrite tækni
- Innbyggð Acer OrbiCam vefmyndavél
- ATi Radeon X1100 128MB skjákort
- Windows Vista Home Premium

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Windows Vista

TILBOÐ: **89.900-**

Ein vinsælasta fartölvan frá Acer á ótrúlegu tilboðsverði. Nýjasta kynslóð tveggja kjarna örgjörva, hraðvirkt vinnsluminni og nægt geymslupláss ásamt vefmyndavél er aðeins hluti af því sem þessi fartölva hefur að geyma!



25% Afslattur!

### TecAir 3706

Fartölvubakpoki

**5.900-**



250GB

### MyBook

Utanáliggjandi HD

**17.900-**



### Logitech X-210

Hátalarasett, 2.1

**5.900-**

svar) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

**KATIE HOLMES**
Katie fæddist tveimur mánuðum fyrir tímann og segja foreldrarnir að sterkur persónuleiki leikkonunnar stafi af því. Á unglingsárum sat Katie fyrir en þegar hún var sautján ára fór hún til Los Angeles og fékk hlutverk í myndinni The Ice Storm eftir fyrsta áheyrnarpróf sitt. Katie leikur í myndinni First Daughter kl. 16.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON SÁ GEIR HLAUPA, EN EKKI NÓGU LANGT

# *Ekki spara að spyrja, og þó*

Kastljós er líklega besti magasínþáttur landsins en helsti plagsiðurinn þar á bæ er að innslögin eru mörg hver allt of löng. Það átti til dæmis við um sannkallað maraþonviðtal við Gunnlaug Júlíusson laaaaanghlaupara á mánudag. Hefði viðtalið verið lengra hefði spyrilllinn sennilega bókstaflega byrjað að rekja úr honum garnirnar. „Maður verður nú bara þreyttur af því að hlusta á hann," sagði enda Þórhallur Gunnarsson ritstjóri að viðtalinu loknu.

Ekki styttri var umfjöllun í sama þætti um mann sem hefur yndi af því að láta reka króka í gegnum húð sína og hífa sig upp. Þetta innslag var dálítið úr takt við vandaðan fréttaskýringa- og mannlífsþátt; var meira í ætt við þáttinn Eurotrash, sem sýndur var á Stöð tvö um árið, þar sem Jean Paul Gaultier og Antoine de Caunes höfðu upp á alls kyns skrýtnum skrúfum, til dæmis málara sem málaði myndir úr eigin saur. Kannski verður hann í Kastljósi í næstu viku.



Bæði Sjónvarpið og Stöð tvö rufu útsendingu sína á þriðjudag til að sýna beint frá því þegar tilkynnt var hverjir yrðu ráðherrar. Ég horfði á Geir Haarde upplýsa um sína menn Stöðvar tvö megin. Allt var þetta hið kauðslegasta. Um leið og Geir hafði lokið máli sínu byrjuðu fréttamenn að spyrja. Geir kvaðst ekki ætla svara fleiri spurningum og skundaði á braut. Reyndar tók hann aðeins um tíu skref og því lítið mál fyrir fréttamenn að arka á eftir honum og spyrja hann spjörunum úr. Af hverju fór hann ekki inn á skrifstofu fyrst hann vildi ekki svara spurningum, í stað þess að byrja að þamba vatn frammi á gangi?

Ekki spara að spyrja, söng Vilhjálmur Vilhjálmsson en fréttamenn mættu þó hafa í huga að stundum er ekki nauðsynlegt að spyrja út í hið óendanlega þegar þeir hafa ekkert sérstakt að spyrja um. Á þriðjudagskvöld stóð til dæmis öllum sem heima sátu á sama um klukkan hvað fyrsti ríkisstjórnarfundur yrð. Enda var ekki búið að ákveða það.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** Valur - KR SÝN



▶ **20.05** Meistarinn STÖÐ 2



▶ **21.00** My Name Is Earl SIRKUS



▶ **22.55** Dagrenning SJÓNVARPIÐ



▶ **23.25** Jay Leno SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Formúlukvöld** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (3:32)
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (11:13)
**18.40 Robin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Fjölbrautaskólinn** (5:8)
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicollette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 14-2** Fótboltaþáttur þar sem sýnt er úr leikjum í Landsbankadeild karla og kvenna.
▶**22.55 Dagrenning** (1:13) (Day Break) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Meðal leikenda eru Taye Diggs, Meta Golding, Moon Bloodgood, Victoria Pratt, Ramon Rodriguez og Adam Baldwin. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Lífsháski** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.25 Kastljós**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Missing**
**08.00 The Commitments** (e)
**10.00 First Daughter**
**12.00 Miss Congeniality 2: Armed and**
**14.00 The Commitments** (e)
**16.00 First Daughter**
**18.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**20.00 Missing** Átakanleg bandarísk kvikmynd sem tilnefnd var til 4 Óskarsverðlauna. Bönnuð börnum.
**22.00 Courage under Fire** (e)
**00.00 Trauma**
**02.00 Darkwolf**
**04.00 Courage under Fire** (e)

## STÖÐ 2

**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.35 Tasmanía**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.05 Wife Swap** (4:7)
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (55:114)
**10.10 Numbers** (17:24)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.30 Man´s Work** (15:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (3:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (4:114)
**14.45 Two and a Half Men** (6:24)
**15.25 Búbbarnir** (2:21)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.15 Batman**
**16.40 Töfravagninn**
**17.05 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.15 Fífí**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (6:22) (e)
▶**20.05 Meistarinn** (15:15) Úrslitaþáttur Meistarans er þátturinn sem beðið hefur verið eftir í allan vetur. Tveir keppendur takast á um titilinn og fimm miljóna króna verðlaunafé. 2007.
**20.55 Standoff** (11:18)
**21.40 Bones** (4:22) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
**22.25 Hotel Babylon** Önnur þáttaröð þessara bresku sjónvarpsþátta sem eru í anda Footballers Wives.
**23.20 American Idol** (38:41)
**00.05 American Idol** (39:41)
**00.50 Little Nikita**
**02.25 Medium** (15:22)
**03.05 Hustle** (6:6)
**04.00 Motives**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 Beach Girls** (4:6) Sumarið 1985 eru þrjár táningsstelpur samankomnar á strönd þar sem þær sverja þess eið um að verða vinkonur að eilífu. En tímarnir eru breyttir. Rúmum tveimur áratugum síðar er líf einnar í molum, önnur á við drykkjuvandamál að stríða og sú þriðja er nýlátin í hörmulegu slysi. En nú mun fortíðin rifjast aftur upp þegar Nell, dóttir hinnar nýlátnu, snýr aftur á ströndina ásamt föður sínum til að fá upplýsingar um æsku móður sinnar. Það er hjartaknúsarinn Rob Lowe sem leikur ekkjumanninn í þáttunum sem eru byggðir á samnefndri metsölubók Luanne Rice.
▶**21.00 My Name Is Earl** (14:23) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
**21.30 Bestu Strákarnir** (4:50) Á meðan á leitinni að arftökum Strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.
**22.00 Strictly Confidential** (6:6) Ný bresk smásería í anda Footballers' Wives og Hótel Babýlon um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamálþ ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða þegar heim er komið.
**22.50 Medium** (15:22) Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum.
**23.35 Young Blades** (3:13) (e)
**00.25 Supernatural** (15:22) (e)
**01.15 Entertainment Tonight** (e)
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Leiðin að titlinum** (e)
**14.45 Vörutorg**
**15.45 On the Lot** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Game tíví**
**20.00 Leiðin að titlinum** Ungfrú Ísland 2007 verður valin annað kvöld. Nú fá áhorfendur að kynnast stúlkunum betur í sérstökum þáttum sem sýndir verða í beinni útsendingu úr myndveri SkjásEins.
**20.30 Malcolm in the Middle** (17:22) Bandarísk gamansería um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans.
**21.00 Will & Grace** (13:23) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen.
**21.30 Still Standing** (22:23) Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú.
**22.00 House** (20:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur.
▶**23.15 Jay Leno**
**00.05 C.S.I.** (e)
**00.55 Stargate SG-1** (e)
**01.45 Beverly Hills 90210** (e)
**02.30 Melrose Place** (e)
**03.15 Leiðin að titlinum** (e)
**03.45 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Mörk tímabilsins 2004 - 2005**(e)
**19.00 Mörk tímabilsins 2005 - 2006** (e)
**20.00 Mörk tímabilsins 2006 -2007** (e)
**21.00 Turninn í Charlton** (e) Hver er Hermann Hreiðarsson?
**21.30 Strákarnir í Reading** (e)
**22.10 Eggert á Upton Park** (e)
**23.00 Þrumuskot** (e)
**00.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20.05**

### ÚRSLITAÞÁTTUR MEISTARANS





Í kvöld er æsispennandi úrslitakeppni í Meistaranum en þá mætast þeir Magnús Þorlákur Lúðvíksson og Pálmi Óskarsson. Sigurvegarinn fær 5 milljónir í beinhörðum peningum og nafnbótina Meistarinn. Magnús Þorlákur er yngsti keppandinn frá upphafi en hann var í sigurliði MR í Gettu betur 2007. Pálmi Óskarsson á einnig að baki glæstan Gettu betur-feril en hann er tvöfaldur sigurvegari keppninnar. Þeir hafa báðir staðið sig frábærlega í keppninni hingað til og því öruggt að þetta verður hörkubardagi í kvöld. Þetta er þátturinn sem beðið hefur verið eftir.

**▶ Við mælum með**

**GAME TÍVÍ**

**Skjár einn kl. 19.30**

Í kvöld bregða bræðurnir fyrir sig betri fætinum og prófa bogfimi, líkt og Link gerir í nýja Zelda-leiknum. Einnig verður viðtal við framleiðendur Enemy Territory Quake Wars sýnt og leikirnir Hotel Dusk: Room 215 og hinn gamli góði Sam & Max dæmdir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir 1
**2.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Laumuspil
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Listahátíð í Reykjavík 2007
**21.30** Smásaga: Krá á Jótlandi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Herjólfur er hættur að elska
**23.20** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir stöðu mála í Meistaradeild Evrópu.

**07.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)

**07.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)

**08.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)

**17.05 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**17.35 Meistaradeild Evrópu** (AC Milan - Liverpool)

**19.25 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)

**19.45 Landsbankadeildin 2007** (Valur - KR)

**22.00 Landsbankamörkin 2007**

**22.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (Bell South Classic)

**23.25 Kaupþings mótaröðin 2007**

**00.25 Landsbankadeildin 2007** (Valur - KR)

**02.15 Landsbankamörkin 2007**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Hvad er det værd **7.00** Grønne glæder **7.30** Nyheder fra Grønland **8.00** Det godes magt **8.30** Græsrødder **9.00** DR-Derude på Hjelm **9.30** Dyre-Internatet **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Ud i naturen **11.00** Mig og min alder **11.25** Aftenshowet **12.20** Iværksætterne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Daffy i Mexico **14.35** Frikvarter **15.00** Barda **15.30** Fandango med Chapper og Sebastian **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hold masken **18.30** Hjerterum **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Forelsket i en fremmed **20.50** Tana **22.20** Musikprogrammet **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Fredagsbio **5.40** Boblins **5.50** Nasse **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Sport Jukeboks **7.40** Mat med Niklas **8.10** Forbrukerinspektørene **8.35** Gjensyn med skolen **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Giro d'Italia **14.00** Siste nytt **14.03** Giro d'Italia **15.00** Siste nytt **15.03** Giro d'Italia **15.25** Oddasat - Nyheter på samisk **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Teddy og Oskar **16.05** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sykkelkveld fra Italia **19.40** Skygger **20.30** Smith og Jones: godt og blandet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Den skjønne linje **22.45** MAD TV **5.30** Jukeboks: Country

## SVT 1

**7.30** Lilla löpsedeln **7.45** The New Tomorrow **8.10** Kompissatelliten **8.20** En dag med **8.30** Flaggor **9.10** Mellan raderna **9.15** Mellan raderna **10.00** Rapport **10.05** Argument **13.30** Vädrets makter **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Anslagstavlan **15.15** Karamelli **15.45** Sagoträdet **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.30** Mimmi **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Saras kök **18.30** Små grytor har också öron **19.00** Planet Earth **19.50** Nattsim **20.00** Det heliga kriget **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## MORGUNMATURINN



*„Ég kreisti mér appelsínusafa og fæ mér svo fullt af ferskum ávöxtum í AB-mjólk eða hálfa melónu með.“*

Rósa Birgitta Ísfeld söngkona.

# Myndar McCartney og Dylan

Ljósmyndarinn Baldur Bragason hefur verið valinn til að taka portrett-myndir af verðlaunahöfum Polar Music Prize-verðlaunanna í Svíþjóð sem eru afhent einu sinni á ári.

Auk þess að mynda sigurvegara hvers árs mun Baldur mynda alla þá sem hafa unnið verðlaunin frá árinu 1992, þar á meðal sir Paul McCartney, Bob Dylan, sir Elton John, BB King, Bruce Springsteen og eftirlifandi meðlimi Led Zeppelin.

„Hérna í Svíþjóð er þetta það næsta við Nóbelsverðlaunin. Maður hefur tekið eftir því þegar maður hittir þessa tónlistarmenn hvað það er borin mikil virðing fyrir þessu,“ segir Baldur. „Þetta er í fyrsta skipti sem maður fær virkilegt langtímaverkefni. Ég verð með þetta í höndunum þangað til ég gefst upp eða drepst,“ segir hann og hlær.

Baldur þarf að mynda alla verðlaunahafana vegna bókar sem verður gefin út eftir fjögur ár í tilefni tuttugu ára afmælis verðlaunanna. Reiknar hann með því að flakka um heiminn til að mynda fólkið á heimilum sínum og hlakkar hann vitaskuld mikið til.

Það var Karl Gústaf Svíakonungur sem afhenti verðlaunin sl. mánudagskvöld en í ár hlutu þau bandarísku tónlistarmennirnir Steve Reich og Sonny Rollins. Myndaði Baldur þá vitaskuld í bak og fyrir. Að lokinni afhendingunni var blásið til veislu þar sem Sylvía drottning, Viktoría krónprinsessa og Lilian prinsessa voru á meðal gesta. „Ég hálfskammast mín fyrir það en ég nennti ekki í veisluna. Ég var búinn að gera það sem mig langaði að gera,“ segir Baldur. - fb



**BALDUR BRAGASON** Baldur hefur vakið mikla athygli fyrir myndir sínar. MYND/NANNA ULRIKA MALM



**LÁRÉTT**
**2.** á bíl, **6.** hljóta, **8.** traust, **9.** þakbrún, **11.** bogi, **12.** borgarís, **14.** rákir, **16.** skóli, **17.** fæða, **18.** stansa, **20.** tveir eins, **21.** flokka.
**LÓÐRÉTT**
**1.** ákaflega, **3.** utan, **4.** lítill púki, **5.** blundur, **7.** græðgi, **10.** hallandi, **13.** kæla, **15.** svall, **16.** flinkur, **19.** til.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** húdd, **6.** fá, **8.** trú, **9.** ufs, **11.** ýr, **12.** rekís, **14.** rásir, **16.** fg, **17.** ala, **18.** æja, **20.** ll, **21.** raða. **LÓÐRÉTT: 1.** ofur, **3.** út, **4.** drýsill, **5.** dúr, **7.** áfergja, **10.** ská, **13.** ísa, **15.** rall, **16.** fær, **19.** að.

GUÐJÓN HAFÞÓR: MEÐ STÓR NÖFN Í FYRSTU BÍÓMYND SINNI

# Leikstýrir Roger Moore og David Bowie í nýrri mynd

„Það var eiginlega ekki fyrr en ég fluttist heim að hlutirnir fóru að ganga upp úti eins og ég vildi. Ég hef lengi stefnt að því að leikstýra bíómynd. Jú, þetta er mín fyrsta,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Guðjón Hafþór Ólafsson eða Gus Olafsson eins og hann kallar sig á erlendum vettvangi.

Guðjón Hafþór er nú að búa sig undir að leikstýra ævintýramynd en í henni leika stórstjörnur á borð við Roger Moore og David Bowie. Myndin heitir Cornelius Fly og fjallar um breskan dreng sem missir foreldra sína. Bowie leikur gráðugan náunga sem vill fá forræði yfir drengnum en Moore leikur dómara í myndinni. Myndin fer í tökur 3. september og verður tekin í Toulmne County sem er 150 mílur inn af San Francisco. Einnig verður myndin tekin upp í Hollywood og á Bretlandi.

Að sögn Guðjóns er þetta ekki dýr mynd á Hollywood-mælikvarða, kostnaðaráætlun er ekki fyrirliggjandi en tökukostnaður einn og sér hleypur á 200 milljónum íslenskra króna. Þá eru eftir laun leikara. Fyrirhugað er að frumsýna myndina á næsta ári.

Guðjón segir jafnframt að hugsanlegt sé að Pegasus komi að framleiðslu myndarinnar sem og einhverjir íslendingar til starfa en of snemmt er um það að segja á þessu stigi málsins.

Skemmtilegt er að segja af því hvernig verkefnið er til komið en Guðjón ásamt samstarfsmanni sínum voru að halda handriti að fyrirtæki sem heitir Milk and Honey. „Þar starfar Christian Moore, sonur Rogers. Við vorum að vinna að handritinu saman en þá dettur þessi mynd inn. Christian stakk upp á því að ég myndi leikstýra henni meðan við leituðum fjármagns til gerðar hinnar myndarinnar.“

Roger Moore, sem nú er áttræður, ætlar að leika í myndinni fram-leiðendum að kostnaðarlausu í greiðaskyni við son sinn. Hlutverk Bowies er einnig til komið vegna fjölskyldutengsla. Það að þessar stórstjörnur hafi fallist á að taka að sér hlutverk hefur svo opnað ýmsar dyr. Og Guðjón nefnir tvo leikara til sem munu taka þátt eða þau Karen Grassle sem þekktust er fyrir að hafa leikið Ingalsmömmuna í Húsinu á sléttunni og Bichard Bakalyan. Hann er 76 ára gamall karl og var mikill vinur Sinatra. Hlutverkaskipan er ýmist eldra fólk og svo krakkar og unglingar.

Guðjón Hafþór var lengi vel búsettur úti í Los Angeles, eða í 16 ár. Þar lærði hann innanhússarkitektúr en fór í framhaldi að starfa við leikmyndagerð. Undanfarin tvö ár hefur hann svo verið hér heima og starfað hjá Pegasus kvikmyndagerð. En þá fóru ævintýrin að gerast og hann hefur eiginlega meira verið að störfum utan landsteina en hér heima.

jakob@frettabladid.is



**GUÐJÓN HAFÞÓR ÓLAFSSON** Engar smástjörnur munu leika í fyrstu kvikmynd hans í fullri lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





**MOORE OG BOWIE** Þessar stórstjörnur hafa fallist á að leika í nýrri ævintýramynd í leikstjórn Íslendingsins Gus Olafsson.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nýbúið er að stofna bridge-deild hróksins sem hefur bækistöðvar sínar á Sportbarnum. Anna hvern laugardag í sumar verður haldið brigdemót – það fyrsta næsta laugardag. Forseti Hróksins, **Hrafn Jökulsson**, er meira fyrir svörtu og hvítu reitina en hefur lagt blessun sína yfir tiltækið. Þeir sem hins vegar fara fyrir Bridgedeild Hróksins eru fyrrum félagar af DV, **Friðrik Indriðason** og **Kormákur Bragason**.



**Stefanía Karldóttir,** fyrrum skólastjóri Tækniskólans og bæjarstjóri Árborgar, hefur nú söðlað um. Hún hætti nokkuð snögglega sem bæjarstjóri í kjölfar vendinga í pólitíkinni á Suðurlandi en hefur nú hafið störf hjá Byr. Þar verður hún hjá fyrirtækjadeildinni.



Fíton auglýsingastofa fór á dögunum í fjögurra daga reisu til Washington DC – en það færist mjög í vöxt líkt og kunnugt er – að fyrirtæki sem njóta góðs gengis bjóði starfsfólki sínu til árshátíðar út fyrir landsteina. Var þetta um 60 manna hópur sem lagði land undir fót undir forystu **Þormóðs Jónssonar,** eiganda stofnunar. Einhverjir leiðangursmenn meira að segja náðu því að sjá Bush og Blair á svölum Hvíta hússins. Hópnum innan handar var svo **Baldvin Jónsson**, bróðir Þormóðs, en hann hefur bækistöðvar þar ytra og kemur lambakjötinu á framfæri við Bandaríkjamenn. - jbg







# JPV hittir Sebold og Hosseini í New York

„Auðvitað mun ég reyna í þessum matarboðum að koma því þannig fyrir að þau fái sér flugmiða til Íslands. Ætla að reyna að sjarmera þau. En við skulum ekki minnast á að ég ætli að láta smella í sokkaböndunum,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi hjá JPV.

Um næstu mánaðamót heldur Jóhann til New York þar sem hann mun eiga fund og þiggja matarboð tveggja þeirra höfunda sem vakið hafa mesta athygli á undanförnu ári eða svo fyrir bækur sínar. Annars vegar er um að ræða Khaled Hosseini, höfund Flugdrekahlauparans, og hins vegar Alice Sebold, sem skrifaði Svo fögur bein. Báðar þessar bækur gaf JPV út fyrir um ári og hafa þær notið mikilla vinsælda. Flugdrekahlauparinn er með söluhæstu bókum á Íslandi og hefur nú setið á topp tíu-sölulista í rúmt ár.

„Já, þetta eru miklir frásagnameistarar. Næsta haust mun ég gefa út splunkunýjar bækur eftir þau bæði. Almennt er ég ekkert uppveðraður að snæða með einhverjum höfundum en mér fannst það ómögulegt að þiggja þetta ekki,“ segir Jóhann Páll sem reyndar var á leið til Svíþjóðar um þetta leyti og var búinn að afþakka matarboð Sebold, en þegar Hosseini bauð honum einnig var um að gera að sæta lagi.

Útgefandinn snjalli mun leita allra leiða til að fá höfundana til að heimsækja Ísland og þykist hann hafa staðfestan einlægan áhuga beggja á að sækja landið heim. Hins vegar gæti þetta verið slagur við „agenta“ sem vilja fá þau Hosseini og Sebold til að standa á haus við kynningarstarf vestra í tengslum við þeirra nýju bækur. Sebold er reyndar þekkt fyrir að vera fjölmiðlafælin mjög en engum sögum fer af því hvort höfundur Flugdrekahlauparans er hlédrægur þannig að til vandræða horfi. - jbg



**JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON** Er ekki uppveðraður vegna matarboða með einhverjum höfundum en nú skal látið smella í sokkaböndum.



**HOSSEINI** Hann og Sebold hafa slegið rækilega í gegn með bókum sínum og nú ætlar útgefandinn knái að fá þau til Íslands.


VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA
Landsbankinn
3. UMFERÐ
LANDSBANKADEILD KARLA
fim. 24. maí kl. 19:15 Breiðablik – Keflavík
fim. 24. maí kl. 19:15 ÍA – Fram
fim. 24. maí kl. 19:15 FH – HK
fim. 24. maí kl. 19:15 Víkingur – Fylkir
fim. 24. maí kl. 20:00 Valur – KR
2. UMFERÐ
LANDSBANKADEILD KVENNA
fös. 25. maí kl. 18:15 Þór/KA – Breiðablik
fös. 25. maí kl. 19:15 ÍR – Valur
fös. 25. maí kl. 19:15 KR – Fjölnir
fös. 25. maí kl. 19:15 Stjarnan – Keflavík
Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.
VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA
LANDSBANKADEILDIN
ÍSLENSKA SIA.IS / LBI 37795 05/2007

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
DR. GUNNA

# *Hverfulleikinn á biðstofunni*

Á læknabiðstofum kemur yfir mann nagandi tilfinningin um fallvaltleika lífsins. Ekki það að maður eigi endilega von á slæmum tíðindum hjá lækninum heldur eru það gömlu glansblöðin sem þarna liggja í hrúgum sem minna á þá einföldu staðreynd að það sem skiptir öllu máli í dag skiptir engu máli á morgun. Kannski er það viljandi gert hjá læknum að hafa gömul en ekki ný glansblöð á borðunum, einmitt til að undirbúa sjúklingana og koma þeim í rétt hugarástand. Kannski er auðveldara að segja sjúklingi frá æxli hafi hann nýlokið við að lesa viðtal við Kalla Bjarna sem segist vera í „fangelsi frægðarinnar“. Líklega yrðu tíðindin mun óbærilegri ef sjúklingurinn hefði verið að lesa flunkunýtt viðtal við Jógvan um bjarta framtíð hans í poppinu og yfirþyrmandi kvenhylli.

**TILFINNINGUNNI** er auðvelt að gleyma í dagsins önn en þegar hún glottir framan í mann úr gömlu glansblöðunum er engrar undankomu auðið. Daglegt líf okkar er sem síða í glænýjasta glansblaðinu. Ekki ýkja spennandi síða kannski, meira svona eins og uppfyllingarefni sem fáir nenna að lesa. Okkur finnst núið eilíft, að allt verði alltaf eins og það er. Að hamingjan brosi alltaf við okkur eða við munum endalaust vera sveitt í bælinu að bylta okkur yfir nýjasta vísareikningnum. Svo er ekki. Það kemur alltaf nýr vísareikningur. Nema maður hætti að nota kort. Líklega er auðveldara að hætta á heróíni.

**KRAFAN** um að „lifa lífinu lifandi“ ætti að vera sú sem maður hefur mest á bakvið eyrað. Henni er þó hvergi haldið á lofti nema stundum í auglýsingaherferðum. „Þú átt bara eitt líf – notaðu það!“ stendur með auglýsingu á jeppa. Fulltrúar eilífðarinnar hafa ekki einu sinni fyrir því að mótmæla þessari fullyrðingu, enda kannski ekki hægt að kaupa jeppa á himnum.

**GLANSBLÖÐIN** eru stútfull af hverfulleika lífsins. Sjáið viðtalið við valdamesta mann Íslands: Jón Ólafsson. Árni Þór, prinsinn á Skjá einum er eftirsóttasti piparsveinn landsins. Heitur Teitur – sjarmörinn í Sjáðu á Stöð 2. Fyrir nú utan öll viðtölin við þennan og hinn vongóða listamanninn á „barmi heimsfrægðar“, veiku börnin og andstreymið og hinar árlegu greinar um „vændi á Íslandi“ (pottþétt söluhæsta tölublað ársins). Og ekki má gleyma Andreu Róberts og Friðriki Weisshappel: Ást að eilífu! Í gulnandi eilífð í hrúgunni á biðstofunum.




